HELENA ÓLAFSDÓTTIR

*Hugsar sérstaklega um mataræðið í byrjun árs*

matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




TÓMSTUNDIR OG NÁMSKEIÐ

*Fjórtán ára manga-teiknari*

Sérblað um tómstundir og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. janúar 2008 — 17. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Konur í aðalhlutverkum



Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen stýra nýjum þætti með konum í öllum aðalhlutverkum.

FÓLK 46

### Dale Carnegie-samtökin

Anna Guðrún Steinsen var valin þjálfari ársins í Mexíkó.

TÍMAMÓT 26

### Bjó til minningartreyju



Halldór í Henson gaf eftirlifanda flugslyssins í Munchen 1958 sérstaka gjöf.

ÍÞRÓTTIR 40

SIRKUS

### Láta allt flakka

Það er aldrei lognmolla í kringum Siggu Lund, Svala og Gassa á Zúúber FM 957.




SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMVIÐVÖRUN!** Í kvöld má búast við norðvestan stormi á Norðausturlandi. Í dag verða norðan 5-13 m/s en hvessir NA-til í kvöld. Snjókoma eða él nyrðra annars úrkomulítið og bjart með köflum suðaustan til. Frost 0-10 stig kaldast í kvöld.

VEÐUR 4

# Vinna að því að senda erlenda glæpamenn utan í afplánun

**Dómsmálaráðuneytið kannar möguleika á því að erlendir ríkisborgarar verði sendir til heimalandsins til að afplána refsidóma sem þeir hafa hlotið hér. Verið er að kanna réttarheimildir og réttarstöðu í málinu.**

**DÓMSMÁL** Hafin er vinna innan dómsmálaráðuneytisins við að kanna möguleika á því að senda erlenda ríkisborgara, sem gerst hafa brotlegir við lög hér á landi, til afplánunar í heimalandi sínu. Þetta staðfestir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, við Fréttablaðið. Hann segir enn fremur að kanna þurfi réttarheimildir og réttarstöðu. Þegar niðurstaða liggi fyrir verði hún kynnt.

Á nýliðnu ári luku afplánun eða voru í afplánun í lok árs 35 erlendir ríkisborgarar. Af þeim voru tuttugu ekki búsettir hér á landi og sátu þeir inni fyrir ofbeldisbrot, kynferðisbrot, fíkniefnabrot og auðgunarbrot.

Nú eru til rannsóknarmeðferðar eða á ákærustigi mál allmargra erlendra ríkisborgara, meðal annars vegna gruns um aðild þeirra að nauðgunum, fíkniefnabrotum eða líkamsárásum.

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, segir að langflestum EES-borgurum sem hafi fengið dóma hér til þessa hafi verið vísað úr landi.

„Það gerist meðan á refsivist stendur og þegar menn hafa afplánað helming hennar,“ segir Hildur. „Það fer fram með þeim hætti að þegar komið er að helmingi afplánunarinnar hefur Fangelsismálastofnun samband við Útlendingastofnun og athugar hvort vísa eigi viðkomandi úr landi ef hann fer fram á reynslulausn. Fari menn ekki fram á reynslulausn þá hefst brottvísunarferli þegar líður að því að þeir fara að losna úr fangelsi. Viðkomandi er þá fluttur úr landi nánast beint úr afplánun.

Nú er verið að skoða þann möguleika að færa þetta framar í ferlið þannig að afplánun erlendra refsifanga eigi sér stað í heimalandi.“

Hildur segir að það ferli sem fer í gang þegar senda á refsifanga til heimalands síns taki alltaf einhvern tíma. Ekki sé hægt að hefja það ferli fyrr en dómsniðurstaða liggi fyrir. Þá þurfi meðal annars samþykki heimalandsins þess efnis að það sé tilbúið til að taka við viðkomandi.

„En nú er verið að finna farveginn fyrir þetta,“ segir Hildur. „Það á að láta reyna á það, sem er mjög jákvætt.“ - jss



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HEILL ÞÉR SEXTUGUM!** Sirrý Sigfús spákona er ein þeirra fjölmörgu sem mættu í Ráðhúsið í gær til að fagna með afmælisbarni dagsins – Davíð Oddssyni. Sirrý er einlægur aðdáandi Davíðs og færði honum kristalskúlu sína að gjöf en í henni hefur hún séð fyrir fjölmörg óorðin atvik. Ára Davíðs er að sögn Sirrýjar kraftmikil, gul og falleg. sjá síðu 46

EM í handbolta í gær:

## Hræðilegur sóknarleikur felldi Íslendinga

**HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handbolta steinlá með fimm mörkum gegn Svíum í fyrsta leik sínum á Evrópumótinu í handbolta í Noregi í gær.**

**Ísland lenti mest tíu mörkum undir þegar tíu mínútur voru eftir en skoraði fimm af síðustu sex mörkum leiksins og lagaði stöðuna. Íslenska liðið skoraði aðeins ellefu mörk fyrstu 44 mínúturnar í leiknum.**

**„Sóknarleikurinn var alveg hræðilegur í þessum leik. Síðari hálfleikur var skelfilegur þar sem hvert klúðrið fylgdi á eftir öðru. Þetta eru skelfileg vonbrigði. Nú verðum við að vinna Slóvaka og takist það þá er framundan algjör úrslitaleikur gegn Frökkum, rétt eins og í fyrra,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari, hundsvekktur eftir leikinn í gær.** - óój / hbg

sjá íþróttir síðu 42

Skattrannsóknarstjóri kærir húsleitarheimild til Hæstaréttar:

## Húsleit hjá skattinum einsdæmi

**BAUGSMÁL** Heimild Ríkislögreglustjóra til að framkvæma húsleit hjá Skattrannsóknarstjóra er einsdæmi hér á landi að mati lögspekinga. Héraðsdómur Reykjavíkur veitti Ríkislögreglustjóra húsleitarheimild í síðustu viku, en úrskurðurinn hefur verið kærður til Hæstaréttar.

Átök hafa staðið frá árinu 2006 um heimild Ríkislögreglustjóra til að fá gögn hjá Skattrannsóknarstjóra. Gögnin sem um er deilt tengjast skattamálum Óskars Magnússonar, fyrrverandi stjórnarformanns Baugs. Ríkislögreglustjóri mun halda að sér höndum þar til úrskurður Hæstaréttar liggur fyrir.

Það er líka einsdæmi, yfirleitt er húsleit framkvæmd um leið og heimild héraðsdóms liggur fyrir, segir Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands.

„Það er ekkert í lögunum sem bannar þetta, en ég man ekki eftir öðru sambærilegu tilviki,“ segir Eiríkur. „Mér finnst þetta mjög furðuleg staða sem upp er komin.“ - bj / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Björn, eruð þið að leita hófanna?*

„Já, við leitum örugglega að þeim meðal annars.“

Umfangsmikil leit er gerð að fjórum hrossum í Langanesbyggð sem hafa verið týnd síðan á þrettándanum. Björn Ingimarsson er sveitarstjóri Langanesbyggðar.

Viðskiptaráðherra telur afnám seðilgjalda skipta máli í heimilisbókhaldinu:

# Getur sparað 20 til 50 þúsund á ári

**STJÓRNMÁL** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra telur að sparnaður heimila vegna afnáms seðilgjalda verði á bilinu 20 til 50 þúsund krónur á ári.

Formleg vinna við afnám seðilgjalda hófst í gær þegar fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu funduðu með ráðherra um útfærslu verkefnisins.

Björgvin segir báða aðila hafa tekið vel í áformin og bindur vonir við að afnám seðilgjalda geti gengið hratt fyrir sig.

Í viðskiptaráðuneytinu er einnig unnið að framkvæmd tillögu um að meina bönkum að krefjast uppgreiðslugjalda á lánum með breytilegum vöxtum. Lagabreytingu þarf til og vonast ráðherra til að frumvarp þar að lútandi verði tilbúið á næstu vikum. Jafnframt er unnið að útfærslu á þeim vilja ráðherra að samningsbinda kostnað vegna yfirdráttar og að hann skuli vera í eðlilegum takti við upphæð yfirdráttarins.

Björgvin er sannfærður um að breytingarnar verði neytendum og bönkum til hagsbóta enda beggja hagur að heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku séu skýrar. - bþs



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Formleg vinna við afnám seðilgjalda hófst í gær.

Loftslagsmál í Noregi:

# Sátt um stefnu

**NOREGUR, AP Stjórn og stjórnarandstaða í Noregi hafa komist að málamiðlun um stefnu landsins í loftslagsmálum. Markið er sett á að Noregur verði „kolefnis-hlutlaust“ hagkerfi fyrir árið 2030.**

**Áður höfðu stjórnarflokkarnir – Verkamannaflokkurinn, Miðflokkurinn og Sósíalíski vinstriflokkurinn – sett sér stefnu án stuðnings stjórnarandstöðunnar. Stjórnin sóttist hins vegar eftir þverpólitískri samstöðu um stefnuna til að tryggja langtímastöðugleika hennar.**

**Lykillinn að því að ná markmiðinu um „kolefnishlutleysi“ svo fljótt er að olíuþjóðin Noregur gerist stórtæk í að kaupa losunarkvóta frá þróunarlöndum.** - aa

Þverpólitísk samstaða á þingi:

# Allir vilja loka Guantanamo

**ALÞINGI Þingmenn úr öllum flokkum lýstu sig í gær fylgjandi þingsályktunartillögu um að Alþingi fordæmi mannréttindabrot og hvetji bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo.**

**Katrín Jakobsdóttir er fyrsti flutningsmaður tillögunnar en samflutningsmenn eru aðrir þingmenn VG.**

**Katrín er í fæðingarorlofi og tók því ekki þátt í umræðunum sem, ólíkt því sem gjarnan er, voru án deilna og gagnrýni. T illagan fer í nefnd áður en hún verður tekin til síðari umræðu.** - bþs



**KAUPHALLARMENN RÝNA Í TÖLURNAR** Fjárfestar óttast að samdráttur verði í Bandaríkjunum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Uppgjörshrinan hafin:

# Fjárfestar bíða góðra fregna

**VIÐSKIPTI** Nokkurs taugatitrings gætti á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær, ekki síst eftir dýfu á þriðjudag þegar bandaríski risabankinn Citigroup skilaði inn versta uppgjöri í næstum 200 hundruð ára sögu hans.

Fjárfestar og markaðsaðilar binda vonir við að þegar öll uppgjör hafa skilað sér í hús muni skýrari mynd fást af afleiðingum undirmálslánakreppunnar sem sett hefur skarð í afkomu fjármálafyrirtækja frá miðju síðasta ári. Muni það svo auka tiltrú fjárfesta á hlutabréfamarkaðinn að nýju. - jab / sjá síðu 24

# Heilsugæslan lokar á hundruð skjólstæðinga

**Heilsugæslustöðin í Árbæ hefur sagt hundruðum skjólstæðinga upp þjónustu. Læknir hætti þar og skjólstæðingar hans eru búsettir á öðrum þjónustusvæðum. Ráðningarbann og skuldahalinn um 500 milljónir, segir yfirlæknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæslustöð Árbæjar hefur sent hundruðum skjólstæðinga bréf þar sem þeim er tilkynnt að þeim sé sagt upp þjónustu. Ástæðan er sögð sú að heimilislæknir þeirra sé hættur störfum á stöðinni og þar sem skjólstæðingarnir umræddu eigi lögheimili utan þjónustusvæðis stöðvarinnar í Árbæ sé þeim sagt upp nú. Uppsögnin taki gildi 1. mars næstkomandi. Þetta á einungis við það utansvæðisfólk sem var með umræddan heimilislækni.

Skjólstæðingar sem fengið hafa uppsagnarbréf segja farir sínar ekki sléttar í samtölum við Fréttablaðið. Þeir hafi reynt að fá heimilislækni innan sinna þjónustusvæða en enginn sé laus.

„Mér finnst það ljótt af stjórnvöldum að setja okkur lækna í þessi spor,“ segir Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Hann kveðst hafa verið nauðbeygður til að grípa til þessa „óyndisúrræðis“ þegar einn læknanna á stöðinni færði sig annað.

Hann útskýrir að vegna þess, svo og annarra aðstæðna, hafi þurft að grípa til þess að senda ein 400 uppsagnarbréf til skjólstæðinga. Ekki sé hægt að segja nákvæmlega til um fjölda þeirra sem sagt hefur verið upp, því börn hafi ekki fengið bréf, auk þess sem einhverjir geti verið fluttir inn á svæðið aftur. Þeir síðastnefndu séu beðnir um að hafa samband við heilsugæslustöðina til að færa hlutina aftur í rétt horf.

„Við höfum verið í miklum vandræðum undanfarin misseri uppi í Árbæ, því það er svo stríður straumur af fólki sem flyst inn á okkar svæði, bæði í Norðlingaholt og Grafarholt,“ bætir Gunnar Ingi við. „Þegar umræddur læknir fer annað er ráðningarbann í heilsugæslustöðinni. Staðan er 500 milljónir króna í mínus í rekstri, læknar alltof fáir og allt í hönk.

Ég hef aldrei verið talsmaður þess að segja upp fólki þótt það flytji í burtu og mér finnst það fráleitt. En staðan er einfaldlega svona.“

Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir í tilvikum af þessu tagi um að ræða vinnureglu sem farið sé eftir.

„Ef fólk er á svæðum þar sem það hefur ekki greiðan aðgang að heilsugæslustöð eða telur sig hafa aðrar ástæður til að hverfa ekki frá þessari stöð, þá getur það borið sig upp við yfirlækni hennar eða við okkur hér.“

jss@frettabladid.is




**HEILSUGÆSLAN Í ÁRBÆ** Stöðin ræður ekki við að þjóna hverfinu, að sögn forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hann segir uppsagnargjörninginn ekki stangast á við lög um heilbrigðisþjónustu.



**GUNNAR INGI GUNNARSSON**

> Mér finnst það ljótt af stjórnvöldum að setja okkur lækna í þessi spor.
>
> **GUNNAR INGI GUNNARSSON** YFIRLÆKNIR HEILSUGÆSLUSTÖÐVARINNAR Í ÁRBÆ.

Dagsbrun Media:

# Töpum ekki á Nyhedsavisen

**VIÐSKIPTI** Þórdís Sigurðardóttir, formaður stjórnar Dagsbrun Media, segir Baug og aðra upphaflega fjárfesta í Nyhedsavisen munu fá fé sitt til baka. Þeir hafi alls ekki tapað milljörðum króna á blaðaútgáfunni í Danmörku.



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR**

„Við vissum í upphafi að þetta yrði fjárfrekt verkefni en höfum alltaf trúað að þeir peningar skili sér til baka. Og í dag erum við sannfærð um að það markmið náist á næstu mánuðum,“ segir hún.

Morten Lund, sem kom með nýtt hlutafé inn í Nyhedsavisen og á nú 51 prósent í blaðinu, skrifar á bloggsíðu sinni um kaupin á Nyhedsavisen. Kveðst hann vera afar heppinn maður. - gar

Fíkniefni fundust í heimahúsi:

# Handtóku tvo karla á Þingeyri

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn á fimmtugsaldri voru handteknir á Þingeyri í gærmorgun eftir að lögreglan hafði fundið rúmlega 50 grömm af hassi og áhöld til fíkniefnaneyslu í heimahúsi. Þeir játuðu fyrir að hafa átt efnin en sögðu þau ekki vera til sölu eða dreifingar. Þeim hefur verið sleppt úr haldi.**

**Lögreglan á Vestfjörðum naut aðstoðar lögreglumanns og fíkniefnaleitarhunds frá hundadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við húsleitina sem gerð var eftir að ábendingar fengust um fíkniefnamisferli mannanna beggja.** - jse






Lettneskir listamenn láta á sér kræla í snjóþunganum:

# Risasnjóhestur á Njálsgötu

**MANNLÍF** „Snjóhúsin og snjókarlarnir sem við Íslendingar gerum með hefðbundnum hætti eru alveg ágætir en þetta slær öllu við,“ segir Nanna Úlfsdóttir sem býr við Njálsgötu. Í gær bar þar að líta risastóran og fallegan snjóhest, sem minnti einna helst á veru úr Múmíndalnum.

„Við gætum greinilega lært margt af þessum lettnesku listamönnum sem gerðu þetta,“ bætir hún við.

„Eins og veðrið er núna þá ætti bara að senda nemendur Listaháskólans á stúfana og leyfa þeim að finna sköpunargáfunni farveg í snjónum sem hentar afar vel til skúlptúrgerðar þessa dagana,“ segir hún að lokum. - jse



**HOTT, HOTT Á SNJÓHESTI** Íbúar á Njálsgötu voru himinlifandi þegar þeir sáu hestinn í grenndinni og hrifningin var ekki minni hjá yngra fólkinu sem gat ekki á sér setið og brá sér á bak hestinum. Fremst í flokki fór Guðrún Ásgeirsdóttir en þær Sæunn Aradóttir og Freyja Jónsdóttir sátu fyrir aftan hana. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


4X6
Mun afl-meiri vél 165 hö
Hæsta einkunn í Elgs-prófinu!
Sýndur breyttur á 38" og 44" dekkjum
Sigurvegari í Dakar-rallinu 7 ár í röð!
Fæst sjálf-skiptur
PAJERO
OUTLANDER
L200
2,5 lítra | 4ra strokka dísilvél DI-D | 165 hö. | 343 Nm.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.
PAJERO
3,2 lítra | 16 ventla DI-D dísilvél | 170 hö. | 373 Nm.
3,8 lítra | 24ra ventla V6 bensínvél | 250 hö. | 329 Nm.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.
OUTLANDER
2,0 lítra | 4ra strokka dísilvél DI-D | 140 hö. | 310 Nm.
2,4 lítra | 4ra strokka bensínvél | 170 hö.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.
Fíton/SÍA
SÝNUM SEX ÖFLUGA JEPPA
HELGINA 19.-20. JANÚAR
Búðu þig undir kraftmikla helgi. Taktu frá tíma til að skoða sex kraft-mikla 4x4 bíla, þar á meðal breytta Pajero á 38" og 44" dekkjum, nýjan sjálfskiptan Outlander og enn kraftmeiri L200. Einnig verða glæsilegir Mitsubishi jeppar sýndir hjá umboðsmönnum um land allt.
MITSUBISHI MOTORS
Kaffi á könnunni. Komdu og finndu kraftinn. Opið 10-16 lau. og 12-16 sun.
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## GENGIÐ 17.1.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,32 | 65,64 |
| Sterlingspund | 128,5 | 129,12 |
| Evra | 95,41 | 95,95 |
| Dönsk króna | 12,805 | 12,879 |
| Norsk króna | 12,002 | 12,072 |
| Sænsk króna | 10,126 | 10,186 |
| Japanskt jen | 0,6071 | 0,6107 |
| SDR | 103,14 | 103,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,1198

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gríðarlegur munur á kostnaði við grunnskólanemendur eftir sveitarfélögum:

# Munar sexfalt á skólakostnaði

**SKÓLAR** Kostnaður á hvern grunnskólanemanda er á bilinu 528 þúsund krónur upp í 3,4 milljónir eftir sveitarfélögum, segir Ríkisendurskoðun.

„Þessi munur á kostnaði skýrist fyrst og fremst að mismunandi stærð skóla og þar með misgóðri nýtingu stöðugilda,“ segir í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og grunnskólana.

Ríkisendurskoðun segir að þótt Jöfnunarsjóður dragi úr misvæginu þýði reglur sjóðsins að óbreyttu að kostnaður sveitarfélaga með fjölmenna skóla verði alltaf lægri en hinna sem eru með fámenna skóla. Þetta megi lagfæra með einfaldari reglum.



**GRUNNSKÓLABÖRN** Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að aukið fé til grunnskóla hafi ekki skilað sýnilega betri árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Að sögn Ríkisendurskoðunar er jöfnuður grunnskólanemenda tryggður að vissu marki. „Hins vegar má halda því fram að gæði skóla séu misjöfn, að minnsta kosti ef litið er til hlutfalls réttindakennara og því fá nemendur hugsanlega misgóða þjónustu,“ segir Ríkisendurskoðun sem tekur fram að ekki sé sjálfgefið að árangur nemenda verði bættur með meira fé. Vísbendingar séu um að vandinn liggi fremur í innri gerð skólakerfisins.

„Aukin fjárframlög til grunnskólanna hafa leitt af sér minni bekkjardeildir og 40 prósenta fjölgun stöðugilda við skólana á síðustu níu árum án þess að sýnt hafi verið fram á bættan árangur,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. - gar

Fjögurra mánaða fangelsi:

## Bílstuldur og hnífaburður

**DÓMSMÁL** Karlmaður, búsettur í Kópavogi, hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir bílstuld og hnífaburð á almannafæri.

Bílnum stal maðurinn eftir að hann hafði stolið bíllyklum og fleiri munum úr yfirhöfnum í fatahengi í Gerðubergi. Hann neitaði sök en upptökur eftirlitsmyndavéla á staðnum sýndu manninn koma inn í húsið, fara í fatahengið og svo út aftur. Nokkru síðar ógnaði maðurinn fólki með hnífi í Lækjargötu og var handtekinn. Hann á að baki langan brotaferil hér á landi og rauf nú skilorð reynslulausnar. - jss

Bílvelta við Geitháls:

## Flutningabíll valt á hliðina

**LÖGREGLUMÁL** Jarðvegsflutningabíll með tengivagn valt á hliðina um níuleytið í gærmorgun við Geitháls á Suðurlandsvegi.

Þurfti að kalla til aðstoðar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við að koma ökumanninum úr bílnum og var hann að því búnu fluttur á slysadeild til skoðunar. Var maðurinn vankaður en meiðsl hans reyndust ekki alvarleg.

Varð slysið með þeim hætti að jarðvegur undir hluta bílsins gaf undan þegar verið var að sturta farmi af palli bílsins. - ovd

# Stofna ný samtök smábátaeigenda

**Hópur smábátaeigenda hyggst kljúfa sig úr Landssambandi smábátaeigenda og stofna nýtt félag. Þeir segja sambandið vinna gegn smærri útgerðarmönnum. Formaðurinn segir álit Mannréttindanefndarinnar jaðra við dónaskap.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Landssamband smábátaeigenda er fyrir löngu búið að gleyma uppruna sínum,“ segir Hallgrímur Guðmundsson forsprakki hóps sem hyggist stofna ný samtök smábátaeigenda í næstu viku. „Litli maðurinn, kvótalítill eða kvótalaus, nær ekki lengur augum þeirra né eyrum enda eru landssamtökin farin að tala máli hinna stóru. Þeir eru farnir að berjast fyrir því að festa kvótakerfið í sessi eins og heyra má á málflutningi Arthúrs Bogasonar formanns í umræðunni um álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.“

Hann segir að sex manna hópur vinni nú að stofnun samtakanna og hafi hugmyndir þeirra fengið góð viðbrögð. „Ég á von á því að margir þeirra sem eru óánægðir í landssambandinu komi yfir til okkar og eins eru þeir litlu hjá LÍÚ (Landssambandi íslenskra útgerðarmanna) velkomnir ef þeir eru orðnir leiðir á því að þurfa að borga gjöldin en eiga síðan bara að halda kjafti.“



ARTHÚR BOGASON



HALLGRÍMUR GUÐMUNDSSON

„Þetta er ein sú furðulegasta gagnrýni sem ég hef heyrt frá því landssambandið var stofnað,“ segir Arthúr Bogason. „Í fyrsta lagi hefur það verið samþykkt á aðal- og félagsfundum að koma á svokölluðu handfærakerfi á þar sem kvótalausir eða kvótalitlir fengju veiðiheimildir úr nokkurs konar almenningspotti sem kæmi í veg fyrir að verslað yrði með þær. Í annan stað má nefna að þegar landssambandið fór af stað þá mátti þessi floti veiða rúm átta þúsund tonn á ári af óslægðum þorski en undanfarin ár hefur hann veitt um 80 þúsund tonn svo okkur hefur tekist að margfalda þennan pott nær tíu sinnum. Ef þessir menn geta bent á betri árangur og hafa uppi betri hugmyndir um það hvernig megi bæta hag þeirra smáu þá þætti mér gaman að heyra það, þeir hljóta að hafa lagt þær hugmyndir fram fyrst þeir eru svona óánægðir.“



**TILBÚNIR AÐ LANDA** Nokkrir smábátaeigendur telja hagsmunum sínum betur borgið hjá nýjum samtökum sem þeir munu stofna í næstu viku því Landssamband smábátaeigenda hafi gleymt uppruna sínum og hugi einungis að hinum stærri á meðan kvótalausir eða kvótalitlir eygi litla von.

Hann segir einnig að stærri útgerðarmenn innan landssambandsins hafi gagnrýnt það fyrir að vera of fast fyrir og huga um of af minni útgerðarmönnum.

Hallgrímur segir að hugsanlega muni nýju samtökin heita Synir og dætur Íslands og kjörorð þeirra vera „Sómi Íslands, sverð og skjöldur.“ jse@frettabladid.is



**FRÁ VETTVANGI** TNT-sprengjan var öflug. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bílsprengja í Beirút:

## Beindist gegn bandarískum

**LÍBANON, AP Árásin sem gerð var á bifreið bandaríska sendiráðsins í Beirút, höfuðborg Líbanons, á þriðjudaginn var sú fyrsta sem beint hefur verið gegn bandarískum erindreka í Líbanon í meira en tvo áratugi.**

**Þrír vegfarendur biðu bana þegar bílsprengja með 20 kíló af sprengiefninu TNT sprakk. Enginn bandarískur erindreki eða ríkisborgari var í bifreiðinni þegar sprengjan sprakk en líbanskur bílstjóri hennar særðist auk 25 annarra, þar á meðal bandarískur guðfræðikennari í nálægri kirkju.** - sdg

Heilabilaðir á Selfossi:

## Tortryggir kaup á dagvistarhúsi

**SVEITARSTJÓRNIR „Kaup þessi vekja ýmsar spurningar um góða stjórnsýsluhætti,“ lét Eyþór Arnalds, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, bóka eftir sér á bæjarráðsfundi í Árborg í gær.**



EYÞÓR ARNALDS

**Eyþór vísaði til kaupa bæjarsjóðs á einbýlishúsi í Vallholti sem ætlað er undir dagvist fyrir heilabilaða. Spurði hann meðal annars um hver hefði ákveðið kaupin og hver væru tengsl seljandans við bæjaryfirvöld. „Af hverju er ráðist í þessi kaup án þess að fara með málið í gegn um stjórnkerfið?“ spurði Eyþór.**

**Fulltrúar meirihluta Samfylkingar og Framsóknarflokks sögðu umrætt hús hafa verið ákjósanlegt.** - gar

Glitnir heldur að sér höndum:

## Frestar útgáfu

**VIÐSKIPTI** Glitnir hefur frestað útgáfu skuldabréfa til fjármögnunar á starfsemi sinni vegna aðstæðna á alþjóðlegum mörkuðum. Skuldatryggingaálag (CDS) á útgáfu íslensku bankanna er um þessar mundir í hæstu hæðum.

Skuldatryggingarálag á bréf íslensku bankanna er 15 til 20 sinnum hærra en á sambærilega norræna banka, en hærra álag þýðir meiri kostnað við fjármögnun starfsemi þeirra. Um áramót var álag á bréf Glitnis nærri 200 punktum en hefur hækkað um meira en hundrað punkta síðan þá.

Í tilkynningu Glitnis kemur fram að bankinn hafi aðgengi að lausu fé yfir 6 milljörðum evra meðan endurfjármögnunarþörf móðurfélagsins á árinu sé 2,5 milljarðar evra og 1 milljarður hjá dótturfélagi Glitnis í Noregi. - óká




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STORMUR Í KVÖLD**

Illa horfir með veður á norðaustanverðu landinu í kvöld. Eru horfur á norðvestan 18-23 m/s á þeim slóðum, hvassast út með ströndum. Þar sem horfur eru á snjókomu á norðanverðu landinu í dag og kvöld gæti skafið hressilega þar sem hvassast er. Annars eru horfur á kaldri helgi. Nokkuð vindasamri á norðaustanverðu landinu en mun hægari annars staðar.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur stíf norðanátt. Hætt við stöku éljum. Frost 2-5 stig.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 15°C rigning | Friedrichshafen | 6°C skúrir |
| Billund | 9°C skúrir | París | 13°C skúrir | Lúxemborg | 10°C skúrir |
| Osló | 3°C skúrir | Amsterdam | 12°C skúrir | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 10°C rigning | Róm | 13°C skúrir |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 9°C skúrir | Las Palmas | 22° C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

FORESTER SYMMETRICAL AWD

SUBARU






## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM31478

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú að gengi krónunnar falli á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 70% |
| Nei | 30% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú á vetrardekkjum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Breið sátt virðist ríkja á Alþingi um varnarmálafrumvarp utanríkisráðherra:

# Frumvarp um varnarmál er sögulegt

**ALÞINGI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mælti fyrir frumvarpi um varnarlög á Alþingi í gær.

Varnarlög hafa ekki áður gilt á Íslandi en þau eiga að ná yfir stjórnsýslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði og samstarf um öryggis- og varnarmál við aðrar þjóðir.

Af umræðum má merkja að þingmönnum fjögurra flokka hugnist frumvarpið en andstöðu er að finna í Vinstri hreyfingunni - grænu framboði.

Í umræðunum ítrekaði Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, þá skoðun flokks síns að Íslandi stafaði meiri ógn innan Atlantshafsbandalagsins en utan. Rukkaði hann jafnframt um efndir á loforði Ingibjargar og flokks hennar um þverpólitískar umræður um stefnumótun á sviði öryggismála. Ingibjörg svaraði því til að slík umræða eigi eftir að fara fram en frumvarpið snúi að öðru en slíkri stefnumótun.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra lýsti ánægju sinni með frumvarpið. Sagði hann Alþingi aldrei fyrr hafa fjallað um varnarmál á hliðstæðum grunni og að með frumvarpinu væri viðurkennt að Íslendingar hafi hernaðarlegra öryggishagsmuna að gæta, jafnframt sem þeir séu reiðubúnir að leggja nokkuð af mörkum í því skyni. **- bþs**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Utanríkisráðherra mælir fyrir frumvarpi um varnarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Deiliskipulag Bygggarða:

# Telja tillöguna ekki nógu góða

**SELTJARNARNES Meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarness telur fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu Þyrpingar hf. á Bygggörðum ekki nógu góðan kost fyrir skipulag svæðisins. Vill meirihlutinn meðal annars að frekari umræða fari fram um nánasta umhverfi, húsagerð og gæði fyrirhugaðrar byggðar.**

**Verður tillagan því ekki auglýst heldur óskað eftir að áfram verði unnið að mótun hennar í samstarfi Þyrpingar og skipulagsnefndar bæjarins. Er með því vonast til að fram megi ná fleirum og mögulega betri skipulagskostum fyrir svæðið. - ovd**



**ÁHLAUP LÖGREGLU** Kenískir lögreglumenn gerðu áhlaup á hóp mótmælenda í einu fátækrahverfa höfuðborgarinnar Nairóbí. NORDICPHOTOS/AFP

Raila Odinga:

## Segir lögreglu með morðæði

**KENÍA, AP** Sjö manns voru skotnir til bana í mótmælum í Kenía í gær að sögn stjórnarandstöðuleiðtogans Raila Odinga sem boðaði til þriggja daga mótmæla frá miðvikudegi til föstudags vegna meints kosningasvindls Mwai Kibaki, forseta Kenía.

„Stjórnvöld hafa fyrirskipað lögreglu að skjóta til að drepa. Og lögreglumenn úti um allt land hafa fylgt þeirri skipun til fullnustu,“ sagði Odinga við blaðamenn og bætti við að „morðæði“ hefði gripið lögreglu.

Talsmaður lögreglu, Eric Kiraithe, sagði þrjá „glæpsamlega mótmælendur“ hafa verið skotna til bana af lögreglu. **- sdg**

# Lögregla með leitarheimild hjá Skattrannsóknarstjóra

**Héraðsdómur hefur veitt Ríkislögreglustjóra heimild til að gera húsleit hjá Skattrannsóknarstjóra. Ekki stendur til að lögreglumenn leiti heldur er þess krafist að gögn verði afhent segir saksóknari hjá RLS.**

**BAUGSMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur fengið heimild til að gera húsleit hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins til að leita gagna tengdum skattrannsókn á einstaklingum og félögum tengdum Baugi. Héraðsdómur veitti húsleitarheimildina en samkomulag náðist um að kæra mætti úrskurðinn til Hæstaréttar.

Starfsmenn Ríkislögreglustjóra (RLS) vilja fá afhent gögn tengd Óskari Magnússyni, fyrrverandi stjórnarformanni Baugs. Þetta staðfestir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá embættinu.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

Rannsókn á skattamálum Óskars var lokið með samkomulagi og sektargreiðslu síðla árs 2006.

Héraðsdómur heimilaði húsleit hjá Skattrannsóknarstjóra með úrskurði á fimmtudag í síðustu viku. RLS birti Skattrannsóknarstjóra úrskurðinn á mánudag. Sá úrskurður var svo kærður til Hæstaréttar á miðvikudag, segir Helgi Magnús. Reiknað er með að málið verði tekið til meðferðar hjá Hæstarétti á næstunni.

Um er að ræða þátt í rannsókn RLS á skattamálum níu einstaklinga og þriggja félaga. Auk Baugs Group beinist rannsóknin í heild að Gaumi, fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns Baugs.

Einnig er fyrirtækið Fjárfar til rannsóknar, en ákæruvaldið hefur haldið því fram að Jón Ásgeir hafi í raun stjórnað því fyrirtæki, en því hefur Jón Ásgeir neitað.

Helgi Magnús segir að ágreiningur sé uppi um afhendingu gagna, og því sé farin þessi leið til að afla gagnanna. Ekki standi til að lögreglumenn fari á staðinn til að leita heldur sé þessi leið farin til að fá endanlegan úrskurð um hvort Skattrannsóknarstjóra beri að afhenda gögnin.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri staðfesti í gær að ágreiningur sé um afhendingu gagna frá embættinu, en vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Húsleitir fara yfirleitt fram um leið og héraðsdómur hefur heimilað leit. Þá gefst ekki tími til að kæra úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar þar sem húsleitin er yfirleitt um garð gengin þegar málið kemst til réttarins.

Í þessu tilviki samþykkti embætti Ríkislögreglustjóra að bíða niðurstöðu Hæstaréttar, segir Helgi Magnús. Ekki sé talin ástæða til að óttast að gögnum verði eytt eða spillt.

Helgi segir að ástæða þess að óskað sé eftir húsleitarheimild sé að samkvæmt túlkun sinni á lögum um meðferð opinberra mála sé engin önnur leið til að fá úrskurð dóms um skyldu til að afhenda gögnin.

Þar sem lög heimila ekki að manni sé gerð refsing oftar en einu sinni vegna sama brots telja heimildarmenn Fréttablaðsins að þótt markmiðið sé að afla gagna um Óskar standi vonir til að gögnin nýtist við rannsókn á skattamálum annarra, til dæmis Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eða Tryggva Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Baugs. **brjann@frettabladid.is**





**GAGNAÖFLUN** Ekki er reiknað með því að lögreglumenn fari í húsnæði Skattrannsóknarstjóra til að leita að gögnum, heldur er farið fram á húsleitarheimild til að fá gögn afhent, segir saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### HARÐORÐ BRÉF GENGIÐ Á MILLI

Krafa Ríkislögreglustjóra um húsleitarheimild hjá embætti Skattrannsóknarstjóra kemur í kjölfar bréfaskrifta milli embættanna frá árinu 2006. Þar krafðist saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra þess að fá aðgang að gögnum um skattgreiðslur og álag níu einstaklinga og þriggja fyrirtækja.

Skattrannsóknarstjóri sagði sér óheimilt að afhenda umbeðin gögn í harðorðu bréfi, sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Var þar meðal annars vísað til þess að Skattrannsóknarstjóra beri að ákveða hvort mál skuli sæta refsimeðferð, ekki Ríkislögreglustjóra.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Braut niður ljósastaur**

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum austan við Vogaveg á Reykjanesbrautinni um klukkan sjö í gærkvöldi með þeim afleiðingum að bíllinn hafnaði á ljósastaur. Við höggið brotnaði staurinn en engin slys urðu á fólki. Bíllinn er óökufær.

**Fólk fast á Fjarðarheiði**

Björgunarsveitarmenn frá Seyðisfirði aðstoðuðu fólk sem fast var í bíl sínum á Fjarðarheiði aðfaranótt fimmtudagsins. Komst fólkið ekki leiðar sinnar vegna fannfergis á heiðinni og óskaði því aðstoðar lögreglu.





Húsleitarheimild hjá Skattrannsóknarstjóra algert einsdæmi segja lögspekingar:

# Leið til að komast framhjá lögunum

**BAUGSMÁL** Lögmenn sem rætt var við í gær kannast ekki við önnur tilvik þar sem lögregla hefur fengið heimild til húsleitar hjá öðrum ríkisstofnunum, hvorki hér á landi né á hinum Norðurlöndunum.

„Þetta er bara leið til þess að komast framhjá lögum,“ segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

„Þetta getur verið leið til að komast í gögn sem eru undanþegin rannsóknum, til dæmis geta verið hjá Skattrannsóknarstjóra gögn frá lögmönnum skattborgaranna sem falla undir þagnarskyldu lögmanna og er óheimilt að rannsaka,“ segir Ragnar.

„Það er ekkert í lögunum sem bannar þetta, en ég man ekki eftir öðru sambærilegu tilviki,“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor. „Mér finnst þetta mjög furðuleg staða sem upp er komin.“

Eiríkur segir húsleitarheimildina í raun eina úrræði Ríkislögreglustjóra til að fá dómstóla til að úrskurða um aðgengi að gögnum sem Skattrannsóknarstjóri hefur neitað að afhenda.

Yfirleitt fer lögregla beint í húsleit í kjölfar úrskurðar héraðsdóms og leitin því um garð gengin áður en sá sem leitað er hjá hefur tækifæri til að skjóta úrskurðinum til Hæstaréttar.



**EIRÍKUR TÓMASSON**



**RAGNAR AÐALSTEINSSON**

Eiríkur segir eðlilegt að bíða eftir úrskurði Hæstaréttar í þessu tilviki. Ekki séu líkur á að opinber stofnun spilli gögnum þótt beðið sé eftir niðurstöðu Hæstaréttar.

Ragnar segir að það að lögregla bíði með húsleitina í þessu tilviki en ekki öðrum sýni að ekki séu allir jafnir fyrir lögum. **- bj**


DYNAMO REYKJAVÍK
Prófaðu nýjung á **byr.is**:
**Komdu þér**
í fjárhagslegt
form **með Byr**
**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**
Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**
Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.
**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**
Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.
Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag
BYR
SPARISJÓÐUR




Hafin er samkeppni um hönnun á húsi Listaháskóla Íslands í Reykjavíkurborg:

# Skólinn glæði miðborgina lífi

**SKIPULAGSMÁL** Samkeppni um hönnun á Listaháskóla Íslands (LHÍ) í miðborg Reykjavíkur er hafin. Er hún í samstarfi LHÍ, Samson Properties ehf., Arkitektafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins en markmiðið er að fá fram tillögur sem verði grundvöllur að hönnun bygginga sem hýsa munu alla starfsemi skólans frá haustinu 2011.

Lögð er áhersla á metnaðarfullan arkitektúr og að húsnæðið falli vel að miðborgarumhverfinu enda er áætlað að um þriðjungur húsnæðisins verði opinn almenningi svo skólinn geti glætt miðborgina auknu lífi með fjölbreytilegu menningarframlagi, segir í tilkynningu. Er samkeppnin byggð á samkomulagi LHÍ, Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis frá miðju síðasta ári.



**FRÁ UNDIRRITUN SAMKOMULAGSINS** Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, undirritar samkomulag um byggingu nýs húsnæðis fyrir skólann.

Skiptist samkeppnin í tvö þrep þar sem öllum er frjálst að taka þátt. Er skilafrestur til 17. mars en að því loknu verða valdar fimm tillögur til áframhaldandi þróunar. Verðlaun, að heildarfjárhæð átta milljónir króna, verða veitt í síðara þrepi en þar fá allir þátttakendur jafnframt greitt fyrir tillögur sínar.

Stefnt er að lokaniðurstöðu samkeppninnar í lok júní næstkomandi en í kjölfar þess verður haldin sýning á tillögunum. Sjá má nánari keppnislýsingu á slóðinni www.ai.is. - ovd





**KÓPAVOGSFANGELSIÐ** Bæði húsin þykja börn síns tíma og því hefur töluvert verið ýtt á eftir uppbyggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu sem nú er talað um að gæti einnig hýst höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Að auki hefur verið bent á þörf á að bæta úr þeim húsakosti sem nú er til staðar við Hverfisgötu.

# Styttist í endalokin hjá Hegningarhúsinu

**Nýtt fangelsi á Hólmsheiði mun leysa Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Kvennafangelsið í Kópavogi af hólmi. Þar er gert ráð fyrir meðferðar- og sjúkradeild. Kostnaðurinn um tveir milljarðar. Góð hugmynd, segir lögreglustjóri.**

**FANGELSISMÁL** Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg og Kvennafangelsinu í Kópavogi verður lokað þegar nýtt fangelsi rís á höfuðborgarsvæðinu, svokallað Hólmsheiðarfangelsi. Þarfagreiningu á því fangelsi er lokið og er stefnt að því að það verði tilbúið árið 2009.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir mikið uppbyggingarstarf hafa verið unnið í fangelsismálum að undanförnu. Sem dæmi megi nefna að á síðasta ári hafi verið lokið við endurbygginguna Kvíabryggju og þar fjölgað um átta rými og öll aðstaða sé til fyrirmyndar. Þá sé jafnframt unnið að endurbyggingu fangelsisins á Litla-Hrauni og verið sé að leggja lokahönd á endurbyggingu fangelsisins á Akureyri en þar munu tvö ný rými bætast við.

Með nýrri byggingu á Hólmsheiði hefur verið áætlað að 64 rými bætist við. Í svörum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á Alþingi í gær við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur alþingismanns um fangelsismál, kom fram að hugmyndir væru uppi um að skoða til hlítar möguleika á því að hægt verði að sameina nýtt fangelsi og nýjar höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í einni byggingu. Verði þetta gert er líklegt að fangelsið yrði minna en áður hefur verið áætlað.



STEFÁN EIRÍKSSON



PÁLL WINKEL

Í áætlunum um nýtt fangelsi á Hólmsheiði kemur fram að þar verði meðferðar- og sjúkradeild en kostnaður við bygginguna er talinn verða um tveir milljarðar.

„Ég held að þetta sé mjög góð hugmynd og þess virði að skoða hana algerlega ofan í kjölinn, hvort ekki sé hægt að slá tvær flugur í einu höggi,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann bendir á að fangelsið á Hólmsheiði sé fyrst og fremst hugsað fyrir gæsluvarðhaldsfanga. Á meðan mál þeirra séu í rannsókn sé hentugt að hafa þá í nálægð við þá sem rannsaka málið en nú séu ferðir á Litla-Hraun vegna rannsókna tíð. „Bara af þeirri ástæðu held ég að það sé skynsamlegt,“ segir hann en bætir við að auk þess kunni einnig að vera hagstætt fjárhagslega að hafa stofnanirnar í sameiginlegri byggingu.

karen@frettabladid.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Flugvél á heimleið frá Kanarí lenti í hrakningum á þriðjudaginn var:

# Vélin þrifin eftir uppköstin

**FLUG** Flugvél á vegum Plúsferða, Sumarferða og Úrvals-Útsýnar lenti í slæmu veðri og hrakningum á heimleið frá Kanaríeyjum á þriðjudaginn var. Flugvélin ætlaði að millilenda á Spáni til að taka bensín en gat það ekki vegna veðurs og var þá snúið til Portúgals. Þar millilenti hún og tók bensín í flugið heim til Íslands.

Hrakningar flugvélarinnar ollu geðshræringu meðal farþega og voru nokkrir farþegar farnir að kasta upp þegar lending á Spáni var reynd. Flugþjónar höfðu varla undan við að dreifa ælupokum og þurfti að láta þrífa vélina í Portúgal þar sem nokkrir höfðu kastað upp án þess að hafa poka.

Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands, staðfestir að þessar hrakningar hafi átt sér stað. Hann segir að vélar af gerðinni 737 geti þurft að millilenda ef vélarnar eru fullar í löngu flugi, farþegarnir með mikinn farangur og mótvindur er á leiðinni. Það komi fyrir og sé bara öryggisráðstöfun. Vélin hafi hætt við lendingu á Spáni vegna þess að þar hafi verið slæmt veður.



ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

„Flugstjórinn reiknar þetta út þegar allir farþegar eru búnir að tékka inn og flugstjórinn er með hleðslutölur og veðurspá,“ segir hann og bendir á að mjög dýrt sé að millilenda og því sé það aðeins gert öryggisins vegna. „Þetta er bara ákvörðun flugstjóra þegar búið er að tékka inn og allar hleðslutölur liggja fyrir.“ - ghs

Matstækni
KYNNINGARFUNDUR
Laugardaginn 19. janúar kl. 13:00
í Háskólanum í Reykjavík,
Höfðabakka 9.



Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði eignamats, s.s. kostnaðarmats vegna viðhalds fasteigna, markaðsmats vegna fasteignaviðskipta o.fl.

Námskeið hefjast í febrúar.
Umsóknarfrestur er til 1. febrúar.

Nánari upplýsingar má finna á www.hr.is
og hjá Ragnari Ómarssyni, rom@almenna.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

*Hér eru nokkur dæmi um bíla á útsölunni*



**NISSAN X TRAIL**
Nýskr: 12/2006, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 11.000 þ.
**Verð áður kr. 3.050.000**
**2.500.000,-**
Greiðsla per mán.: **36.900**
Fjöldi mán.: 84

**550þ. AFSLÁTTUR**



**550þ. AFSLÁTTUR**

**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 4/2004, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 62.000 þ.
**Verð áður kr. 2.200.000**
**1.650.000,-**
Greiðsla per mán.: **27.700**
Fjöldi mán.: 72



**630þ. AFSLÁTTUR**

**CITROEN C5**
Nýskr: 12/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 30.000 þ.
**Verð áður kr. 2.100.000**
**1.470.000,-**
Greiðsla per mán.: **21.700**
Fjöldi mán.: 84

# JANÚARÚTSALA



**450þ. AFSLÁTTUR**

**RENAULT SCENIC II**
Nýskr: 6/2004, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 272.000 þ.
**Verð áður kr. 1.130.000**
**680.000,-**
Greiðsla per mán.: **11.500**
Fjöldi mán.: 72



**510þ. AFSLÁTTUR**

**FORD ESCAPE**
Nýskr: 11/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 35.000 þ.
**Verð áður kr. 2.830.000**
**2.320.000,-**
Greiðsla per mán.: **34.300**
Fjöldi mán.: 84



**670þ. AFSLÁTTUR**

**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 12/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 22.000 þ.
**Verð áður kr. 2.250.000**
**1.580.000,-**
Greiðsla per mán.: **23.400**
Fjöldi mán.: 84



**360þ. AFSLÁTTUR**

**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 4/2006, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 30.000 þ.
**Verð áður kr. 1.880.000**
**1.520.000,-**
Greiðsla per mán.: **22.500**
Fjöldi mán.: 84

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur

VISA MasterCard

Bílarnir hér til hliðar fást á hagstæðum 100% MASTERCARD / VISA lánum til allt að 36 mánaða*. Fyrsta afborgun 2. apríl 2008. Gríptu tækifærið og fáðu þér ódýran bíl á frábærum kjörum.



**40% AFSLÁTTUR**

**NISSAN TERRANO**
Nýskr: 7/1999, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 173.000 þ.
**Verð áður kr. 690.000**
**390.000,-**
Greiðsla per mán.: **13.450**
Fjöldi mán.: 36



**40% AFSLÁTTUR**

**MITSUBISHI CARISMA**
Nýskr: 7/2000, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 140.000 þ.
**Verð áður kr. 470.000**
**270.000,-**
Greiðsla per mán.: **10.150**
Fjöldi mán.: 36



**30% AFSLÁTTUR**

**LAND ROVER FREELANDER**
Nýskr: 10/2000, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 70.000 þ.
**Verð áður kr. 1.230.000**
**860.000,-**
Greiðsla per mán.: **31.750**
Fjöldi mán.: 36



**30% AFSLÁTTUR**

**SUBARU LEGACY**
Nýskr: 1/2000, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 142.000 þ.
**Verð áður kr. 750.000**
**530.000,-**
Greiðsla per mán.: **19.650**
Fjöldi mán.: 36

## FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!

bíla land B&L notaðir bílar

**bilaland.is**

**Reykjavík 575 1230**
**Selfoss 575 1460**

**Bílaland B&L**
**Grjóthálsi 1 Reykjavík**
**Hrísmýri 2a Selfossi**
**Opið virka daga frá kl. 9 til 18**
**og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.**



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080068

Tvöfaldir Vildarpunktar

VISA Vildarkort olís



Samstarfshópurinn **Allar heimsins konur** boða til ráðstefnu

# Hnattvæðing og nútíma fólksflutningar

**Ráðstefna á Grand hótel (Hvammur)**
**miðvikudaginn 23. janúar**
**kl. 08.30–16.15**

**Skráning á asi@asi.is**
**fyrir 21. janúar**

ALLAR HEIMSINS KONUR

Markmið ráðstefnunnar er að vekja athygli á stöðu kvenna í heimi hnattvæðingar og efla umræðuna hér á landi. Sérstök áhersla er að raddir kvenna af erlendum uppruna á Íslandi heyrist.

**Dagskrá**

08.30 Skráning og greiðsla þtttökugjalds
09.00 Setning, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra

**Hnattvæðing og konur**

09.10 ***Women and the paradoxes of globalization: How globalization pushes women inside and outside the home and nation-state***
dr. Rhacel Salazar Parreñas, prófessor við Kaliforníu-háskólann, Davis

09.50 ***Valkyrjur samtímans á ferð í hnattvæddum heimi***
dr. Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Háskóla Íslands

10.20 Fyrirspurnir og umræður
10.40 Kaffi
11.00 ***Raddir kvenna***
Gwendolyn Requirme frá Filipseyjum
Maria del Pilar Acosta Gomez frá Kólumbíu
Embebet Merkuria frá Eþíópíu
11.40 Fyrirspurnir og umræður
**12.00 Hádegisverður**

**Skuggahliðar nútíma fólksflutninga**

13.00 ***The US war on trafficking: Moral panics, neoliberalism, and the threat against migrant women's agency***
dr. Rhacel Salazar Parreñas, prófessor við Kaliforníu-háskólann, Davis

13.40 ***Í dagsljósið með loðið, óljóst og falið mansal!***
Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi og talskona Stígamóta

14.10 Fyrirspurnir og umræður
14.30 Kaffi
14.50 ***Raddir kvenna***
Petcharee Deluxana frá Tælandi
Joanna Dominiczak frá Póllandi
15.30 Fyrirspurnir og umræður
16.00 Ráðstefnuslit

Fundarstjóri: Maríanna Traustadóttir, ASÍ

Örsögur undirbúnar af Maríu Reyndal, fluttar af Caroline Dalton og Dimitra Drakopoulou

- Þátttökugjald er 2.500 kr. og greiðist við upphaf ráðstefnunnar
- Innifalið í þátttökugjaldi er morgunkaffi, hádegisverður og síðegiskaffi

ASÍ VR EFLING STÉTTARFÉLAG

Rauði kross Íslands


Aðalverðlaunahafi FKA sýnir að útrásin er víðar en hjá fjármálafyrirtækjum:

# Hugvit og hönnun verðlaunuð

**VIÐSKIPTI** Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður hlýtur FKA-viðurkenninguna, aðalverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Perlunni síðdegis í gær.

„Steinunn Sigurðardóttir hefur sýnt fram á að útrásin er ekki bundin við fjármálafyrirtæki. Með vönduðum vinnubrögðum, hugmyndaflugi og viðskiptaviti hefur hún hafið handverkið til vegs og virðingar á ný og minnt okkur á að hugvit og handverk eru verðmætar útflutningsvörur,“ sagði Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA, við afhendinguna.

Alls afhenti FKA fern verðlaun. Gæfuspor FKA 2008 fær fyrirtækið Veritas Capital, verðlaunin fær jafnan fyrirtæki sem þótt hefur skara fram úr í að virkja kraft kvenna innan sinna raða.

Þakkarviðurkenningu FKA 2008 hlýtur svo Guðrún Agnardóttir, „skógarvörður í Svarfaðardal“, eins og Margrét kynnti hana í þakkarræðu, en áréttaði um leið að hún væri þekktari fyrir þingmennsku, og störf á Keldum og Neyðarmóttöku, auk þess að vera forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Þá falla að þessu sinni Hvatningarverðlaun FKA í skaut Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi. **- óká**



**FRÁ AFHENDINGU Í PERLUNNI** Steinunn Sigurðar tekur við FKA-verðlaununum úr hendi Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra og Margrétar Kristmannsdóttur, formanns FKA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ráðherrar hvetja til rósemdar á markaði

**Forsætisráðherra treystir nýrri þjóðhagsspá og rekur óvissu í efnahagsmálum til hræringa á alþjóðlegum mörkuðum. Formaður Framsóknarflokksins hefur þungar áhyggjur. Fjármálaráðherra segir Framsókn eiga sinn þátt í ástandinu.**

**ALÞINGI** Oddvitar ríkisstjórnarinnar reyndu á þingfundi í gær að slá á þungar áhyggjur Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, og annarra af ástandi efnahagsmála.

Sögðu þau Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mikilvægt að allir héldu ró sinni.

Guðni var málshefjandi í utandagskrárumræðum um stöðu og horfur í efnahagsmálum og notaði stór orð til að lýsa áhyggjum af ástandinu. Sagði hann óveðursskýin hrannast upp, að kröpp lægð væri á hlutabréfamarkaði og lánsfé bæði dýrt og torfengið. Hann gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir framgöngu hennar í kjaraviðræðum og hvatti til niðurskurðar ríkisútgjalda og frestun opinberra framkvæmda.

Geir Haarde studdist við nýgerða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins í viðbrögðum sínum og sagði hana undirstrika styrk og sveigjanleika hagkerfisins. Hann sagði óvissu fram undan en hún stafaði helst af hræringum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Hagkerfið væri opið og yrði því fyrir áhrifum utan frá.

Geir svaraði gagnrýni Guðna á aðkomu stjórnarinnar að kjaraviðræðunum á þann veg að hugmyndir verkalýðshreyfingarinnar hefðu verið óraunhæfar. Ríkisstjórnin myndi þó ekki skjóta sér undan ábyrgð þegar kæmi að því að ljúka gerð samninga.

Jón Bjarnason, VG, sagði rangt að kenna útlendingum um óvissu í efnahagsmálum. Hún væri tilkomin vegna langvarandi verðbólgu. Stefna og andvaraleysi ríkisstjórna Sjálfstæðisflokksins væri aðalvandamál hagkerfisins.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, taldi að vegna ástandsins kynnu skatttekjur að dragast svo mikið saman að afgangur ríkissjóðs yrði 20 milljarðar króna en ekki 40 eins og fjárlög gera ráð fyrir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði lausafjárkreppu vegna veðlána í Bandaríkjunum og þenslu og viðskiptahalla undanfarinna ára helstu áhrifavalda ástandsins nú. Gaf hún til kynna að Guðni og flokkur hans ættu einhvern þátt í ástandinu.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra steig skrefinu lengra og benti á að stóraukin húsnæðiskaup í kjölfar hækkunar á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs hefðu þanið hagkerfið. Framsóknarmenn stóðu að hækkun lánshlutfallsins í tíð sinni í félagsmálaráðuneytinu á síðasta kjörtímabili.

**bjorn@frettabladid.is**



**EFNAHAGSMÁLIN Á DAGSKRÁ** Guðni Ágústsson lýsir ástandinu eins og hann sér það en Geir Haarde undirbýr andsvar sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar æfa með áhöfn varðskipsins Vædderen:

# Gæslan æfir með Dönum

**ÖRYGGISMÁL** Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og áhöfn danska varðskipsins Vædderen hafa verið við sameiginlegar æfingar hér við land undanfarna daga. Þessar æfingar eru nú haldnar á grundvelli samkomulags sem dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, og Sören Gade, varnarmálaráðherra Dana, gerðu á liðnu ári.

Varðskipið Týr tók þátt í æfingu þar sem settur var á svið eldsvoði á afturskipi Týs þar sem tveggja manna var saknað. Vædderen kom á staðinn og sendu þeir þyrlu frá skipinu með fimm manna neyðarteymi ásamt búnaði sem var slakað niður á stefni Týs.

Neyðarteymi beggja skipa reykköfuðu um afturskipið og fundu báða mennina. Þá kom þyrla á ný með lækni sem hlúði að mönnunum og var annar þeirra fluttur ásamt lækninum með þyrlunni yfir í Vædderen til frekari aðhlynningar. Vakti athygli Týs-manna hvað danska neyðarteyminu gekk vel að finna hina nauðstöddu. En þeir höfðu meðferðis hitamyndavél sem gerir þeim kleift að sjá í myrkri og reykjarkófi.

Tveir yfirmenn voru einnig við æfingar um borð í Vædderen þar sem þeir kynntu sér tæki og búnað um borð. Tóku þeir þátt í fjölda æfinga, meðal annars að fylgjast með og stjórna ferðum þyrlu með hjálp radars, neyðarviðbrögðum þegar þyrla á í hlut, aðstoð við önnur skip, viðbrögðum við eldi um borð í skipi og reykköfun. **- shá**



**VÆDDEREN Á SIGLINGU** Þyrlur af danska varðskipinu og frá LHG við æfingarnar. MYND/LHG

Varað við mögulegri mengun:

# Hækkandi sjávarmál við Kína

**KÍNA, AP** Hæð sjávarmáls við kínversku borgina Sjanghæ og fleiri hafnarborgir í Kína hækkar með kvíðvænlegum hraða sem getur meðal annars leitt til mengunar á drykkjarvatni að því er sjávarstofnun kínverska ríkisins greindi frá í gær.

Hæð sjávarmáls við Sjanghæ hefur hækkað um 115 millimetra síðustu þrjá áratugi og á sama tímabili um 196 millimetra við hafnarborgina Tianjin skammt frá Peking.

Helstu orsakir eru sagðar loftslagsbreytingar og að landi við strendur hefur verið sökkt með því að dæla þaðan grunnvatni. **- sdg**

Sorpmagn hvers íbúa í höfuðborginni hefur minnkað um eitt prósent á einu ári:

# Minna óflokkað heimilissorp í Reykjavík

**UMHVERFISMÁL** Minna magn af óflokkuðu heimilissorpi mældist í sorptunnum íbúa Reykjavíkur árið 2007 heldur en árið 2006. „Þetta eru tíðindi því magnið hefur aukist ár frá ári þangað til núna,“ segir Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

Hefur óflokkað heimilissorp dregist saman um 50 þúsund tonn á þessu eina ári. Ef tekið er til greina að íbúum borgarinnar fjölgaði um 1.275 manns milli áranna reiknast minnkun á sorpmagni á hvern íbúa um 1 prósent, fór úr 233 kílóum á íbúa árið 2006 í 231 kíló á íbúa árið 2007.

Ef horft er til þess að heildarmagn á rusli hefur aukist og að ekki hefur dregið úr neyslu almennings telja þau hjá umhverfissviði þetta góðan árangur. „Ég tel helstu ástæðu þessa samdráttar felast í aukinni flokkun borgarbúa og skilum á endurvinnslustöðvar og í grenndargáma,“ segir Guðmundur. Þá segir hann endurvinnslutunnuna og bláu tunnuna einnig vinsælar. **- ovd**






**GUÐMUNDUR B. FRIÐRIKSSON** Dregið hefur úr óflokkuðu heimilissorpi.



**MÁVAR** Sjófuglar sækja í síldina á Breiðafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síldin í Breiðafirði:

# Fuglalíf glæðist með síldinni

**UMHVERFISMÁL** Árleg vetrarfuglatalning Náttúrustofu Vesturlands sýnir mikil áhrif aukinnar síldargengdar á Breiðafirði á fuglalíf.

Starfsmaður náttúrustofunnar taldi svæði sem nær frá Eiði við vestanverðan Kolgrafafjörð að vegfyllingu yfir Hraunsfjörð. Að þessu sinni sá hann nítján fuglategundir og voru fuglar nú fleiri en nokkru sinni frá því vöktun þessa svæðis hófst eða 3.554.

Áhrif síldarinnar komu greinilega fram í niðurstöðum talninganna, þar sem óvenjulega mikið var af þeim fuglategundum sem helst sækja í uppsjávarfisk, til dæmis mávum, skörfum, toppöndum og teistum. Á svæði náttúrustofunnar voru sjö sinnum fleiri svartbakar og um þrisvar sinnum fleiri hvítmávar, en þeir höfðu áður verið flestir. **- shá**



**SANDGERÐI** Vilja ræða við félagsmálaráðuneyti um jöfnunaraðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kvótaskerðing í Sandgerði:

# Ósátt við aðeins milljón í bætur

**SVEITARSTJÓRNIR** Sandgerðingar eru ósáttir við að fá aðeins rúma eina milljón króna sem hluta af jöfnunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í aflamarki þorsks.

Segist bæjarstjórn Sandgerðis vera sammála bæjarstjóra sínum sem í bréfi til félagsmálaráðuneytisins segir „að hér hljóti að vera um mistök að ræða þar sem hlutur Sandgerðisbæjar sé svo fjarri allri sanngirni í ljósi landaðs afla og stöðu Sandgerðishafnar“.

Sandgerðingar vilja ræða nánar við félagsmálaráðuneytið um málið. **- gar**

Orkuveita Reykjavíkur

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is

## Smábátafélag Reykjavíkur

Fundur verður haldinn í kaffistofu félagsins
Verðbúð 5, Suðurbugð
Miðvikudaginn 23. Janúar kl. 19

**Dagskrá:**
1. Kynning á kjarasamningi LS og Sjómannasamtakanna (Örn Pálsson)
2. Opin umræða um samninginn
3. Atkvæðagreiðsla
4. Önnur mál

Stjórnin




FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FÆRÐIR Í BÖND** Hvalverndarsinnarnir tveir, annar frá hægri og fimmti frá hægri, voru færðir í bönd þegar þeir komu óboðnir um borð í japanska hvalveiðiskipið Yushin Maru 2 á þriðjudaginn.

# Átök í Suðurhöfum

**Tveimur hvalverndarsinnum, á vegum Sea Shepherd-samtakanna, hefur síðan á þriðjudag verið haldið um borð í japönsku hvalveiðiskipi við Suðurskautslandið. Sea Shepherd ansar ekki Japönunum, og nú eru Ástralar á leið til bjargar.**

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralska tollskipið Oceanic Viking er á leiðinni til hafsvæðanna við suðurskautið að ná þar í tvo hvalverndarsinna, sem haldið er um borð í japönsku hvalveiðiskipi.

Áströlsku tollverðirnir hyggjast síðan sigla mönnunum yfir að skipi Sea Shepherd-samtakanna sem fylgst hefur grannt með hvalveiðum Japana í vetur. Samtökin hafa að venju mótmælt hvalveiðunum harðlega og berjast fyrir því að þeim verði hætt.

„Við viljum fá þá aftur,“ segir Paul Watson, skipstjóri á Steve Irwin og leiðtogi Sea Shepherd-samtakanna. „Ég ætla ekki að fallast á nein skilyrði,“ segir hann og þvertekur fyrir að liðsmenn hans á Steve Irwin hætti að áreita japönsku hvalveiðimennina í skiptum fyrir mennina tvo.

Á þriðjudaginn stukku þeir Benjamin Potts, 28 ára gamall Ástrali, og Giles Lane, 35 ára Breti, úr gúmmíbát yfir á japanska hvalveiðiskipið Yushin Maru 2. Þeir hugðust afhenda skipstjóranum bréf, eftir því sem félagar þeirra í Sea Shepherd-samtökunum segja. Að afhendingu bréfsins lokinni ætluðu þeir aftur frá borði.

Þeim varð hins vegar ekki kápan úr því klæðinu og eru enn um borð í japanska skipinu. Það voru japönsk stjórnvöld sem báðu Ástrala um að hafa milligöngu í málinu. Japanar saka hins vegar Watson og félaga um að reyna hvað þeir geta til að draga þetta ástand á langinn í auglýsingaskyni fyrir málstað sinn. Japanar segja allar tilraunir þeirra til að ná sambandi við liðsmenn Sea Shepherd hafa orðið árangurslausar.

Deilur Japana og hvalverndunarsinna eru árviss viðburður meðan vetrarvertíð japanskra hvalveiðiskipa stendur yfir við suðurskautið.

Stjórnarskipti urðu nýlega í Ástralíu og nýja stjórnin er andvíg hvalveiðum. Fyrr í mánuðinum sendi hún skip á suðurskautsslóðir til að taka myndir af hvalveiðum Japana í því skyni að nota þær til að berjast gegn þessum veiðum á alþjóðavettvangi.

Nú í vikunni kvað svo dómari í Ástralíu upp þann úrskurð að hvalveiðar Japana innan áströlsku 200 sjómílna landhelginnar væru brot á áströlskum lögum. Japanar neita hins vegar að viðurkenna gildi ástralskra laga á þessum hafslóðum.

**gudsteinn@frettabladid.is**




SIEMENS

Þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vélin handa þér!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA - KMI / FIT

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

# Venieri fyrir veturinn

*stórar Hardox skóflur • vökvadrifnir snjóblásarar • snjótennur*







**VF 9015**
12,5 tonn
3 m³ skófla
Gaflasett
Liðstýrð
Bosch Rexroth
hydrostatic skipting
Breið flotdekk
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
6cl. öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

**VF 363F**
5,4 tonn
1,2 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk
Bosch Rexroth
hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Vökva tregðulæsingar
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

**VF 263 plus**
3,9 tonn
1,0 m³ skófla
Gaflasett
4 x 4
Liðstýrð
Breið flotdekk
Bosch Rexroth
hydrostatic skipting
Vökva hraðtengi
Aukaúttök fyrir vökvaverkfæri að framan í stað framskóflu
Öflugur Perkins mótor
Ride Control
Snjótönn / fjölplógur

JANÚAR-AFSLÁTTUR
300 - 500 þúsund krónur

1947 - 2007

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Þýskur vandræðaunglingur:

# Í betrunarvist til Síberíu

**ÞÝSKALAND, AP** Sextán ára þýskur unglingur, sem úrskurðað hefur verið að sé haldinn „sjúklegri ofbeldishneigð“, verður sendur í níu mánaða betrunarvist til Síberíu, að því er yfirvöld í heimabæ hans greindu frá í gær.

Stefan Becker, yfirmaður æskulýðs- og félagsmála í stjórnsýslu borgarstjórnar miðþýska bæjarins Giessen, sagði unglinginn umrædda hafa sýnt hamslausa ofbeldishegðun bæði í skóla og heima fyrir. Hann hefði sjálfur fallist á Síberíuvistina, sem Becker segir vissulega vera „óvenjulega ráðstöfun“.

- aa

Fyrirtæki með eingöngu körlum í stjórn eru líklegri til að lenda í vanskilum:

# Konur ólíklegri til vanskila

**ATVINNULÍFIÐ** Í stærri fyrirtækjum, þar sem fjöldi stjórnarmanna er þrír eða fleiri, eru fyrirtæki, sem eru aðeins með konur í stjórn, mun ólíklegri til að lenda í vanskilum í samanburði við fyrirtæki með aðeins karlmenn í stjórn. Þetta kemur fram í könnun sem fyrirtækið CreditInfo Ísland hefur gert.

Skoðuð voru tæplega 27 þúsund fyrirtæki sem hafa skilað ársreikningi á tímabilinu 2005-2006 með vanskilaupplýsingum frá 2006-2007 og þau metin með tilliti til þess hve líkleg þau væru til að lenda í alvarlegum vanskilum. Niðurstöðurnar sýndu að innan við eitt prósent fyrirtækja, sem aðeins hafa konur í stjórn, eru fyrirtæki með alvarleg vanskil meðan rúmlega tvö prósent fyrirtækja með þrjá karlmenn eða fleiri í stjórn eru með alvarleg vanskil.



RAKEL SVEINSDÓTTIR

Í niðurstöðunum má einnig sjá að hjá litlum fyrirtækjum með fáum stjórnarmönnum og þá eingöngu konum hækkar hlutfall fyrirtækja með vanskil en fyrirtæki sem eru eingöngu skipuð karlkyns stjórnarmönnum eru þó alltaf líklegri til að lenda í vanskilum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá CreditInfo Íslandi.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri CreditInfo Íslands, segir að niðurstöðurnar hafi komið skemmtilega á óvart. „Þær eru það marktækar að við leyfum okkur að fullyrða að þar sem konur eru í stjórn eða stjórnir eru blandaðar kynjunum þá er mjög marktækt að þau fyrirtæki eru ekki eins mikið í vanskilum. Þetta er svolítið merkileg þróun og eitthvað sem fyrirtæki mættu fara að skoða,“ segir Rakel.

- ghs

Heitur stuðningsmaður:

# Límdi soninn í íþróttatreyju

**BANDARÍKIN, AP** Faðir, sem er heitur stuðningsmaður bandaríska ruðningsliðsins Green Bay Packers, ákvað að grípa til örþrifaráða þegar sonur hans neitaði að klæðast treyju liðsins í úrslitaleiknum. Notaði hann límband til að líma treyjuna utan um drenginn og límdi hann svo fastan niður í klukkustund.

Móðirin tók mynd af aðförunum og tilkynnti þær til yfirvalda. Föðurnum hefur verið stefnt fyrir rétt.

Faðirinn segir þetta hafa verið gert í gríni en móðirin hefur óskað eftir nálgunarbanni á föðurinn.

- sdg

Miliband um deilu við Rússa:

# Sakar Rússa um ógnanir

**RÚSSLAND, AP David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, sakaði í gær rússnesk yfirvöld um að beita starfslið bresku menningarmálastofnunarinnar British Council „grímulausum ógnunum,“ en af þeim völdum varð að loka útibúum stofnunarinnar í rússnesku borgunum Sankti Pétursborg og Jekaterínbúrg.**



DAVID MILIBAND

**Yfirmaður British Council, Martin Davidson, tjáði blaðamönnum í Lundúnum að rússnesk yfirvöld hefðu gert það ómögulegt að halda rekstri skrifstofanna áfram. Rússneskum starfsmönnum þeirra var haldið í löngum yfirheyrslum hjá rússnesku leyniþjónustunni FSB.**

- aa



**FRJÁLSIR FUGLAR** Aflífa varð fjórar álftir en hinar sjö fengu frelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dýraverndarmál í Stokkhólmi:

# Kona bjó með ellefu svönum

**SVÍÞJÓÐ** Tæplega sjötug kona bjó með ellefu svönum í 25 fermetra íbúð í miðborg Stokkhólms. Hún verður ákærð fyrir brot á dýraverndunarlögum. Fjórir svananna voru svo illa farnir að það varð að aflífa þá en hinir sjö fengu frelsi.

Málið komst upp þegar nágrannar létu vita. Þeir héldu að lík væri að rotna inni hjá konunni, kíktu inn um bréfalúguna og sáu bara fit á svönum. Konan hafði lagt dagblaðapappír á gólfið og þar áttu fuglarnir að skíta. Tveir svanir voru í búri á stofugólfinu, hinir gengu frjálsir um íbúðina.

Konan segir að hún hafi viljað hjálpa svönunum, að sögn Aftonbladet, en þeir hafi ekki átt að verða svona margir.

- ghs

**NOREGUR**

## Piltur hótar skólaárás

Norska lögreglan handtók aðfaranótt mánudags fimmtán ára pilt sem er nemandi í skóla í Løren-skog skammt frá Osló. Að sögn Aftenposten gekkst hann við því að hafa sett myndband inn á YouTube, þar sem hótað er fjöldamorði í skólanum.

Glæsileiki og fágun

Glæsileiki og fágun er það fyrsta sem augað nemur þegar nýr Mercedes-Benz C-Class er skoðaður. Þegar þú sest undir stýrið á C-Class upplifir þú þægindi, léttleika og lipurð í akstri sem á engan sinn líkan.

Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz



# Jóhanna,

## Íslendingar eru sammála þér!

### *Viðhorf til þess að lífeyrissjóðurinn byggi eða reki húsnæði*

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn byggi og reki húsnæði fyrir þá eldri borgara sem hafa greitt í sjóðina?




### *Breyting á viðhorfi ef kostnaður sjóðsins gæti rýrt höfuðstól hans*

Ertu hlynnt(ur) því að það geti haft kostnað í för með sér fyrir sjóðinn og rýrt höfuðstól hans?




capacent

Árið 2006 var innkoma lífeyrissjóðanna um 277 milljarðar. Eign þeirra til greiðslu lífeyris var 1439 milljarðar eða um 4,9 milljónir á hvern íbúa landsins.
Í maí 2006 gerði Capacent, Gallup könnun að minni ósk, sem sýnir að um 70% landsmanna á aldrinum 16-75 ára eru hlynnt því að lífeyrissjóðir byggi og reki húsnæði fyrir þá eldri borgara sem greitt hafa í þá. Til að taka af allan vafa voru þeir, sem hlynntir voru byggingu slíks húsnæðis, spurðir að því hvort þeir væru hlynntir því þrátt fyrir rýrnun höfuðstóls lífeyrissjóðanna.

Yfirgnæfandi meirihluti svaraði játandi og staðfesti vilja þjóðarinnar til að hlúa betur að öldruðum, sem enn þurfa að láta óviðunnandi aðstæður yfir sig ganga.
Það skal tekið fram að hér er ekki verið að óska eftir gjöf eða ölmusu af hendi lífeyrissjóðanna heldur snýst óskin um að byggt verði hagkvæmt húsnæði til leigu fyrir aldraða. Bygging slíks húsnæðis yrði því fjárfesting til framtíðar fyrir lífeyrissjóðina.



**Guðmundur Frímannsson** ellilífeyrisþegi verður af 20 þúsundum króna á mánuði eftir breytingar hjá Tryggingastofnun um áramótin. Honum finnst miður að Samfylkingin hafi ekki staðið við kosningaloforð sín í málefnum eldri borgara. **Helgi K. Hjálmsson**, formaður Landssambands eldri borgara, segir breytingar í lífeyrismálum vera of litlar og koma of seint. Hann vænir þingmenn um glæpi gegn öldruðum og segir ástandið í lífeyrismálum skelfilegt.

DV - Föstudaginn 11. janúar 2008

**Meiri skerðing** Þó skerðing vegna tekna maka hafi verið afnumin skerðast tekjur sumra meira en áður. Ástæðan er sú að skerðingarhlutfall vegna eigin tekna var hækkað á móti lækkuninni vegna tekna maka.

# KARLARNIR TAPA

ERLA HLYNSDÓTTIR

„Þetta er ansi stór biti að kyngja. En svona er Ísland í dag," segir Guðmundur Frímannsson, ellilífeyrisþegi á Akureyri. Eftir breytingar á lífeyrissjóðskerfinu um áramótin fær hann nú 20 þúsundum minna á mánuði frá Tryggingastofnun en áður. Áður hafði Guðmundur mánaðarlega 151 þúsund krónur á milli handanna, þar af 100 þúsund úr lífeyrissjóði eftir skatta og 51 þúsund frá Tryggingastofnun. Nú fær hann 131 þúsund krónur.

Borgþór Kærnested, framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara, segir karlmenn tapa á þessum breytingum því í alflestum tilfellum hafi þeir verið með hærri laun um ævina en eiginkonurnar.

## Afnám tekjutengingar maka

Mikil umræða hefur verið um afnám tekjutengingar maka vegna lífeyrisgreiðslna sem verða 1. apríl. Minna hefur hins vegar farið fyrir breytingum á lífeyrissjóðstekjum sem urðu um áramótin. Það hlutfall lífeyrissjóðstekna sem liggur til grundvallar skerðingar miðast nú að fullu við tekjur lífeyrisþega en miðaði áður við 80 prósent af tekjum lífeyrisþega en 20 prósent af tekjum maka.

Lífeyrisþegum barst greiðsluáætlun ársins 2008 í byrjun janúar, svokallað Grænt umslag. Fyrsta greiðsla á nýju ári var lögð inn á reikninga viðskiptavina 1. janúar og kom upphæðin mörgum á óvart.

## Glæpamenn á Alþingi

„Ég hafði ekki hugmynd um þessar breytingar fyrr en ég sá hvað var lagt inn á reikninginn minn. Þetta var ekkert kynnt," segir Guðmundur sem varð mjög hissa þegar hann fékk fyrstu greiðslu ársins, hafði samband við Tryggingastofnun og kynnti sér málið. „Ég heyrði bara sagt í fréttum að mikilla kjarabóta væri að vænta fyrir eldri borgara. Kosningaloforð Samfylkingarinnar miðuðu að því að bæta hag okkar til muna og þingmenn slógu um sig með fögrum fyrirheitum. Ég get ekki séð að þetta hafi náð fram að ganga. Þetta eru bara glæpamenn þarna á Alþingi," segir Guðmundur.

## Þingmenn draga lappirnar

Helga K. Hjálmssyni, formanni Landssambands eldri borgara, finnst allt of lítið hafa verið gert í málefnum eldri borgara og er hvorki hrifinn af nýlegum breytingum á lífeyrissjóðstekjum né þeim sem boðaðar er[...] um. „Þetta er [...] er afskaplega lí[...]

**Stór biti að kyngja** Guðm[...] Frímannsson hefur 20 þúsu[...] minna á milli handanna á [...] að tekjutenging maka vi[...] tekjur var afnumin um á[...] Ástæðan er sú að sker[...] tekna var aukin

*„Það er afskaplega lítið sem kemur í vasa eldri borgara. Þessar breytingar eru of litlar og koma of seint."*

eldri borgara. Þessar breytingar eru of litlar og koma of seint. Ég er alls ekki ánægður með framgang mála [...] ríkisstjórnarinnar. Mér [...] þingmenn dragi lappirn[...] [...]urfum bætur og [...]strax," seg-





Hér með skora ég á Jóhönnu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra, að beita sér fyrir lagabreytingum sem gera lífeyrissjóðunum kleift að fjárfesta fyrir hluta af innkomu sinni til byggingar húsnæðis fyrir aldraða. Enda hafa stjórnendur sjóðanna tjáð mér að það strandi einungis á lagasetningu þess efnis.

Við styðjum þig öll!

Helgi Vilhjálmsson

íslenskur ríkisborgari

PIPAR • SÍA • 80096

## Svona erum við

> Fjöldi í Félagi múslima á Íslandi




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FJÁRNÁM

# *Fjárnám án árangurs eru alvarlegust*

Blikur eru á lofti í efnahagsmálum að margra mati og má því búast við að neysla landsmanna dragist saman á næstu mánuðum og misserum. Í slíku árferði er hætta á því að fjárnámum fari fjölgandi.

**Hvað er fjárnám?**

Fjárnám skiptist í tvennt. Það er yfirleitt kallað innsetningargerð þegar hlutur er tekinn af fólki. Hluturinn er þá stundum keyptur með svokölluðum eignaréttarfyrirvara þegar annaðhvort verslunin eða sá sem lánar peningana setur eignaréttarfyrirvara og segir: „Ég á hlutinn þangað til þú ert búinn að borga hann að fullu eða þangað til þú ert búinn að borga lánið að fullu af því ég fjármagnaði hlutinn."

Önnur aðgerð innan fjárnáms er þannig að kröfuhafinn er búinn að sanna eða kominn með dóm fyrir fjárnámi.

Í undantekningatilfellum geta opinberir aðilar farið í fjárnám án þess að hafa dóm fyrir því, til dæmis Ríkisútvarpið, skattayfirvöld og sveitarfélög út af fasteignaskatti.

**Hvernig fer þetta þá fram?**

Kröfuhafinn fer til sýslumanns, segist vera með kröfu og fer fram á að það séu fundnar eignir og gert fjárnám í eigninni.

**Hvenær er algengast að hlutur sé tekinn?**

Það er algengast í bílaviðskiptum, sérstaklega þegar um dýra bíla er að ræða. Ef kaupandinn getur ekki staðið undir skuldbindingunni eru bílarnir vörslusviptir og þá er farið fram á að sýslumaður gefi heimild til að bíllinn sé sóttur. Aldrei má taka hlut með valdi.



**Hvenær eru fjárnám algengust?**

Fjárnám skiptast líka í fjárnám án árangurs og fjárnám með árangri. Fjárnám með árangri eru ekki jafn alvarleg af því að eign er fyrir hendi. Þau eru oft framkvæmd af því ágreiningur er milli aðila, til dæmis í skattamálum, og því er fjárnám gert. Fjárnám án árangurs eru alvarlegust því að þau sýna fram á eignaleysi og geta verið grundvöllur gjaldþrotaskipta.

## SPURT OG SVARAÐ

NÚ ER KOMIN REYNSLA Á REYKINGABANNIÐ

# *Hefur ekki sannað gildi sitt*



KORMÁKUR GEIRHARÐSSON

Reykingabann var mikið í umræðu eftir að það var sett á og töldu margir að í óefni færi þegar vetur gengi í garð og reykingar yrðu bannaðar inni á veitingahúsum. Kormákur Geirharðsson er eigandi Ölstofunnar.

**Hvernig hefur reynslan verið af reykbanninu?** Þetta hefur gengið ágætlega fyrir utan þá sem hafa þurft að hafast við í kulda og vosbúð. Ég tel að meirihluti þeirra sem koma til okkar myndu vilja fá að reykja inni. Ég hef síðan þurft að bæta við mig auka dyravörði til að hafa stjórn á umferð fólks sem fer út til að reykja.

**Hvað segir starfsfólkið um reynsluna af banninu?** Það er vissulega betra loft inni á annatímum og það er ánægt með það.

**Finnst þér lögin hafa sannað gildi sitt?** Nei, alls ekki. Stjórnvöld hefðu átt að fara dönsku eða sænsku leiðina og leyfa veitingahúsaeigendum að hafa reykrými innandyra. Ef ekkert verður gert fyrir sumarið munu sömu óþægindin koma upp og síðasta sumar þegar mikið var kvartað undan umgengni fólks í miðbænum.



**HJÁ ÞORMÓÐI RAMMA 2004** Alls starfa um 120 manns í þeim verksmiðjum sem eftir eru. Árið 2004 voru störfin um 450 og enn fleiri áratug fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rækjuiðnaður á fallandi fæti

**Samherji hf. á Akureyri lokaði rækjuverksmiðju sinni í vikunni og sagði upp rúmlega 20 starfsmönnum. Nú eru fimm rækjuverksmiðjur starfandi í landinu en þær voru átján árið 2000. Rækjuveiði á Íslandsmiðum hefur ekki verið minni í fjóra áratugi. Skipbrot þessarar atvinnugreinar hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf víða um land.**

Árið 1990 voru starfandi 37 rækjuverksmiðjur á Íslandi. Atvinnuvegurinn var afar blómlegur sem byggði á góðri veiði íslenskra skipa á úthafs- og innfjarðarækju. Tæpum tveimur áratugum síðar er ekki ofsagt að iðnaðurinn hafi hrunið, og margt kemur til.

**Fækkun verksmiðja**

Verksmiðjurnar sem voru í rekstri árið 1990 voru margar litlar, voru dreifðar um landið og byggðu á góðri veiði íslenska rækjuveiðiflotans. Fækkun þeirra frá 1990 var þó nokkuð hröð.

Að hluta til er skýringin á fækkun verksmiðjanna að rækjuiðnaðurinn hefur gengið í gegnum tímabil þar sem harðnandi kröfur eru gerðar til gæða. Hörð samkeppni á alþjóðamörkuðum gerir það einnig að verkum að fyrirtæki hafa ekki rekstrargrundvöll ef fjárhagslega sterk fyrirtæki standa ekki að baki þeirra, og geta uppfyllt gæðakröfur í framleiðslunni til dæmis með nýjum og fullkomnum tækjabúnaði.

Verksmiðjunum hafði fækkað í átján árið 2000 og ellefu fimm árum seinna. Á síðustu þremur árum hefur svo orðið kollsteypa og eftir standa aðeins fimm fyrirtæki í rækjuiðnaði. Meðal þeirra verksmiðja sem horfið hafa eru þrjár af þeim stærstu árið 2003 sem voru hluti af sterkum fyrirtækjum. Það eru verksmiðjur Þormóðs ramma – Sæbergs á Siglufirði, Strýtu Akureyri og verksmiðja Fiskiðjusamlags Húsavíkur.

**Rækjuveiði hverfandi**

Stærsta breytingin í rekstrarumhverfi rækjuverksmiðja undanfarin ár er aðgengi að hráefni.

Ástand rækjustofna er slæmt og rækjuveiðin við Ísland er nú sú minnsta í 40 ár. Aflabrestur hefur orðið í innfjarða- og úthafsrækjuveiðum. Íslendingar hafa stundað úthafsrækjuveiði í um 20 ár og hæst fór úthafsveiðiaflinn í um 65 þúsund tonn árin 1995 til 1997. Tíu árum seinna var veiðin aðeins um fimm þúsund tonn. Árin 2004 og 2005 minnkaði afli enn meira og var aðeins um 600 tonn árið 2006.

Aflabrestur í innfjarðarækjuveiði og algjört veiðibann hefur einnig haft mikil áhrif því nokkur fyrirtæki byggðu afkomu sína á þessum veiðum.

Innfjarðarækjuveiðin var um






## VINDLINGAR:
### HAGSÝNI ÞEIRRA FÁTÆKU

■ Talið er að spænskir fátæklingar hafi fundið sígarettuna upp á 18. öld þar eð þeir muldu niður stubbana af vindlum sem efnaðra fólk henti á götuna, vöfðu mylsnunni inn í pappír og reyktu. Á 19. öld var farið að bæta örlítilli tjöru í pappírinn sem sígarettur eru vafðar úr. Það var gert til þess að bruninn yrði hægari og jafnari, en eykur óhollustu sígarettunnar til muna. Tóbaksreykingar eru upprunnar frá frumbyggjum Norður-Ameríku, þaðan sem tóbakið er upp komið. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni reykja flestir í Austur-Asíu, eða um tveir þriðju hlutar karlmanna.

tíu þúsund tonn árið 1995 en árið 2005 var veiðin aðeins 500 tonn. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum kemur fram að mælingar sýna að stofnarnir eru í sögulegu lágmarki. Á yfirstandandi fiskveiðiári hefur engum kvótum í innfjarðarækju verið úthlutað. Leyfilegt er að veiða sjö þúsund tonn af úthafsrækju, sem ólíklegt er að náist að veiða.

**Áhrif á byggðirnar**

Vart þarf að taka það fram að hrun rækjuiðnaðarins hefur haft gríðarleg áhrif á einstakar byggðir úti um land. Fækkun verksmiðja þýðir aðeins eitt; fólk missir vinnuna og áhrifin á byggðarlög, sem treyst hafa á þennan iðnað, eru djúpstæð.

Árið 2004 er áætlað að störf í rækjuiðnaði hafi verið um 450 en eru vart fleiri en 120 nú. Í skýrslu nefndar um stöðu og horfur í rækjuiðnaði á Íslandi sem unnin var fyrir sjávarútvegsráðuneytið árið 2006 er áætlað að um 840 einstaklingar hafi byggt afkomu sína af rækjuiðnaði. Þá er ekki tekið tillit til afleiddra starfa.

Rækjuiðnaðurinn hefur á undanförnum árum einskorðast við norðanvert Snæfellsnes, Vestfirði og Norðurland. Vegna stærðar byggðanna, þar sem rækjuiðnaður hefur verið stundaður, á þessu svæði og ólíkrar uppbyggingar atvinnulífs eru áhrifin mismikil.

Uppsagnir starfsfólks Strýtu á Akureyri í vikunni hefur þannig lítil áhrif í stóru samhengi. Möguleikar þeirra sem misst hafa vinnuna að tryggja sér ný störf eru þannig ágætir í ljósi fjölbreytts matvælaiðnaðar nyrðra. Ef hins vegar er horft til minnstu byggðarlaganna er myndin allt önnur. Árið 2005 lagðist rækjuiðnaður af í Súðavík. Í byrjun þess árs voru 30 prósent allra starfa í þorpinu í rækjuiðnaði, auk afleiddra starfa að sjálfsögðu. Í Stykkishólmi voru sjö prósent starfa í rækjuiðnaði á sama tíma en voru í lok ársins engin.

Í dag eru starfandi verksmiðjur sem standa undir miklum fjölda starfa innan viðkomandi byggðarlaga. Í Hólmavík er verksmiðjan Hólmadrangur þar sem um 10 prósent starfa byggðarlagsins byggjast á. Rækjuvinnsla í Bolungarvík er einnig mikilvæg með um sex prósent starfa.

**Útlitið**

Í umfjöllun Fiskifrétta um rækjuiðnaðinn um mitt ár í fyrra var rætt við Gest Geirsson, framkvæmdastjóra landvinnslu Samherja. Hann spáði því að ef afkoma rækjuverksmiðja batnaði ekki myndi varla verða til staðar rækjuiðnaður á Íslandi að ári. Ekkert bendir til að mat Gests hafi verið á of mikilli svartsýni byggt.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is





**Vefurinn:** SorryGottaGo

Þarftu að losna úr símanum? Spilaðu eitthvert af mörgum viðeigandi hljóðum (sími hringir, bankað á dyr), og afsakaðu þig.

www.sorrygottago.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON, ANNAR ÞÁTTASTJÓRNANDI GAMETÍVÍ Á SKJÁ EINUM

## *Tróð sér í stokk og afklæddi Sverri Bergmann*



Fyrsti GameTíví-þáttur ársins, þar sem Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann fjalla um nýjustu tölvuleikina og flytja fréttir úr leikjaheiminum, var sýndur á Skjá einum í gærkvöldi. Ólafur, eða Óli Jó eins og hann er kallaður, segir þá félaga vel stemmda eftir jólafríið og heilmikið verði á dagskrá næstu mánuðina, en þátturinn verður sýndur vikulega í sjónvarpi fram á vor.

„Núna í byrjun ársins erum við aðeins að taka saman það helsta sem gerðist á síðasta ári í leikjaheiminum og í þættinum, til dæmis fórum við yfir þá leiki sem seldust best á árinu á Íslandi í fyrsta þættinum,“ segir Óli. „Svo ætlum við að sýna eins konar „best of“ úr raunveruleikjunum okkar frá því í fyrra í næsta þætti, en þar reyndum við að leika eftir ýmsar kúnstir úr tölvuleikjum í alvörunni.“

Beðinn um að nefna dæmi segir Óli að þeir félagar hafi til dæmis reynt að klífa byggingar eins og gert er í Assasin‘s Creed og troðið sér í loftræstistokk, sem er vinsælt hjá aðalhetjum í ýmsum tölvuleikjum og kvikmyndum. „Svo vildum við sjá hvort ég gæti drepið Sverri í þykjustunni og klætt mig í fötin hans á jafn skömmum tíma og aðalhetjan gerir í Hitman-leikjunum. Það kom á daginn að það er töluvert erfiðara í alvörunni,“ segir hann.

En hvað fannst þáttastjórnandanum persónulega standa upp úr á síðasta ári í leikjaheiminum? „2007 var mjög gott leikjaár, og athyglivert að next-gen leikjatölvurnar [Xbox 360, PlayStation 3 og Wii] lifðu nokkurn veginn í sátt og samlyndi. Í mínum bókum er leikur ársins annaðhvort God of War 2 eða Uncharted: Drake‘s Fortune, en svo koma líka til greina frábærir leikir eins og Halo 3, Mass Effect og Super Mario Galaxy.“

## TÆKNIHEIMURINN

### Smash Bros. slær í gegn



Super Smash Bros. Brawl, framhald bardagaleiksins vinsæla frá Nintendo, hlaut fullt hús stiga í gagnrýni japanska tímaritsins Famitsu á dögunum. Hann er sá sjöundi í sögu þessa vinsæla tímarits, sem kom fyrst út árið 1986, til þess að fá fjörutíu stig af fjörutíu mögulegum. Leikurinn kemur út 9. mars í Bandaríkjunum, en enginn útgáfudagur hefur verið ákveðinn fyrir Evrópu.

### ESB gegn Microsoft, taka tvö

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hafið nýja rannsókn á því hvort hugbúnaðarrisinn Microsoft hafi misnotað markaðsráðandi aðstöðu sína í Evrópu. Microsoft tapaði svipuðu máli á síðasta ári, en þá dæmdi dómstóll Evrópusambandsins fyrirtækið til að greiða sem samsvarar fimmtíu milljörðum króna í sekt fyrir að flétta Media Player-spilarann við Windows-stýrikerfið.

### Heimsækja gamlan vin



Könnunarflaugin Messenger flaug fram hjá Merkúr fyrr í þessari viku, og tók fyrstu myndir af yfirborði plánetunnar síðan 1974. Flauginni var skotið á loft af bandarísku geimferðastofnuninni, NASA, árið 2004 og hefur meðal annars flogið á braut um jörðina og Venus síðan þá.

### Nú er það svart

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa búið til svartasta efni heims. Það er búið til úr örsmáum kolefnispípum og endurkastar þrisvar sinnum minna af ljósi en þau svörtustu efni sem hingað til hafa verið framleidd. Vonast er til að hægt verði að nota þessa tækni í framtíðinni, til dæmis í flatskjái, fatnað og tölvuminni.



**Í UMSLAGI** Þegar Jobs steig á svið með umslag í höndunum áttu fáir von á því að hann myndi draga út fartölvu. NORDICPHOTOS/AFP

# Mikil upplifun að sjá Jobs

**Hinni árlegu MacWorld ráðstefnu Apple lýkur í dag. Nú tekur við hið árlega rifrildi tækniáhugamanna á netinu um það hvort kynning forstjórans Steve Jobs stóðst væntingar þeirra eða ekki. Jón Helgi Erlendsson var meðal gesta á ráðstefnunni og segist ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum.**

Mikil eftirvænting ríkir jafnan eftir því hvaða vörur Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnir á MacWorld ráðstefnunni. Í ár var boginn spenntur sérstaklega hátt, þar sem Jobs hafði notað ráðstefnuna í fyrra til að kynna hinn byltingarkennda iPhone-síma.

Þegar Jobs steig af sviðinu eftir um tveggja klukkustunda kynningu var allt komið í ljós: ný, örþunn MacBook Air fartölva, hugbúnaðaruppfærsla fyrir iPod Touch og kvikmyndaleiga á netinu í gegnum iTunes auk fleiri lítilvægari nýjunga.

Fartölvan vakti langmesta athygli, enda sögð sú þynnsta í heimi, en þeir sem höfðu búist við annarri eins sprengju og Jobs varpaði á sama tíma árið 2007 urðu fyrir vonbrigðum. Enda varla hægt að búast við því að eitt fyrirtæki setji tækniheiminn á annan endann á hverju ári.

Jón Helgi Erlendsson, nemi og Apple-áhugamaður, fór með bróður sínum til San Francisco á ráðstefnuna. „Þetta er búin að vera mikil upplifun. Við biðum í þó nokkra tíma eftir kynningunni hans Steve Jobs, og það var magnað að sjá hann á sviðinu.“

Aðspurður hvort honum hafi fundist kynningin í ár falla í skuggann af þeirri sem haldin var í fyrra segist Jón Helgi ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum, en honum hafi fundist leiðinlegt hve fátt kom á óvart. Nokkrum dögum fyrir kynninguna spáðu flestir tæknifréttavefir því að Jobs myndi kynna nýja og létta fartölvu og opna kvikmyndaleigu iTunes á netinu. Það gekk eftir.

„Ég var eiginlega svekktastur að geta ekki keypt fartölvuna [MacBook Air] strax, hún kemur ekki á markað fyrr en eftir tvær vikur,“ segir Jón Helgi sem gerir fastlega ráð fyrir að kaupa eina slíka þegar færi gefst.

„Þetta er tölva sem er rosalega þægileg í skólann og allt svoleiðis. Við fengum að leika okkur aðeins með hana eftir kynninguna og hún er miklu þynnri og nettari en maður gerir sér grein fyrir á myndum.“

salvar@frettabladid.is

Eigendur Scrabble ósáttir:

## Vilja fjarlægja Facebook-skrafl

**Scrabulous, einn vinsælasti leikurinn á Facebook-tengslavefnum, gæti brátt liðið undir lok. Fyrirtækin Hasbro og Mattel, sem eiga Scrabble-vörumerkið, hafa sent aðstandendum Facebook bréf þar sem farið er fram á að leikurinn verði tekinn af síðunni vegna þess hve líkur hann sé Scrabble.**

**Í leiknum fá spilarar sjö stafi og eiga að mynda úr þeim orð á spilaborði. Facebook-notendur geta spilað leikinn við vini sína, og kostar ekkert að taka þátt.**

**Samkvæmt fréttavef BBC vilja aðstandendur Facebook ekki tjá sig um málið á þessu stigi.** - sþs



**Í HÉRAÐSDÓMI** Tómas Jónsson, verjandi Svavars, og Hróbjartur Jónatansson, fyrir hönd kærenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Málflutningur í næstu viku:

## Torrent-mál tekið fyrir

Istorrent-málið svokallaða var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Um var að ræða afstöðu stefnenda; 365 miðla, Framleiðendafélagsins SÍK og Sambands hljómplötuframleiðenda, til frávísunarkröfu Istorrent ehf. á málinu.

Ákveðið var að málflutningur vegna frávísunarkröfunnar yrði haldinn föstudaginn 24. janúar klukkan 10.30. Að því loknu tekur dómari ákvörðun um það hvort lögbanni á síðuna, þar sem nálgast mátti tónlist, kvikmyndir, tölvuleiki og annan hugbúnað frítt, verður aflétt eða ekki. - sþs



42LC51

42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms




Verð áður 179.900

**149.900**

42PC35

42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stafrænn móttakari




Nýtt Nýtt

**119.900**

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!





**67.425**
Verð áður 89.900

Manta 60 Vetro
## Airone veggháfur



**63.675**
Verð áður 84.900

ITACA ISOLA 390
## Airone eyjuháfur





**76.415**
Verð áður 89.900



Útsöluverð
**38.900**

**63.665**
Verð áður 74.900

GC379BLA
## LG ísskápur
Hæð 185 cm
Breidd 60 cm

WD12400TDK
## LG þvottvél
7kg
1200 snúningar

L-1036
## Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga

**67.915**
Verð áður 79.900

GCB359BTQA
## LG ísskápur
Hæð 170 cm
Breidd 60 cm







FEA07C1X
PVL4DTCX
1CT130X
## Pakkatilboð
Ofn, helluborð og gufugleypir

**89.900**
Verð áður 154.700

160 GB UPPTÖKU DISKUR



**189.900**

42PT85
## 42” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz

# RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott



# Ferðadagar Icelandair og Hagkaupa

**Frá 17.–27. jan.**

**50 FERÐAVINNINGAR!**
Allir kassastrimlar eru happdrættismiðar. Neðst á strimlinum er númer, þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerinu og færð samstundis svar við því hvort þú hefur dottið í lukkupottinn.

**ÞÍN BORG Á HAGKAUPSVERÐI**
Spennandi heimsborg á tilboðsverði á hverjum degi.

**SÖLUBÁSAR Í VERSLUNUM HAGKAUPA**
Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og á Akureyri. Þar gefst viðskiptavinum kostur á að bóka sér ferð.

# Hvert vi




**Exido blandari** 246015
- 500w, 1.5 l glerkanna, 2 hraðastillingar




**Ferðatöskur** 3 stærðir




**Wrigley's tyggjó karton**




**Melissa örbylgjuofn burstað stál** 653122
- 20 ltr., 800w, 1000w quartz grill




**Dýrin í Hálsaskógi DVD**




**Latabæjar litabækur**

**STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI DUTY FREE TILBOÐUM…**

**NÝR FERÐABÆKLINGUR ICELANDAIR**
Mín borg, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.




# ltu fara?

## BERLÍN Á FRÁBÆRU VERÐI Í DAG

Kauptu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.




**BBQ hamborgarar 140g**
- 2 stk. , sósa, ostur og brauð




**Kjúklingalundir**
- kryddlegnar




**Toblerone 100 g**




**Ben & Jerry´s ís**

WWW.ICELANDAIR.IS

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.515 **+1,14%**

**Fjöldi viðskipta:** 584
**Velta:** 4.096 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| FL GROUP | 3,33% |
| TEYMI | 2,08% |
| BAKKAVÖR | 1,92% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| ATLANTIC AIRWAYS | 4,22% |
| FLAGA | 3,57% |
| EIK BANKI | 3,09% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,10 +0,44% ... Bakkavör 53,00 +1,92% ... Eimskipafélagið 31,10 -1,43% ... Exista 14,70 +0,00% ... FL Group 10,85 +3,33% ... Glitnir 20,10 +0,25% ... Icelandair 27,35 +0,37% ... Kaupþing 748,00 +1,63% ... Landsbankinn 32,10 +1,58% ... Marel 100,00 +0,00% ... SPRON 7,45 -1,85% ... Straumur-Burðarás 13,39 +0,98% ... Össur 96,10 +1,69% ... Teymi 5,90 +2,08%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Stormsveit í furstadæmunum

Stór hópur Íslendinga undirbýr sig nú fyrir ferð til Abu Dhabi-borgar í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Katar við Persaflóa. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun leiða stormsveit íslenskra bisnessmanna ásamt eiginkonu sinni. Sendinefndin mun mæta á Hilton-hótelið á morgun, laugardag, og dvelja ytra til föstudagsins 25. janúar. Fundur um framtíðar orkugjafa hefur verið skipulagður auk umræðu um stefnu í orku- og auðlindamálum. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, Björgólfur Thor Björgólfsson, aðaleigandi Novator, Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital, og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, verða með í för. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra mun auðvitað fylgja gamla félaga sínum úr Alþýðubandalaginu eftir.



### Kommar eða terroristar

Í niðursveiflunni á heimsmörkuðunum allra síðustu mánuði hefur verð á fjármálafyrirtækjum hrunið. Margir segja að bankar, til dæmis í Bandaríkjunum, séu orðnir ódýrir. Vandamálið er bara að fáir fjárfestar eiga peninga á lausu til að fjárfesta í bönkum og enn færri viljugir til að taka áhættu. Helst er að efnaðir einstaklingar í Rússlandi og arabalöndunum sitji á fúlgum fjár. Og þegar illa árar er mönnum alveg sama hvaðan peningarnir koma. Í þættinum Squawk Box á CNBC í gær orðaði Jim Cramer, sem er þekktur kjaftaskur í bandarískum fjölmiðlum, þetta svona: „Viljum við að kommarnir eignist bankana eða hryðjuverkamennirnir? Okkur er alveg sama, við erum svo örvæntingafull.“

## MARKAÐSPUNKTAR

Mikael Ericson hefur verið ráðinn forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie og mun hann taka við starfinu eigi síðar en í júlí í sumar. Fyrri yfirmaður Carnegie var í haust dæmdur í hálfs árs fangelsi vegna innherjasvika.

Verð sjávarafurða hækkaði um 0,8 prósent í nóvember síðastliðnum frá fyrri mánuði mælt í erlendri mynt. Afurðaverð á erlendum mörkuðum er í sögulegu hámarki og hefur hækkað um tæp 4,5 prósent á síðustu þremur mánuðum.

Ekki hafa verið færri nýbyggingar í byggingu í Bandaríkjunum í 27 ár. Hafist var handa við byggingu 1,4 milljóna nýrra íbúða og húsa á árinu 2007 og er það 24,8 prósenta fækkun frá árinu á undan.

# Merrill Lynch í tapi

Bandaríski bankinn Merrill Lynch tapaði 7,8 milljörðum dala, jafnvirði 507 milljörðum íslenskra króna, á síðasta ári. Þar af nemur tapið á síðasta fjórðungi nýliðins árs 9,83 milljörðum dala. Bankinn hefur aðeins skilað tapi á heilu ári nema á árunum 1971 og aftur 1989, að því er bandaríska dagblaðið New York Times hermir.



**FORSTJÓRINN** Bandaríski fjárfestingarbankinn skilaði tapi á síðasta ári.

Langmestu munar um 15 milljarða dala afskriftir á skuldabréfavöndlum sem tengjast bandarískum undirmálslánum og verðbréfum sem bankinn hafði fjárfest í.

Þá jafngildir þetta því að tap á hlut nemur 12,01 dal á hlut samanborið við 2,41 dals hagnað árið á undan. Þetta er tæplega þrisvar sinnum meira tap en markaðsaðilar höfðu reiknað með.

**HAGNAÐUR Á HLUT HJÁ MERRILL LYNCH**

| Tímabil | Upphæð |
|---|---|
| Jan.-des. 2007 | -12,01 dalur |
| Jan.-des. 2006 | +2,41 dalur |

Ljóst þykir að Merrill Lynch, líkt og fleiri bankar í Bandaríkjunum, hefur komið illa út úr lausafjárþurrðinni sem rót á að rekja til vanskila á annars flokks húsnæðislánum þar í landi. Bankinn hefur líkt og aðrir leitað leiða til að vega upp á móti slælegri afkomu, svo sem með sölu hlutafjár til fjárfesta í Mið-Austurlöndum, Kína og Japan. Það hefur hins vegar valdið nokkru hugarangri vestanhafs enda hlutur erlendra afla orðinn sterkur í bandarískum fjármálaheimi, líkt og viðskiptablaðið Financial Times benti á í vikunni. **- jab**

# Vill samhentar hagstjórnaraðgerðir

Tímabundnar efnahagsaðgerðir til að auka hagvöxt í Bandaríkjunum eru jákvætt skref, að mati Bens Bernankes, aðalseðlabankastjóra Bandaríkjanna.

Bernanke mætti fyrir fjárlaganefnd bandaríska þingsins í gær og gerði þar grein fyrir stöðu efnahagsmála í kjölfar vanskila og þrenginga á fasteignamarkaði þar í landi en það hefur valdið lausafjárþurrð víða um heim og gengisfalli á helstu fjármálamörkuðum. Hann sagði að þrátt fyrir stýrivaxtalækkun bankans í haust og aukna verðbólgu séu horfur á að úr henni muni draga á árinu. Þá taldi hann ekki líkur á samdráttarskeiði af þessum völdum líkt og margir hafi varað við. „Samhentar aðgerðir gætu skilað betri árangri en aðgerðir seðlabankans einar og sér,“ sagði hann.

Bernanke gaf ekki upp hverjar þessar aðgerðir gætu verið. Bloomberg-fréttaveitan hins vegar hefur eftir fjármálasérfræðingum að aðstæður í efnahagslífinu auki líkurnar á því að seðlabankinn lækki stýrivexti eftir hálfan mánuð um allt að fimmtíu punkta auk þess sem vel geti verið að stjórnvöld beiti skattalegum aðgerðum. **- jab**

# Ein stærstu kaupin frá upphafi fjármálakreppu

**Yfirtaka London Acquisition á Stork-iðnsamstæðunni í Hollandi eru ein stærstu fyrirtækjakaup í Evrópu frá upphafi fjármálakreppunnar, upp á 1,7 milljarða evra. Landsbankinn og Eyrir Invest eiga fjórðung í félaginu á móti breska fjárfestingarsjóðnum Candover. Yfirtakan var lýst skilyrðislaus í gær og með því líka uppfyllt eitt skilyrða í kaupum Marel Food Systems á matvælavinnsluvélahluta Stork-samstæðunnar.**



**LYKILMENN** Í nóvemberlok hittust í Garðabæ forstjórar og stjórnarformaður hjá Marel til að undirbúa kynningarfund vegna kaupanna á Stork Food Systems. Þetta eru Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, forstjóri Eyris, Theo Hoen, forstjóri SFS, og Hörður Arnarson, forstjóri Marels. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Yfirtökutilboð London Acquisition á Stork N.V. er skuldbindandi og án skilyrða, samkvæmt tilkynningu félagsins í gær. Í byrjun vikunnar varð ljóst að 98 prósent hluthafa Stork hefðu samþykkt tilboðið. Yfirtakan er upp á 1,7 milljarða evra, eða tæpa 162 milljarða króna.

Þar með hefur verið uppfyllt eitt af skilyrðunum fyrir kaupum Marel Food Systems hf. á Stork Food Systems. Enn er beðið umsagnar starfsmannaráðs Stork og heimildar samkeppnisyfirvalda. Samkvæmt tilkynningu Marels til Kauphallar í gær er búist við að niðurstaða liggi fyrir um miðjan mars næstkomandi.

Nokkur söluhagnaður myndast í bókum Marel Food Systems við yfirtökuna á Stork, en við lok þriðja ársfjórðungs 2007 miðaðist virði eignarhlutar Marels í eignarhaldsfélaginu LME við lokagengi bréfa í Stork upp á 45,70 evrur á hlut, en sala hlutar Marels í LME miðaðist við gengið 48,40. Ætla má að Marel Food Systems fái tæpar 132 milljónir fyrir hlutinn, eða sem nemur um 12,5 milljörðum króna. „Jafnframt féll til vaxta- og viðskiptakostnaður vegna eignarhlutarins á fjórða ársfjórðungi,“ segir í tilkynningunni. Á móti kemur að Marel kaupir Stork Food Systems á 415 milljónir evra, eða nálægt 38 milljarða króna.

Eignarhaldsfélagið LME, sem átti yfir 43 prósent í Stork, hefur verið leyst upp, en þar áttu hlut auk Marels, Eyrir Invest og Landsbankinn 40 prósent hvor. Eyrir og Landsbankinn eiga nú sem nemur fjórðungi í London Acquisition sem kaupir Stork.

Heildarvirði eignarhlutar LME í Stork nemur um 659 milljónum evra, eða yfir 62,6 milljörðum króna og koma því tæpar 264 milljónir evra, rúmir 25 milljarðar króna, Eyris og Landsbankans hvors um sig. Í tilkynningu Eyris um viðskiptin til Kauphallar í gær kemur fram að fjárfesting félagsins í London Acquisition nemi 103,75 milljónum evra, eða rúmlega 9,8 milljörðum króna. Mun fjárfestingin að fullu fjármögnuð með eigin fé Eyris og langtímaláni til fimm til átta ára.

Áætla má að fjárfesting Landsbankans í London Acquisition nemi 69 milljónum evra, eða rúmum 6,5 milljörðum króna. Eyrir hefur því losað um einhverja 15 milljarða króna í viðskiptunum og Landsbankinn um tæpa 19 milljarða.

Golman Sachs fjármagnar yfirtökuna á Stork, en Landsbankinn kaup Marels á Stork Food Systems. **olikr@frettabladid.is**


Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

**Alvöru dísil jeppar**
fyrir íslenskar aðstæður...



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
- Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

...upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**



Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.
SSANGYONG

Eyðsla í blönduðum akstri
**aðeins 8,7 ltr. á 100 km.**

**Bílasalan Ós** Akureyri, sími 462 1430
**Bílahornið hjá Sissa** Keflavík, sími 420 3300
**Bílasala Vesturlands** Borgarnesi, sími 437 2100
**Bílasala Austurlands** Egilsstöðum, sími 471 3005

# VERKFÆRI FYRIR FAGMENN

DeWalt mun halda á Íslandi stærsta og veglegasta sölufund sem haldin hefur verið. Væntanlegir eru rúmlega 300 einstaklingar víðsvegar af á Norðurlöndunum til að sjá allt það nýjasta sem DeWalt hefur upp á að bjóða.

Af þessu tilefni bjóðum við ótrúleg tilboð á DeWalt vörum út janúar.

## Vélar á tilboði.




94DC988KB1

**Tilboð 29.900**

**Komdu með gamla DeWalt borvél og við tökum hana upp í á 10.000**

**Súpertilboð**

**19.900**

**(Aðrar tegundir teknar upp í á 5.000)**



94DW707

30% afsl.

Fullt verð 48.900

**34.230**




94D25002K

40% afsl.

Fullt verð 16.900

**9.295**



30% afsl.

94DT9292

Fullt verð 16.900

**11.830**




40% afsl.

94DC740KA

Fullt verð 17.900

**10.740**

DEWALT®



SINDRI




Sími: 575 0000 www.sindri.is

Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði - Viðarhöfða 6 Reykjavík

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillögur að breytingum á skipan dómara:

## Með öflugu framkvæmdavaldi

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Eftir að þrisvar hefur verið tekist harkalega á um skipan dómara, tvo hæstaréttardómara og nú dómara í héraðsdómi, er eðlilegt að vakni spurningar hvort sú aðferð sem notuð er við val þeirra sé sú heppilegasta.

Með núverandi fyrirkomulagi er það einungis á ábyrgð eins manns, setts dómsmálaráðherra, að velja þann umsækjanda sem þykir hæfastur, þó svo hann fái til þess ráðgjöf matsnefndar.

Dómsmálaráðherra, sem fulltrúi framkvæmdavaldsins, ber pólitíska ábyrgð á veitingunni. Um það verður ekki efast, þótt hægt sé að efast um hversu skilvirk krafan um pólitíska ábyrgð sé hér á landi. Hins vegar þarf það að vera til umræðu hvort slík skipan mála samhæfist æskilegri skiptingu ríkisins í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald.

Framkvæmdavaldið lýtur ekki beinni kosningu og þurfa ráðherrar ekki að vera kjörnir þingmenn. Nú getur það verið svo að sá ráðherra sem ber pólitíska ábyrgð á því að velja dómara þarf ekki að vera þingmaður. Hvernig slíkur ráðherra ber sína pólitísku ábyrgð er óljóst. Hann getur í það minnsta ekki lagt ákvörðun sína undir dóm kjósenda.

Eins og í flestum öðrum lýðræðisríkjum byggist íslenskt stjórnkerfi á afbrigði af hugmyndum Montesquieu um þrískiptingu ríkisins, þar sem hver grein fyrir sig er sjálfstæð, svo hver um sig hafi ekki meira vald en önnur, eða báðar hinna.

Ef íslenska skipanin er hins vegar skoðuð virðist sem framkvæmdavaldið hafi ívið meira vald en löggjafar- og dómsvaldið. Sem dæmi má taka að nánast öll frumvörp sem verða að lögum eru stjórnarfrumvörp á meðan það heyrir til undantekninga að þingmannafrumvörp verði að lögum. Þá er það ærið, vald ráðherra, að velja dómara og sjá til þess að dómsvaldið sé samansett dómurum með „réttar“ hugmyndir um hlutverk dómstóla eða dómstólavæðingu.

Fullveldið liggur hins vegar hjá þjóðinni. Eina stofnunin sem kosið er beint til er löggjafarvaldið og telja því margir að vagga fullveldisins liggi hjá Alþingi. Því er ekki óeðlilegt að Alþingi komi að einhverju leyti að skipan dómara.

Eins og tillaga Lúðvíks Bergvinssonar gerir ráð fyrir er hægt að krefjast þess að 2/3 þingmanna staðfesti val framkvæmdavaldsins, að undangengnu mati matsnefndar á umsækjendum. Sumir hafa af því áhyggjur að með því sé verið að gera val dómara í öllum tilfellum að pólitísku bitbeini. En með því að krefjast aukins meirihluta, í stað einfalds meirihluta, er verið að reyna að koma í veg fyrir slíkar pólitískar deilur. Slíkar deilur eru jú algengar í Bandaríkjunum, þar sem staðfestingar þingsins er krafist á hæstaréttardómurum. En þar er einnig valið í embætti eftir dómasögu og stjórnmálaskoðunum og hvor flokkurinn um sig, repúblikanar og demókratar, reyna að koma sínum flokksmönnum í hæstarétt á meðan þeir hafa tækifæri til.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Tálknfirðingar**

**- nær og fjær!**

**Þorrablót** Tálknfirðinga - nær og fjær - verður haldið í sal Glaðheima, Álalind 3, Kópavogi, laugardaginn 2. febrúar n.k.

Húsið opnar kl 19:00.

**Miða- og borðapantanir fyrir 29. janúar** hjá Pétri í síma 862-0162 og Ólu í síma 894-8839 **eftir kl. 18:00**.

Pantaðir miðar afhentir á sama stað, miðvikudaginn 30.janúar milli kl 18:00 og 20:00 og einnig við innganginn þann 2.febrúar.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vill ekki tjá sig

Sigursteinn Másson, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins, ritaði harðorða greinargerð um aðstæður íbúa í Hátúni 10. Þar rekur hann mörg dæmi um það sem hann telur vera alvarlega handvömm af hálfu hússjóðs ÖBÍ, sem hefur umsjón með fasteignum bandalagsins. Það alvarlegasta er banaslys í fyrra þegar maður brann af völdum heits vatns í íbúð sinni. Garðar Sverrisson, sem nú er formaður hússjóðsins, segir að hússjóðurinn beri ábyrgð á því sem gerðist. Helgi Hjörvar, sem var formaður hússjóðs ÖBÍ á þeim tíma sem greinargerð Steingríms nær til, kýs að tjá sig ekki um málið. En eru þessar ávirðingar ekki alltof alvarlegar fyrir alþingismann að sitja þegjandi undir?



### Örugglega vanreiknað

Borgarráð hefur samþykkt að Sundabraut fari í göng, þrátt fyrir að Vegagerðin hafi lagst gegn því á þeim forsendum að göng væru níu milljörðum dýrari en svokölluð eyjalausn og valdi þar að auki meiri umferðarröskun. Það stóð ekki á mótsvörum hjá borgarráði. „Í fyrsta lagi efumst við um að kostnaðartölur varðandi göngin stemmi,“ sagði Björn Ingi Hrafnsson við Vísi í gær. „Í öðru lagi er sá kostnaður sem Vegagerðin nefnir í sambandi við eyjaleiðina örugglega vanreiknaður auk þess sem við teljum hann einfaldlega ekki tækan.“ Það fer að verða leitun að þeim matsaðila sem stjórnmálamönnum finnst ástæða til að taka mark á.



### Sundur og saman

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, hefur gagnrýnt frumvarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um varnarmál á þingi. Og formaður Samfylkingarinnar svarar fullum hálsi. Það er svo sem ekkert nýtt að þingmenn gagnrýni kollega sína í öðrum flokkum. Þrætur Árna og Ingibjargar eru hins vegar gott dæmi um þann pólitíska viðsnúning sem getur orðið í fjölflokkakerfinu. Þau voru nefnilega býsna nánir samherjar í gamla R-listanum, til dæmis var Árni aðstoðarmaður borgarstjórans Ingibjargar Sólrúnar frá 1998 til 1999.

bergsteinn@frettabladid.is

# In memoriam



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Fallni meirihlutinn

Í síðustu viku kom minningargreinakálfur með 24 stundum. Þar sem langt er síðan ég hef séð slíkan kálf og sjaldgæft að sjá einn um hóp fólks gluggaði ég í hann. Þar skrifa núverandi borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minningargreinar um sig og störf sín þá 16 mánuði sem þeir voru við völd í Reykjavík.

Þetta er hin fróðlegasta lesning. Það er góð hugmynd hjá þeim að gera þetta núna á miðju kjörtímabili því þeim er náttúrlega jafn ljóst og okkur hinum að þeirra tími er liðinn. Þau munu vart skreyta listann í næstu kosningum og allir búnir að gleyma þessum afrekskverkum þeirra en minnast þeirra eingöngu fyrir klaufaskapinn. Að geta ekki haldið borginni í heilt kjörtímabil. Það er afbragð fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar að hafa þennan kálf sér til upprifjunar um glæstan stjórnarferil því það er ótrúlegt hvað þetta fólk kom miklu í verk. Reyndar eru þau ein til frásagnar og vel þekkt að í minningargreinum er til siðs að fegra frekar hlutina en hitt. Það er til dæmis ótrúlegt afrek að ná Yoko Ono með friðarsúluna til landsins á ekki lengri tíma. Það er ég viss um að enginn hefði getað slíkt nema Villi og vitringarnir.

**Pólitísk upprisa**

Á baksíðunni sést hvaða fólk lenti í þessu hópslysi og neðst stendur: Hafðu samband við okkur. Þeir sem vilja hlýða því kalli hljóta að þurfa að mæta á pólitískan miðilsfund því í pólitísku tilliti er hópurinn kominn yfir móðuna miklu. Hann fékk tækifæri sem hann glutraði niður á ótrúlegan hátt. Það gleymist varla svo létt. Væri ég að leita að fólki til pólitískra starfa myndi ég leita annað. Reyndar er sagt að besti skólinn í viðskiptalífinu sé gjaldþrot, en það er óvíst hvert það gildi í pólitík og það um heilan flokk. Það má vera að einn og einn geti risið upp frá pólitískum dauða, einkum ef hann er úr Eyjum, en ég get ekki ímyndað mér að allur þessi hópur eigi sér viðreisnar von. Þau gætu dreift sér um landið, en ég efast stórlega um að það sé pláss fyrir þau öll í Reykjavík þar sem framboð er nægt af frambærilegu og hæfileikaríku fólki sem hefur ekki gert önnur eins axarsköft og þessi hópur.

*Í Valhöll berjast menn á daginn, eta og drekka á kvöldin og rísa upp að morgni til að halda bardaganum áfram. Nú er vart lífsmark að sjá, að minnsta kosti ekki í Valhöll við Háaleitisbraut. Þar eru menn að kafna í undarlegri meðvirkni.*

**Vart lífsmark að sjá**

Það að kálfurinn skuli sendur út með 24 stundum en ekki Morgunblaðinu segir ýmislegt um ástand þess síðarnefnda. Þar eins og í borgarstjórnarflokknum sáluga situr fulltrúi gamla tímans við völd og stendur allri framþróun fyrir dyrum. Svo beiskur er tónninn að roða slær á kinnar jafnvel dyggustu starfsmanna blaðsins þegar ritstjórnarefni blaðsins ber á góma. Meðan áskrifendur yfirgefa Morgunblaðið og borgarstjórnarflokkur D-listans kjósendur sína láta eigendur eins og allt sé í himnalagi.

Ég er farin að ryðga í goðafræðinni en mig minnir að þeir sem dóu í bardaga hafi farið í Valhöll, hinir sem dóu sóttdauða fóru til heljar. Í Valhöll berjast menn á daginn, eta og drekka á kvöldin og rísa upp að morgni til að halda bardaganum áfram. Nú er vart lífsmark að sjá, að minnsta kosti ekki í Valhöll við Háaleitisbraut. Þar eru menn að kafna í undarlegri meðvirkni. Fjármálaráðherra, þessi indælis drengur sem ég hef átt svo góðar stundir með í Skautahöllinni, lætur nokkur „has been“ teyma sig á asnaeyrum bæði í óskiljanlegu stríði við Kaupþing (evra/króna) og mannaráðningum í réttarkerfinu sem eru móðgun við þjóðina.

Er ekki tímabært að forsætisráðherra berjist við fortíðardraugana í Valhöll og geri út um málin í eitt skipti fyrir öll? Hve lengi eigum við að sætta okkur við völd bláu handarinnar? Á hún ekki ríkan þátt í þessu launaskriði æðstu embættismanna með sífelldum launahækkunum til handa sjálfri sér meðan íbúð venjulegra hjóna sem eru með 310 þúsund í mánaðarlaun er sett á nauðungaruppboð? Í dæminu sem ég hef í huga voru það afnotagjöldin af RÚV sem riðu baggamuninn.

Ég segi bara eins og uppáhalds sjónvarpshetja mín Ólafur Ragnar og beini orðum mínum til forsætisráðherra: Sæll. Öll ljós kveikt, en enginn heima.

# Hin þöglu svik

**UMRÆÐAN**

Heilbrigðisstefna



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Nú þegar frjálshyggjumenn hafa hafist handa um að keyra heilbrigðiskerfið út í einkarekstur er óhjákvæmilegt að fólk beini sjónum sínum að samstarfsflokki Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, Samfylkingunni og kalli hana til ábyrgðar. Þótt samskiptin í ríkisstjórn gangi greinilega út á að gefa hverjum ráðherra frelsi til að fara sínu fram í „sínu ráðuneyti“, þá verður ekki horft framhjá tvennu:

*Ég þarf að taka á því til að trúa því að Samfylkingin ætli að láta þetta gerast átalið. Þögn og afskiptaleysi fela í sér afstöðu.*

Í fyrsta lagi er skipting ráðuneyta á ábyrgð beggja stjórnarflokkanna. Samfylkingin verður að horfast í augu við þá staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn stýrir heilbrigðisráðuneytinu með hennar samþykki og á hennar ábyrgð. Í öðru lagi breyta ákvarðanir um innbyrðis verkaskiptingu ekki því að gjörðir einstakra ráðherra eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar.

Samfylkingin hefur vissulega daðrað nokkuð við hugmyndir um einkarekstur á ýmsum sviðum, einnig í heilbrigðiskerfinu. Þar hefur varaformaður flokksins meira að segja haft sig talsvert í frammi. Á sama tíma hefur Samfylkingin hamrað á því að hún sé félagshyggjuflokkur en ekki flokkur fjármagnseigenda. Á þeirri forsendu veittu margir kjósendur henni brautargengi í síðustu þingkosningum.

Nú hafa rök verið færð fyrir því að gjörðir Sjálfstæðisflokksins grafi undan almannareknu heilbrigðiskerfi og styrki einkarekstrarkerfi að sama skapi. Ég þarf að taka á því til að trúa því að Samfylkingin ætli að láta þetta gerast átalið. Þögn og afskiptaleysi fela í sér afstöðu. Þögn er sama og samþykki segir gamalt máltæki. „Þau eru verst hin þöglu svik, að þegja við öllu röngu,“ segir í þýðingu Bjarna Jónsonar frá Vogi á gömlu kvæði eftir norska skáldið Arne Garborg. Það eru orð að sönnu.

Hvað skyldi kjósendum Samfylkingarinnar finnast um flokkinn sem þeir kusu, hinn þögla félaga þeirra Geirs og Guðlaugs Þórs í ríkisstjórninni?

*Höfundur er alþingismaður.*



**Mensa** veisluþjónusta á Baldursgötu býður nú upp á þann möguleika að taka ódýran, hollan og góðan heimilismat með heim á milli klukkan 17.00 og 19.00. Matseðillinn breytist í hverri viku en hann má sjá í glugganum og á heimasíðunni, www.mensa.is.

**Hafragrautur** er staðgóður og hollur morgunmatur og ekki verra að taka lýsi með honum. Enga stund tekur að sjóða hafragraut í potti og enn fljótlegra er að kaupa hann í pökkum sem tæmdir eru í skál með vatni sem hituð er í örbylgjuofni í tvær mínútur.



**Gló** er veitingastaður við Engjateig þar sem boðið er upp á fjölbreyttan lífrænan matseðil. Auðvelt er að taka með sér heim alls konar rétti og súpur og þeir sem eru á hraðferð geta hringt á undan sér svo allt sé tilbúið. Matseðilinn má skoða á www.glo.is.






Nu Bra Feather-lite
By Bragel



Nýtt á Íslandi NU-BRA undra brjósthaldarinn
saumlausir engir hlýrar og ekkert í bakið
Þrýsta upp brjóstunum og mynda fallega skoru
Frábærir undir árshátíðarkjólinn, sýningar eða brúðarkjólinn,
Flottir undir boli og skyrtur . Til í mörgum litum A-B-C-D skálar
Heildsala og smásala Stórhöfða 17
Sími: 891-6669 og 891-7377





Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Helena leggur áherslu á hollt og fjölbreytt mataræði en er þó ekki hrifin af öfgum af neinu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hollt án nokkurra öfga

***Hreyfing og hollt mataræði er Helenu Ólafsdóttur ofarlega í huga.***

Fótbolta- og einkaþjálfarinn Helena Ólafsdóttir, sem þjálfar meistaraflokk kvenna hjá KR, hugsar vel um mataræðið og þá sérstaklega nú í byrjun árs. „Nú er allt að fara í gang," segir Helena. „Skólarnir og æfingarnar eru að byrja og einkaþjálfunin er komin á fullt. Nú er tíminn til að hefja nýtt líf."

Helena segist áður fyrr hafa átt það til að borða brauð og jógúrt á hlaupum en nú orðið leggur hún áherslu á fjölbreytt og heilsusamlegt mataræði. „Ég hugsa þó að öfgar séu aldrei af hinu góða. Þær verða bara til þess að maður gefst upp. Ég held að það sé nauðsynlegt að leyfa sér eitthvað inni á milli og það geri ég óspart."

Heima er Helena mikið með kjúkling, fisk og grænmeti. „Við erum til að mynda mjög hrifin af kjúklingarétti sem við köllum sjö mínútna réttinn. Það er mjög fljótlegt að elda hann þó það taki eflaust aðeins lengri tíma en nafnið gefur til kynna að öllu með töldu,"

Helena byrjar á því að steikja kjúklinginn á wokpönnu og sker svo niður það grænmeti sem er til í ísskápnum. „Ég nota til dæmis lauk, papriku, sveppi, gulrætur, brokkolí og í raun hvaða grænmeti sem er. Síðan set ég red curry sósu frá Blue Dragon yfir ásamt kókosmjólk. Stundum bæti ég bambussprotum og öðru grænmeti frá sama merki við og eins smá hvítlauks- og chilli-mauki," útskýrir Helena. Þessu er svo öllu blandað saman og borið fram með hrísgrjónum og hvítlauksbrauði. „Það er auðvitað tilvalið að nota hýðishrísgrjón og má alveg sleppa brauðinu," segir Helena en hún hefur bæði boðið fjölskyldunni og gestum upp á réttinn og segir hún hann alltaf slá í gegn.

Helena hóf störf sem einkaþjálfari í haust og segir gefandi að vinna með fólki sem vill taka á sínum málum. Síðan er fótboltavertíðin að hefjast og segir hún KR-stúlkur að sjálfsögðu stefna enn lengra en í fyrra.

*vera@frettabladid.is*


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi



Tvíhliða munstur
Eykur gripöryggi og stuðlar að betri akstursеiginleikum við hemlun og í beygjum

Tennt brún
Eykur gripöryggi

Bylgjótt mynstur
Til að tryggja betra veggrip

Þrívíðir gripkubbar
Zik-Zak lóðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rásfestu

TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.



**Krydd** er nauðsynlegt í flesta matargerð. Gaman er að leika sér með hinar ýmsu tegundir og ferskar kryddjurtir færa matreiðsluna á hærra plan.

PAPINOS™
PIZZA
FJÖLSKYLDUTILBOÐ
3 STÓRAR PIZZUR MEÐ 2 ÁLEGGJUM BRAUÐSTÖNGUM,SÓSU OG 2L KÓK Á 4000KR
Hækkaðu þig upp um einn
9
5 12345
papinos.is



Vöruúrval hefur stóraukist.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Freistingar í fiskbúðinni

***Fiskbúðin við Sundlaugaveg hefur breytt um svip.***

Fiskbúðin við Sundlaugaveg kemur föstum kúnnum sínum skemmtilega á óvart. Hún hefur stækkað margfalt og vöruúrvalið líka stóraukist og breyst. Auk fisks í alls konar formi er nú komið ferskt kjöt og litríkt grænmeti í kæliborðin og freistandi sælkeravörur hafa fengið stað í hillum. Búðin er undir merkjum Fiskisögu og Gallerí kjöts. *- gun*



Mýbitinn, skyndibiti úr kúlulaga hverabrauði fylltu með t.d. mozzarella eða reyktum silungi frá Vogafjósi.

# Hverabrauð í kúlum

***Vogafjósið í Mývatnssveit er eitt af þátttakendum í verkefninu Beint frá býli sem stuðlar að framleiðslu matvæla á sveitabýlum og milliliðalausri sölu þeirra til neytenda.***

Bændurnir í Vogum í Mývatnssveit reka veitingastað í fjósinu og eru auk þess með öfluga framleiðslu á eigin matvöru.

„Öllu okkar sauðfé er slátrað á Húsavík og tökum við mestan partinn heim og vinnum úr því sjálf,“ útskýrir Ólöf Hallgrímsdóttir bóndi í Vogum. „Við tökum líka allt nautgripakjöt heim en Beint frá býli gengur út á það að vinna heima og auka virðisaukann á búinu,“ segir hún. Á veitingastaðnum Vogafjósi getur fólk fylgst með mjöltum meðan það matast og á matseðlinum eru réttir úr afurðum frá búinu. „Í rauninni erum við að nota það sem við erum alin upp við hér í sveitinni og færa það í nútímabúning. Við reykjum kjöt og silung og gerum mozzarella-ost og fetaost en í fetaostinn eru tíndar villtar jurtir úr hrauninu hér í kring, birki og blóðberg og hvannafræ sem vex hér villt. Við búum líka til grafinn silung og gerum sósuna sjálf. Um jólin prófuðum við að bjóða upp á mývetnskar matarkörfur með okkar afurðum; hangikjöti, hverabrauði og silungi, til gjafa og það tókst mjög vel,“ segir Ólöf. Hún segist finna fyrir miklum áhuga hjá neytendum á að geta nálgast matvörur beint frá bóndanum og bændur séu einnig að taka við sér. „Það er gríðarlega mikill áhugi á þessu. Mér finnst bæði dreifbýlis- og þéttbýlisfólk vera að átta sig á því að við þurfum á hvort öðru að halda. Það þarf að eyða ákveðnum ótta hjá bændum og þeir þurfa stuðning til að fara af stað því þetta er mikil framkvæmd.“

Vogafjós tók þátt í nýsköpunarverkefni síðasta vetur á vegum Listaháskóla Íslands, Stefnumót bænda og hönnuða, en verkefnið hefur nú hlotið styrk frá Tækniþróunarsjóði. Dagur Óskarsson og Hlín Helga Guðlaugsdóttir, nemendur í skólanum, heimsóttu Voga og unnu með þá framleiðslu sem þar var fyrir. „Það var mjög gaman að því samstarfi þó ekki sé hafin framleiðsla á vörunni ennþá,“ segir Ólöf. „Þetta var kúlulaga hverabrauð sem er bakað í holu við jarðhita og fyllt af reyktum silungi, hangikjöti eða mozzarella osti og svo heimagerðum sultum líka,“ útskýrir hún. „Ég held að það sé mjög jákvætt að hönnuðir komi að þessu því bændur starfa mikið einir á sínu búi og þá er gott að fá utanaðkomandi aðila sem sjá hlutina í öðru ljósi. Það eru margir veggir að fara þegar á að framleiða eitthvað og þá getur verið gott að fá stuðning,“ segir Ólöf að lokum.

*heida@frettabladid.is*



Ólöf Hallgrímsdóttir, bóndi í Vogum, hugar að silungi í reykhúsinu.
MYND/VOGAFJÓS

ÞORRI




Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

# SiRKUS

SVALI, SIGGA OG GASSI Í ZÚÚBER

# Láta allt flakka



18. JANÚAR 2008 ■ Stefán Jónsson var í stjörnuleiklistarskóla ■ Svala Björgvins í Cover ■ Magnað Listaháskólagill ...

# fréttir

## Heyrst hefur

### Argentína kallar

Þegar eldri borgarar flykkjast til Kanaríeyja á meðan mesti kuldinn geisar



á Íslandi hafa aðrir fundið sér öðruvísi áfangastaði. Argentína er til að mynda komin á listann yfir heitustu staðina og þeir sem heimsækja landið virðast fá algera Argentínu-dellu. Bolli Kristinsson, fyrrum kaupmaður í Sautján, er einn af þeim. Hann hefur farið nokkrum sinnum til Argentínu og er nú á leið út í þriðja skiptið. Hann hefur aðallega farið til að svala veiðiþorstanum en líka til að æfa danssporin en hann er mikill áhugamaður um dans. Sigurður Gísli Pálmason hefur einnig áhuga á landinu og hefur notið þess í botn. En það hafa Jóhanna Vilhjálmsdóttir og maður hennar, Geir Sveinsson, líka gert en þau heimsóttu Argentínu fyrir nokkru.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
**Bergþóra Magnúsdóttir**
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Gassi
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Auglýsingar** Guðný Guðlaugsdóttir
sími 512 5462

STEFÁN JÓNSSON LEIKSTJÓRI VAR MEÐ RHYS IFANS Í BEKK

# Vona að hann fljúgi ekki of nálægt sólinni



**STEFÁN JÓNSSON** Var með mörgum stórstjörnum í leiklistarskóla.

Rhys Ifans skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann lék á móti Hugh Grant og Juliu Roberts í myndinni Notting Hill og síðan hefur leikferill hans bara legið upp á við. Stefán Jónsson leikstjóri var góður vinur Rhys þegar þeir voru saman í bekk í leiklistarskólanum Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum. Eftir námið héldu þeir sambandi en Stefán segir að það hafi ekki verið sérlega mikið síðustu árin, en hann heimsæki hann þó þegar hann er á ferðinni í Lundúnum. „Sambandið hefur orðið strjálla eftir að frægðarsól hans hefur hækkað, hann er á ferð og flugi. En við urðum fljótt nánir vinir í skólanum, velska og íslenska blóðið blandaðist vel. Pöbbar og partí voru fastir liðir á stundaskránni. Hann er ennþá að, meðan ég hef róast töluvert," segir Stefán og hlær. Hann rifjar upp að þeir vinirnir hafi gert margt skemmtilegt og skrautlegt saman. „Einu sinni heimsóttum við foreldra Rhys sem búa í Wales og þar hlupum við meðal annars allsberir og öskrandi úti í þrumum og eldingum, að nóttu, eins og berserkir, falleg minning." Fyrir nokkrum árum kom Rhys til Íslands til að heimsækja Stefán og kynnast landi og þjóð. „Hann var hérna í viku og við sendum hann og förunéytið upp á jökul. Honum fannst það mögnuð reynsla enda er hann mikið náttúrubarn. Með í för var Thor Vilhjálmsson rithöfundur og þeir náðu vel saman. Á þessum tíma vorum við Brynhildur að frumsýna Karíus og Baktus og Rhys og co. mættu á frumsýninguna. Hann skemmti sér og reyndi að misnota Karíus kynferðislega eftir sýninguna, en það er önnur saga," segir Stefán og hlær. Þegar hann er spurður að því hvort þeir hafi ekki farið á barina játar hann því. „Íslenska næturlífið hentaði honum vel og þá sérstaklega drykkjumenning Íslendinga. Það koma líka margir blautir en góðir leikarar frá Wales – Richard Burton og Anthony Hopkins. Rhys hefur alltaf lifað hátt, slær ekkert af hvað það varðar," segir Stefán og bætir því við, að vinur sinn sé hluti af Kate Moss-genginu sem slær ekki slöku við í sukkinu. Þegar hann er spurður út í Siennu Miller segir hann að þetta sé alls ekki fyrsta ofurskutlan sem hann nái sér í. „Hann þykir ægilega mikið krútt. Hann er kannski ekkert sérlega sykursætur en hann er með ótrúlega persónutöfra. Persónulega finnst mér hann þó lifa of hratt og ég vona að hann nái að lenda áður en hann fer sér að voða. Rhys



er nefnilega frábær leikari." Ætlar þú ekkert að fara að rækta sambandið við hann betur? „Auðvitað reyni ég að hafa samband við vini mína þegar ég er á ferðinni, en ég er ekkert að reyna að hitta hann meira núna af því hann er með Siennu Miller. Rhys hefur tekið flugið en ég vona að hann fljúgi ekki of nálægt sólinni," segir Stefán og hlær. Rhys Ifans er þó ekki eini frægi leikarinn sem var með Stefáni í skóla því nýjasti James Bond, Daniel Craig, var líka í skólanum. „Ég kynntist honum ekki náið enda vissi ég ekki þá að hann yrði Bond, annars hefði ég að sjálfsögðu gefið mig meira að honum, allavega beðið um eiginhandaráritun," segir Stefán sem þessa dagana er að leikstýra Baðstofunni eftir Hugleik Dagsson. Brynhildur Brák Guðjónsdóttir, sem seinna nam einnig í Guildhall, leikur aðalhlutverkið en stykkið verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 9. febrúar. *martamaria@365.is*



**RHYS IFANS OG SIENNA MILLER** Eru áberandi í skemmtanalífinu. Stefán segir að þeir vinirnir hafi verið ansi hressir á börunum en hann hafi öðrum hnöppum að hneppa núna.

# borgin mín

Eyrún Magnúsdóttir
almannatengill
REYKJAVÍK

**MORGUNMATURINN:** Vildi að ég gæti sagt heimagerður vítamínbættur skyrdrykkur með hörfræjum og ávöxtum... en oftast er það kaffibolli og ristað brauð sem verður fyrir valinu. Ef ég vil gera vel við mig rölti ég á Kaffitár í Bankastræti og fæ mér beyglu og sterkan latte.

**SKYNDIBITINN:** Bæjarins bestu svala minni skyndibitaþörf ágætlega. Ein með steiktum, hráum og tómatsósu er málið ef maður er að flýta sér.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Almennt séð finnast mér veitingastaðir ekki sérlega rómantískir. Ég fer á veitingastaði til að borða góðan mat og helst prófa eitthvað nýtt. Ef rómantíkin heltekur mig þá finnst mér hins vegar best að borða heima, enda eintómir veislukokkar á mínu heimili.



**LÍKAMSRÆKTIN:** Þótt vissulega sé gagnlegt að hafa aðgang að svitametuðum tækjasal á líkamsræktarstöð þá finnst mér besta líkamsræktin felast í því að ganga sem mest minna ferða um borgina. Það gagnast jafnt andanum sem afturendanum. Markmiðið í framtíðinni er að eignast góðan fjallabíl í utanbæjarakstur en ganga milli staða innanbæjar. Vona að skipulagsyfirvöld í Reykjavík verði mér hliðholl í þessum framtíðarplönum.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Byggingavöruverslanir hafa verið í uppáhaldi hjá mér frá því ég fór að búa. Mig langar yfirleitt alltaf að kaupa allt sem ég sé í svoleiðis búðum. Verst hvað þær eru allar langt í burtu frá miðbænum, nema reyndar Brynja á Laugavegi. Ætli hún sé þá ekki bara í uppáhaldi, þótt verðmiðarnir þar séu ekki endilega í sérstöku uppáhaldi.



**ÞAÐ BESTA VIÐ BORGINA:** Fólkið í Reykjavík. Ekki margar aðrar borgir í heiminum sem bjóða upp á jafnstórt safn ættingja, vina og kunningja og Reykjavík. Það er eitthvað svo skemmtilega sveitó við það að búa í höfuðborg Íslands – stórborginni Reykjavík – en labba svo út á götu og heilsa annarri hverri manneskju sem gengur hjá.

# Svala Björgvinsdóttir í danska tískutímaritinu Cover



„Cover girl"






Svala, 30, sanger, Reykjavik

Danska tískutímaritið Cover birtir í nýjasta tölublaði blaðsins myndir af tveimur íslenskum konum, Hafdísi sem titluð er listamaður og söngkonunni Svölu Björgvinsdóttur. Cover er með fasta opnu í blaðinu þar sem ljósmyndir af fólki sem hefur áberandi og afgerandi stíl, hvaðanæva að úr heiminum eru birtar. Það skyldi því engan undra að Svala Björgvinsdóttir hafi orðið fyrir valinu því hún ber af fyrir óvenjulegan klæðaburð hvar sem hún kemur og er ævinlega á listum yfir best klæddu íslensku konurnar.


lifðu lífinu til fulls
RÉTTA BRAGÐIÐ – SYKURLAUST
Coca-Cola light
Rétta bragðið. Sykurlaust
Minna en 1 kaloría
'Coca-Cola light','Coke', the dynamic ribbon device and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2007 The Coca-Cola Company.



BREYTT OG BÆTT Stelpurnar eru búnar að hressa pínulítið upp á hárgreiðslustofuna.



MEÐ PUTTANA Á PÚLSINUM Hrefna og Nína, eigendur Monroe, eru búnar að þekkjast síðan í Iðnskólanum en þær voru saman í hárgreiðslunámi.

## NÝIR EIGENDUR AÐ HÁRGREIÐSLUSTOFUNNI MONROE

# Létu drauminn verða að veruleika

Það hafði alltaf verið draumur hjá mér og vinkonu minni, Nínu Kristjánsdóttur, að reka okkar eigið fyrirtæki og þegar okkur bauðst að kaupa hárgreiðslustofuna Monroe ákváðum við að slá til. Þetta er frábært tækifæri þar sem rekstur stofunnar gengur afar vel," segir Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, hárgreiðslukona og annar eigandi Monroe. Eins og Sirkus greindi frá fyrir jól eru fyrrverandi eigendur stofunnar hárgreiðslumennirnir Guðmundur Hallgrímsson og Kristján Kristjánsson á leiðinni til Kaupmannahafnar. „Ég hef unnið hjá strákunum í tæp sjö ár en Nína er nýflutt frá Kaupmannahöfn þar sem hún hefur unnið sem hárgreiðslukona síðasta árið. Áður vann hún hjá Simba og Jóa og félögum í mörg ár," upplýsir Hrefna en hún og Nína kynntust í hárgreiðslunáminu í Iðnskólanum á sínum tíma. Þær stöllur hafa ekki hugsað sér að gera miklar breytingar á stofunni til að byrja með en hafa nú þegar frískað upp á útlitið á stofunni, málað og veggfóðrað. „Áherslurnar verða á svipuðum nótum hjá okkur, þar sem fagmennskan verður í fyrirrúmi og létt andrúmsloft. Hárgreiðslukonan Sigríður Ramsei hefur bæst í einvalalið okkar en hún var að flytja heim frá New York. Hún hefur starfað þar við hárgreiðslu síðustu misseri en hún vann einmitt á Monroe á sínum tíma," bætir Hrefna við og er full tilhlökkunar að takast á við þetta spennandi verkefni. En hvernig ætli hártískan verði fyrir sumarið? „Mikið tjásað hár er alveg dottið upp fyrir og línurnar verða allar mýkri en ýktari um leið. Hársíddin styttist og stutt hár í anda sjöunda áratugarins verður mjög áberandi, annaðhvort rétt fyrir neðan eyru eða alveg stutt. Herraklippingarnar styttast sömuleiðis þar sem sítt að aftan verður á algeru undanhaldi," segir Hrefna að lokum sannfærð um að sumarið verði stutt og gott.

*bergthora@frettabladid.is*


# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Hjálmar | ↑ | Ferðasót |
| 2 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 3 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 4 | Villi Vill | ↑ | Myndin af þér |
| 5 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 6 | Eagles | ↑ | Long Road Out Of Eden |
| 7 | Hjaltalín | ↓ | Hjaltalín |
| 8 | Creedence Clearwater R. | N | Chronicle: 20 Greatest Hits |
| 9 | Ellen Kristjánsdóttir | A | Einhversstaðar Einhverntíma |
| 10 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 11 | Led Zeppelin | ↓ | Mothership |
| 12 | Sigur Rós | ↓ | Hvarf / Heima 2cd |
| 13 | Johnny Cash | A | Ring Of Fire |
| 14 | Katie Melua | ↑ | Pictures |
| 15 | Álftagerðisbræður | ↑ | Álftagerðisbræður |
| 16 | Gus Gus | ↓ | Forever |
| 17 | Sprengjuhöllin | A | Tímarnir okkar |
| 18 | Einar Scheving | ↓ | Cycles |
| 19 | Justin Timberlake | A | FutureSex/LoveSound |
| 20 | Úr sjónvarpsþáttum | ↓ | High School Musical 2 |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Astrópía |
| 2 | Næturvaktin |
| 3 | Bourne Ultimatum |
| 4 | Secret, The - íslenskt |
| 5 | Transformers |
| 6 | High School Musical 2 |
| 7 | Mýrin |
| 8 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 9 | Knocked Up |
| 10 | Rush Hour 3 |
| 11 | Meet the Robinsons DVD |
| 12 | Grettir í Raun |
| 13 | High School Musical 1 |
| 14 | Harry Potter the Order of Pho |
| 15 | Mr. Brooks |
| 16 | Shrek The Third |
| 17 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikh. |
| 18 | Anna og Skapsveiflurnar |
| 19 | Hákarlabeita |
| 20 | DIE HARD 4 |

Listinn gildir 18. til 25. jan 2008
















Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

www.volkswagen.is

# Enginn smá lúxusbíll




Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.

## Polo með alvöru 6 þrepa sjálfskiptingu

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Polo er með 6 þrepa sjálfskiptingu eins og býðst í lúxusbílum, ótrúlega rúmgóður, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.

**Polo kostar aðeins frá**

**20.310 kr. á mánuði***

* Miðað við 20% útborgun og bílasamning til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,67%. Heildarverð 1.750.000 kr.

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

# Mögnuð litasinfónía

Ítalski fatahönnuðurinn Miccia Prada er ekki þekkt fyrir að fara hefðbundnar leiðir. Þegar hún frumsýndi sumarlínu Prada fyrir 2008 kom í ljós að hún mælir með litríkum sokkabuxum, gulli og óhefðbundnu skótaui. Buxnaskálmarnar hafa víkkað út að neðan og samfestingar hafa alls ekki sungið sitt síðasta. Til að stæla þennan stíl, án þess að fara á hausinn, má auðveldlega kaupa sér litríka skó og frumlegar sokkabuxur og notast við gamla kjólinn frá því í fyrra.



ALGERLEGA MÁLIÐ Fyrir rétt holdafar er þessi prjónasamfestingur algert möst. Klárlega ein af svölustu flíkum sumarsins.



PRJÓNASKÁLMAR YFIR SKÓNA Prada segir okkur það að skálmarnar séu örlítið að víkka að neðan. Takið eftir hvað skórnir gera mikið fyrir heildarútlitið.





RÖNDÓTTIR PRADALEGGIR Sumum konum myndi finnast þær líta út eins og sænska vinkonan Lína Langsokkur í röndóttum sokkabuxum. Við hnésíðan kjól gengur það þó alveg upp.

FJÓLUBLÁTT ÞEMA Það er ekki bara IKEA sem veðjaði á fjólubláa litinn, hann verður líka áberandi í sumartískunni frá Prada.



GULLÆÐIÐ ER RÉTT AÐ BYRJA Gyllti liturinn hefur verið áberandi síðasta árið. Hann er alls ekki á útleið, þetta á bara eftir að verða enn þá meira hitt.







## ÍSLENDINGAR EIGA SINN FULLTRÚA Á LISTA YFIR VERST KLÆDDU KONURNAR







VERST KLÆDDA KONAN Það er kannski ekkert skrítið að Alison Arngrim hafi komist á lista yfir verst klæddu konurnar.

MYNDIR/GETTYIMAGES

# Alison Arngrim

## ER VESTUR-ÍSLENDINGUR

Leikkonan Alison Arngrim komst á lista á dögunum yfir verst klæddu konurnar. Á heimasíðu leikkonunnar kemur fram að hún sé alsæl með titilinn því hún hafi unnið að því hörðum höndum að komast á þennan lista og nú hafi það loksins tekist. Þetta lýsir leikkonunni kannski best því hún hefur haft húmorinn að leiðarljósi í gegnum líf sitt. Það er gaman að rifja það upp að Alison Arngrim lék í þáttunum Húsið á sléttunni um sjö ára skeið. Þar var hún í hlutverki vondu stelpunnar, Nellie Oleson, dóttur kaupmannsins. Hver man ekki eftir því hvað hún var andstyggileg við Láru? Nellie Oleson gerði allt eins og móðir hennar sagði henni en frú Oleson var algjört hex. Þegar þættirnir um Húsið á sléttunni runnu sitt skeið á enda var Alison Arngrim fimmtán ára. Eftir árin í hlutverki Nellie gerist hún plakata-fyrirsæta um nokkurra ára skeið. Eftir að hún fékk leiða á því hefur hún komið fram í nokkrum sjónvarpsþáttum og á tímabili var hún með skemmtidagskrá sem hún kallaði, Játningar litlu tæfunnar af sléttunni. Frá árinu 1986 hefur Alison Arngrim unnið í þágu alnæmissamtakanna í LA á milli þess sem hún hefur leikið í einni og einni sjónvarpsmynd til að viðhalda leikferlinum. Eins og nafnið gefur til kynna er Alison Arngrim Vestur-Íslendingur en hún er dóttir Thors Arngrim. Ætti þjóðin ekki bara að vera stolt af þessum fulltrúa sínum?






# Nýárstilboð Sony Center




Sony Cyber-shot • 2GB minniskort fylgir
DSC-T200

8.1 megapixlar • 3,5" snertiskjár
SmileShutter • Super SteadyShot hristivörn
Face detection • 5x optical aðdráttur
Carl Zeiss linsa • HD Foto TV
BIONZ örgjörvi • Tvöföld hristivörn

39.990
Verð áður 49.890




Sony Alpha • 2GB minniskort fylgir
DSLR-A100K

10 megapixlar APS-C • 18-70mm linsa fylgir
Super SteadyShot hristivörn • Rykvörn á myndflögu
BIONZ örgjörvi • Dynamic Range Optimizer
STAMINA rafhlaða • Notar Sony og Minolta linsur
CF og MemoryStick rauf • Innbyggt flass

74.990
Verð áður 94.890




Sony Cyber-shot • 1GB minniskort fylgir
DSC-W90

8.1 megapixlar • 2,5" LCD skjár
ISO 3200 • Super SteadyShot hristivörn
Face detection • 3x optical aðdráttur
Carl Zeiss linsa • HD Foto TV
BIONZ örgjörvi • Tvöföld hristivörn

29.990
Verð áður 33.980




Sony High Definition Handycam
HDR-HC5

1080i háskerpu-upptaka (HDV) • 2.1 MP CMOS
2,7" snertiskjár • 10x optical aðdráttur
x.v.Colour • Super SteadyShot digital
HDMI tengi við sjónvarp • STAMINA lithium rafhlaða
i.Link fyrir DV og HDV • Klippihugbúnaður fylgir

119.990
Verð áður 139.900




Sony High Definition Handycam
HDR-HC7

1080i háskerpu-upptaka (HDV) • 3.2 MP CMOS
2,7" snertiskjár • 10x optical aðdráttur
x.v.Colour • Super SteadyShot optical
HDMI tengi við sjónvarp • STAMINA lithium rafhlaða
i.Link fyrir DV og HDV • Klippihugbúnaður fylgir

139.990
Verð áður 159.990




Sony High Definition Handycam
HDR-CX6 • MemoryStick Duo

1080i háskerpu-upptaka (AVCHD) • 3.2 MP CMOS
Tekur upp á minniskort • 2 GB minniskort fylgir
2,7" snertiskjár • 10x optical aðdráttur
x.v.Colour • Dolby Digital 5.1 hljóðnemi
HDMI tengi við sjónvarp • STAMINA lithium rafhlaða

119.990
Verð áður 129.990

Tilboð gilda út Janúarmánuð

www.sonycenter.is

Kringlan
103 Reykjavík

Sími:
588-7669 (588-SONY)

Tölvupóstur:
info@sonycenter.is

**Sony Center**

ÞAÐ ER ALDREI LOGNMOLLA Í KRINGUM SIGGU LUND, SVALA OG GASSA SEM STJÓRNA ÚTVARPSÞÆTTINUM ZÚÚBER Á FM 957. FRÁ ÞVÍ ÞÁTTURINN HÓF GÖNGU SÍNA HAFA ÞAU FENGIÐ LANDANN TIL AÐ FRAMKVÆMA ÓTRÚLEGUSTU HLUTI. Í VIÐTALI VIÐ MÖRTU MARÍU JÓNSDÓTTUR TALA ÞAU UM VINNUNA, SÉRTRÚARSÖFNUÐINA OG DRYKKJUVANDAMÁL.

# Roðna oft í stúdíóinu



Í nýjustu rafrænu skoðanakönnun Gallup kemur í ljós að útvarpsþátturinn Zúúber á FM 957 er vinsælasti útvarpsþátturinn í landinu hjá fólki á aldursbilinu 20-40 ára. Tölur úr könnuninni voru nýlega birtar þegar blaðamaður hitti þríeykið í ljósmyndastúdíói Gassa sem er í Grafarholtinu. Það var líf og fjör á staðnum, Gassi að stilla ljósin og Elín Reynisdóttir ofursminka er búin að setja sig í stellingar til að gera þau ennþá flottari á myndinni. Þó að Sigga, Svali og Gassi séu ákaflega ólík gengur samstarfið vel þótt hlustendur fái það kannski ekki alltaf á tilfinninguna. Gassi og Sigga eru nefnilega aldrei sammála, en kannski eru þau bara of lík því það kemur í ljós að þau eru systkinabörn. „Mamma hans Gassa og mamma mín voru hálfsystur," segir Sigga sem hafði ekki hugmynd um að hún ætti þennan frænda fyrr en þau byrjuðu að vinna saman. Þótt þau séu nú yfirleitt opin og geta rætt allt í útvarpinu vilja þau ekki fara nánar út í það sem varðar líf fjölskyldunnar. Það er einfaldlega of flókið.

Þátturinn Zúúber byrjaði 21.október 2004 en upphaflega voru þau fimm með þáttinn en Svali var aðalhvatamaðurinn að honum. „Í byrjun hafði enginn sérstaka trú á að þetta myndi virka. Ég var landsfræg svefnpurka og það trúði enginn að ég gæti vaknað svona snemma. Þegar ég stakk upp á að Gassi væri með mér í þættinum var fólki öllu lokið. Menn krossuðu sig bara því hann var svo erfiður í samstarfi. En eftir að Gassi hætti að drekka fyrir þremur árum þá hefur hann orðið miklu skapbetri. Sumir geta drukkið en aðrir ekki. Gassi hegðaði sér eins og hálfviti þegar hann var fullur. Þegar hann hætti að drekka kom loksins réttur maður í ljós," segir Svali og Gassi er orðinn frekar pirraður á honum. „Þú talar eins og ég hafi verið fullur á hverjum degi," segir Gassi. „Ég er ekkert að tala um það, þú varst bara leiðinlegur í skapinu þegar þú varst að drekka," segir Svali og bætir því við að konan hans Gassa hafi stundum hringt í hann því Gassi hafi verið svo leiðinlegur við hana. „Batnandi mönnum er best að lifa," segir Svali.

## Fékk áfall eftir fyrstu vikuna

„Þátturinn var teiknaður upp með ákveðinni formúlu og við fengum fullt af fólki í prufur í þáttinn. Markmiðið var að búa til skemmtilegan útvarpsþátt. Síðan þróaðist þetta út í dægurumræðu og svo hefur þátturinn tekið heilmiklum breytingum eftir að Sigga kom inn í hann," segir Svali. Þegar hann kom að máli við Siggu í byrjun árs 2006 var hún stödd á allt öðrum stað í lífinu. Hún starfaði sem útvarpskona á Létt 69.7 og spilaði mjúka tónlist fyrir eldri kynslóðina. „Þetta var mikið stökk fyrir mig. Ég var mjög hissa þegar Svali kom að máli við mig og bað mig að vera með í þættinum. Þetta kom samt á hárréttum tímapunkti því ég fann að ég þurfti á tilbreytingu að halda," segir hún en viðurkennir að fyrsta vikan hafi verið hroðaleg. Það hafi ekki verið talað um neitt annað en kynlíf og hjálpartæki. Botninn fór alveg úr þessu að hennar mati þegar það mætti kona í stúdíóið til þeirra á föstudeginum og fróaði sér í beinni útsendingu. „Þetta var rosalegt. Eftir fyrstu vikuna hringdi ég grátandi í yfirmann útvarpssviðs og sagði honum að ég hefði tekið ranga ákvörðun. Ég vissi ekki hvað ég var búin að koma mér út í. Hann sannfærði mig þó um að vera áfram því þetta væri nú ekki dæmigert fyrir starfið," segir hún. „Sigga er svo skemmtilega opin og segir alltaf allt. Hún lét það til dæmis flakka að hún hefði aldrei prófað eggið og það fór gjörsamlega allt á hliðina við þær fréttir og síminn stoppaði ekki. Á endanum fengum við gefins fullt af hjálpartækjum til að gefa Siggu og auðvitað hlustendum okkar í leiðinni," segir Svali. Þegar þau eru spurð að því hvort þau séu ekki bara að leika þegar þau eru í útsendingu segja þau svo ekki vera. „Þetta er að hluta til teiknað upp, en í langflestum tilfellum erum við bara við sjálf. Og svo erum við ólík að eðlisfari og því ekki oft sammála. Sérstaklega ekki þau tvö," segir Svali og bendir á Siggu og Gassa. „Stundum koma óþarflega mikil skot en það gerir þáttinn líka ennþá skemmtilegri," segir Svali en hann er oftar en ekki í hlutverki sáttasemjara þegar Sigga og Gassi eru orðin eins og hundur og köttur. Stundum hafa þau tekist svo mikið á að annað hvort þeirra hefur labbað út. „Það kemur oft fyrir að Gassi segir eitthvað ógeðslegt við mig en svo er lokað fyrir míkrafóninn og þá segir hann fyrirgefðu," segir Sigga og reynir að gera gott úr þessu. Hlustendur tóku eftir því að á milli jóla og nýárs varð allt vitlaust í þættinum. Það var eins og það hafi verið eitthvað í jólasteikinni sem olli rifrildunum sem geisuðu í Zúúber þessa vikuna. Sigga viðurkennir að hafa sent Gassa sms á gamlárskvöld til að biðjast fyrirgefningar.

Þegar þau eru spurð að því hvort þau séu í miklu sambandi utan vinnunnar segja þau svo ekki vera. „Ég er ekki einu sinni með símann hjá Siggu," segir Gassi en auðvitað er hann að plata.

## Líf í trúarsöfnuðum

Þótt Zúúber hljómi stundum eins og hann sé bara leikinn af fingrum fram er hann þaulskipulagður. Sigga á heiðurinn af þættinum en hún er eini starfsmaður þáttarins í fullu starfi. Meðfram útvarpsvinnunni er Svali markaðsstjóri Skífunnar og Gassi er framleiðslustjóri útvarpssviðs 365 og klippir saman sýnishorn úr sjónvarpsþáttum og myndum og fleira í þeim dúr. Hann rekur líka ljósmyndastúdíó og hefur myndað rjómann af poppelítunni á Íslandi. „Við gerum handrit að þættinum en yfirleitt hringir einhver inn sem skapar allt aðrar umræður og þá tekur þátturinn sína eigin stefnu. Það er alltaf gaman þegar það gerist," segir Svali. Þátturinn er yfirleitt á léttum nótum en þó kemur fyrir að hann verði hádramatískur. Það hefur gerst oftar en einu sinni að fólk hringir inn grátandi. „Um daginn hrindi ung kona inn til okkar. Við vorum að ræða trú og hún sagði að hún væri eiginlega hætt að trúa á guð því hún hefði verið misnotuð þegar hún var lítil. Hún sagðist hafa farið á skeljarnar á hverju einasta kvöldi og bað til guðs um að hún yrði ekki misnotuð framar en svo gerðist það aftur og aftur og hún tapaði trúnni. Þegar hún hringdi inn þá höfðum við það á tilfinningunni að þetta væri í fyrsta sinn sem hún talaði um þetta því hún brotnaði saman og fór að hágráta," segir Svali og bætir því við að það sé í raun ekki til neitt umræðuefni sem ekki megi tala um í Zúúber. „Það er eins og fólk sé að átta sig á því að það megi tala um allan fjandann. Ég vil meina að Zúúber hafi komið margri umræðu af stað," segir Svali. Fyrst Svali nefnir trú er ekki úr vegi að spyrja þau um þeirra eigin, en foreldrar Svala voru í Vottum Jehóva. Þegar hann er spurður að því hvort Vottarnir hafi sett mark sitt á líf hans segir hann svo ekki vera. „Ég veit ekki beint hvort Vottarnir hafi mótað mig, en ég hef samt sterkar skoðanir á trú fyrir vikið," segir Svali. Vottar Jehóva halda ekki upp á afmæli og heldur ekki upp á jól. Hvernig fannst þér það? „Ég man vel eftir fyrsta afmælinu mínu og fyrstu jólunum eftir að mamma og pabbi hættu í Vottunum. Get samt ekki sagt að þetta hafi farið eitthvað illa með mig. Við vorum til dæmis alltaf „bara" upp í sumarbústað yfir hátíðarnar," segir Svali og segist vera guðslifandi feginn að mamma hans og pabbi hafi snúið bakið við trúarhópnum. Hann vill þó að það komi fram að hann beri engan kala til Vottanna, þetta hafi bara ekki hentað fjölskyldunni. Svali er þó ekki sá eini í hópnum sem hefur kynnst sértrúarsöfnuði því Sigga var í Frelsinu um nokkurra ára skeið. En af hverju sneri hún baki við trúarhópnum? „Ástæðan fyrir því að ég hætti í Frelsinu var sú að það sprakk allt í loft upp þegar upp komst um framhjáhald pastorsfrúarinnar við tvítugan pilt í kirkjunni. Í ofanálag voru forsvarsmenn safnaðarins í svakalegu fjármálabraski með peninga kirkjunnar. Þau gerðu tilraun til að halda starfinu áfram. Ég var ein af mörgum sem gengu út úr starfinu í framhaldi af þessu. Frelsið lagðist svo alveg niður stuttu seinna þar sem engir meðlimir voru eftir."

## Kom úr vernduðu umhverfi

Þrátt fyrir að geta nánast rætt alla hluti í útvarpinu þá viðurkenna þau að það sé stundum erfitt og þau hafi oft og mörgum sinnum roðnað mikið í útsendingarstúdíóinu. „Þegar við vorum að byrja með þáttinn fannst mér allt í lagi að vera með svona

**UPPÁHALDSMATURINN:** **SIGGA:** Nautalundir, með smjörsteiktum sveppum, bakaðri kartöflu og sveppasósu. Gott vín er líka nauðsynlegt með! **SVALI:** Kjúklingurinn í Melabúðinni. **GASSI:** Pasta.

**UPPÁHALDSDRYKKURINN:** **SIGGA LUND:** Kók. En ég er samt að reyna að vera duglegri í vatninu. **SVALI :** Vatn. **GASSI:** Vatn.

**MESTI LÚXUSINN:** **SIGGA:** Að sofa út og leggja mig þegar ég er úrvinda. **SVALI:** Jeppinn og öllu sem honum fylgir. **GASSI:** Mac-tölvan mín.

**LÍKAMSRÆKTIN:** **SIGGA :** Pass. **SVALI:** Næsta spurning. **GASSI:** World Class.

**MESTA SLÖKUNIN:** **SIGGA:** Sumarbústaðurinn og náttúran klikkar aldrei! **SVALI:** Í sveitinni hjá tengó. **GASSI:** Fjölskyldan og gufan.

**BÍLLINN MINN ER ...** **SIGGA:** Rauður Toyota Yaris, alveg yndislegur! **SVALI:** Lítill og hinn stór. **GASSI:** Pajero.

**DEKRIÐ:** **SIGGA:** Heill dagur í dekri á snyrtistofu, við erum að tala um nudd og allan pakkann. **SVALI:** Pítsa, bjór og Playstation. **GASSI:** Pass.

**VERÐMÆTASTI HLUTURINN:** **SIGGA:** Nýji gítarinn minn. **SVALI:** Íbúðin mín. **GASSI:** Öll tækin mín.

**HVERNIG VERÐUR 2008?** **SIGGA:** Það verður besta árið í lífi mínu til þessa. Lífið fer bara batnandi! **SVALI:** Það besta hingað til... **GASSI:** Geggjað.

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Fjarnám á vorönn 2008**

Skráning fer fram 11. - 20. janúar á heimasíðunni **www.fa.is/fjarnam**



# tómstundir & námskeið






MYND/KARÍTAS GUNNARSDÓTTIR

MÁLASKÓLINN LINGVA

Fjárfestu í tungumálum!

Lifandi tungumálakennsla

í ítölsku, spænsku, ensku
og fleiri heimsmálum.

Litlir hópar og færir kennarar

Við erum við símann núna!

Málaskólinn LINGVA

sími 561-0315, www.lingva.is


Sara, danska


Janice, enska


Hoda, arabíska


Roberto, ítalska


Jóhanna, íslenska


Chiharu, japanska


Ásdís, spænska

# Leynistaðir fyrir ferðamenn

**Sæmundur fróði býður upp á mörg skemmtileg námskeið. Til dæmis má læra að þjóna til borðs, smyrja brauð og snittur og hvernig eigi að fræða ferðamenn.**

Sæmundur fróði er símenntun í eigu Menntaskólans í Kópavogi og matvæla- og veitingasviðs IÐUNNAR fræðsluseturs. Sæmundur fróði sér um ýmis skemmtileg námskeið sem eru öllum opin. Eitt þeirra er námskeið sem nefnist Hvað er á bak við fjöllin? – að ferðast um Ísland, sem Hildur Jónsdóttir, landfræðingur og kennari við Ferðamálaskólann í Kópavogi, mun kenna í byrjun apríl. „Við stílum þetta námskeið inn á starfsfólk í ferðaþjónustu en leikmenn mega einnig koma og fræðast um Ísland sem ferðamannaland,“ segir Hildur. Tilgang námskeiðsins segir hún vera að draga fram áhugaverða og fallega staði á Íslandi í byggð og óbyggð. Kennslan fer fram í Menntaskólanum í Kópavogi, kennslustundir eru átta og kennt verður á kvöldin.

Nemendur námskeiðsins munu fá að kynnast ferðamannastöðum víðs vegar um landið. „Við byrjum út frá höfuðborginni, skoðum svæðið í kringum Hvalfjörð og Kjós, tölum um Breiðafjörð og Snæfellsnes, Eyjafjörð og möguleika út frá honum. Farið í valda staði á Austfjörðum og loks í Suðurland þar sem lögð er áhersla á svæðið í kringum Vatnajökul og Vík í Mýrdal.“ Þannig lýsir Hildur gangi námskeiðsins.

Flestir ferðamenn sem hingað leita hafa lesið sér eitthvað til um land og þjóð. Þeim er efst í huga að skoða perlur á borð við Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Hildur ætlar hins vegar fremur að leggja áherslu á staði sem eru úr alfaraleið og ekki allir vita um. „Það er ekki alltaf sýnilegt það sem Ísland hefur upp á að bjóða og við ætlum að leita dálítið,“ segir hún glettin og nefnir nokkra staði sem ekki allir vita um en eru gífurlega áhugaverðir. „Til dæmis ætla ég að tala um gönguleið milli Dettifoss og Ásbyrgis sem fólk veit lítið um. Þá leynast ótrúlegar náttúruperlur í Eldborgarhrauni í Borgarfirði og einnig eru svæði mjög nálægt okkur sem við veitum litla athygli eins og við Meðalfellsvatn í Hvalfirði,“ segir Hildur en uppáhaldsstaður hennar sjálfrar er Hljóðaklettar í Vesturdal sem er að finna í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfri.

Eitt af markmiðum Hildar og samstarfsmanna hennar er að glæða ferðaþjónustuna meira lífi. Leggja til dæmis meiri áherslu á mannlífið þannig að ferðamenn sjái ekki aðeins fallegt landslag heldur upplifi land og þjóð. Þetta segir hún muni ganga með því að virkja byggðirnar í landinu. „Nú eru allir að búa til atvinnutækifæri og frjósemi heimamanna er mjög mikil. Svona getum við sýnt ferðamönnum hvernig við Íslendingar lifum og drögum fram alla menninguna sem við búum yfir, bæði gamla og nýja,“ segir Hildur. Nánari upplýsingar um hin ýmsu námskeið Sæmundar fróða er að finna á vefsíðunni www.sfrodi.is.

*-sg*



Hildur Jónsdóttir þekkir marga fallega leynistaði um allt Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## ● LÚXUSNÁMSKEIÐ Á NORDICASPA

NordicaSpa býður upp á svokölluð Lúxusnámskeið sem er ætlað að koma fólki á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu. Kynntir eru nýir möguleikar í matarvali, matur sem örvar fitubrennslu, hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig hægt er að brenna meira og léttast.

Námskeiðið stendur í fjórar vikur. Í fyrstu vikunni er byggð upp orka og líkamanum komið í jafnvægi sem er upphafið að breyttum lífsstíl. Í viku tvö er meltingin efld og bætt og fitubrennsla aukin.

Þriðja vikan kemur jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem hefur áhrif á skap, lífsorku og kraft. Farið er í úrgangs -og eiturefnahreinsun og létt á meltingunni.

Í viku fjögur er ónæmiskerfið byggt upp og líkamanum hjálpað að verja sig á náttúrulegan hátt. Veitt er ráðgjöf með mataræði og hreyfingu sem veitir andlegt og líkamlegt jafnvægi.





Karítas Gunnarsdóttir hlaut viðurkenningu í keppni um bestu manga-teikingarnar. Auk hennar fengu viðurkenningu Fjóla Oddgeirsdóttir, Nökkvi Jarl Bragason og Signý Æsa Káradóttir.

# Með áhuga á manga-stíl

**Karítas Gunnarsdóttir, fjórtán ára, hlaut viðurkenningu fyrir keppni í manga-teikningum. Hún segir þetta japanska teiknimyndaform vera afar heillandi, en það nýtur vaxandi vinsælda meðal barna og unglinga á Vesturlöndum.**

Japanska sendiráðið efndi til samkeppni um manga-teikningar á síðasta ári í tilefni af komu Nobuyuki Tsugata til landsins, sérfræðings í japönskum teiknimyndum. Fjórir hlutu viðurkenningu í keppninni. Þeirra á meðal var Selfyssingurinn Karítas Gunnarsdóttir, fjórtán ár gömul, sem féll fyrir forminu þegar hún sá það teiknimynd fyrir nokkrum árum og hefur síðan þá dundað sér við að búa til alls kyns skemmtilegar fígúrur í þessum stíl.

„Síðustu tvö árin hef ég verið að teikna man myndir. Þetta er mjög fallegur stíll og myndirn krúttlegar,“ segir Karítas aðspurð hvað hafi he að hana við manga-formið. Hún segist þó ekki hafa verið að flagga þessu áhugamáli, meðal annars þar sem sumum kunni að þykja það nördalegt, þótt það sé svo sem heldur ekkert leyndarmál. Einhverjir vinanna viti af því og einn þeirra, Helga, sem er líka liðtækur teiknari, hafi bent henni á keppnina.

Annars segist Karítas ekki hafa tileinkað sér neinn sérstakan teiknistíl. Hún segist hafa teiknað nánast á hverjum degi alveg frá því að hún man eftir sér, eða frá því að hún gat haldið á blýanti, og segir teiknun vera helsta áhugamálið.

„Mér finnst bara svo gaman að teikna og sjá hvernig myndin verður,“ játar Karítas, sem finnst skemmtilegast að teikna fólk, tígrisdýr og hlébarða, sem hún segir í miklu uppáhaldi. Auk þess sem það séu einu dýrin sem hún kunni almennilega að teikna.

Karítas hefur vakið athygli fyrir hæfileikana, sem hafa aflað henni þónokkrar viðurkenningar. Hún hefur tekið þátt í samtals sex teiknisamkeppnum og sigrað í þeim flestum, síðast í keppni um merki fyrir nemendafélag Vallaskóla þar sem hún er nemandi. Þegar hún tók þátt í manga-samkeppni japanska sendiráðsins átti hún því allt eins von á því að ná langt, en segist engu að síður hafa orðið hissa og ánægð með sigurinn. „Þetta var mjög gaman,“ segir hún.

Sýning á verkum Karítasar og annarra þátttakenda í manga-keppninni verður opnuð í dag klukkan 17 í Borgarbókasafni Reykjavíkur. Þar verða til sýnis tæplega fjörtíu myndir eftir sautján íslensk börn og unglinga sem eru á aldrinum ellefu til tuttugu ára. Sýningin stendur yfir til 6. febrúar.

*-rve*



Þrír vinir. Mikil vinna liggur sýnilega að baki teikningum Karítasar.



Karítas þykir skemmtilegt að teikna fólk, tígrisdýr og hlébarða eins og sést á þessari mynd.



Svo vinnur hún sumar teikningarnar í Photo Shop.



Karítas teiknar með blýanti.



Manga er japanskt teikniform sem nýtur vaxandi vinsælda á Vesturlöndum meðal barna og unglinga.


ÖFLUGT HLJÓÐ
HÁGÆÐA MYND
MEÐ DENON DVD-Home Entertainment System
Smart Sound
Upplifðu tónlist sem aldrei fyrr, af geisladiskum, útvarpi, ferðageislaspilara eða frá PC tölvunni þinni
Smart Operation
Einfalt í notkun
Smart Theatre
Upplifðu bíóhúsa-stemmingu með Surround hljómburði
Smart Network
Spilaðu tónlistina þína hvenær sem er,hvar sem er - þráðlaust
Network
ASF-S07
Gólfstandur fyrir S-302 / 102 (sérpöntun)
ASF-S05
Statíf fyrir hátalara (sérpöntun)
S-102
DVD heimabíókerfi
DVD-Home Entertainment System
S-302
Öflugt ,,Surround" hljóð úr aðeins 2 hátölurum og bassaboxi
DVD / CD afspilun
AM/FM útvarp
Uppskölun DVD/VCR / kapal eða gervihnattamóttöku 1080P HD gæði
Hlustaðu á tónlistina þína frá PC vélinni, iPod, geisladiskum eða internetútvarpi
Hægt að tengja við iPod
Við setjum gæði og persónulega þjónustu í fyrsta sæti...
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 - Sími 520 7900 - ef@ef.is - www.ef.is
Opið virka daga 9-18 og laugard. 10-14
DENON

# Skapanornir, sjálfsstyrkur og dísir

**Gyðjur fortíðar og gyðjan hið innra vakna til lífsins á námskeiðum Valgerðar Bjarnadóttur á Akureyri.**

„Ég hef haldið námskeið og kennt sjálfsstyrkingu samhliða öðrum verkefnum í áratugi. Upphaflega er ég menntuð félagsráðgjafi en tók síðan BA gráðu í heildrænum fræðum með áherslu á draumafræði og master í femínískri trúarheimspeki og menningarsögu sem ég nota mikið í námskeiðum mínum,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, ráðgjafi og fræðikona á Akureyri, sem hefur alfarið starfað sjálfstætt við námskeiðahöld og ráðgjöf frá árinu 2003.

Námskeið Valgerðar eru af ýmsum toga en eiga það flest sameiginlegt að tengja sjálfsstyrk, sjálfsþekkingu og persónulegan vöxt við menningarsögu kvenna, hugmyndaþróun, trúarheimspeki, goðsagnir og drauma.

Dæmi um slík námskeið eru Maríurnar – kvenímyndin í trúnni, Inanna og Enhedúanna – heimsins elstu ljóð, Avalon – töfrar úr keltneskum arfi og Gyðjan í gegnum aldirnar. Enn önnur eru byggð á sjamanískum fræðum, bæði Heiður – seið hún kunni og Umróður til Avalon.

Vanadís, sem Valgerður kennir starfsemi sína við, er að hennar sögn í miklu uppáhaldi. Sú mæta gyðja var einnig í aðalhlutverki í mastersritgerð Valgerðar þar sem hún tók einnig fyrir völvur, valkyrjur og rætur okkar í vanatrú.

„Vanadís var af vanaættum en gömlu goðin okkar voru annars vegar Æsir og hins vegar vanir. Síðan þýðir Dís eiginlega gyðja eða kvengoð, en á líka við eina tegund goðkynja kvenna. Vanir voru eldri kynþáttur en æsir og þeirra helstu einkenni voru friður, ástir, auður og tenging við jörðina. Meðal þeirra virðist hafa ríkt jafnrétti og konur eða gyðjur voru jafnáhrifamiklar og karlarnir. Æsir komu svo með stríðið og karlveldið og vanirnir eru svona mín goð og þess vegna kenni ég mig við þau, þótt margt hafi verið gott hjá ásum líka,“ segir Valgerður.

Aðalmarkhópurinn á námskeiðunum er konur á ýmsum aldri sem vilja ýmist víkka sjóndeildarhringinn, skoða nýja hluti og styrkja sig enn frekar. „Karlar koma líka stöku sinnum á námskeiðin, sérstaklega á draumanámskeiðin og á námskeiðið um Avalon. Þar skoðum við meðal annars Artúrssögurnar og keltneska menningararfinn sem höfðar sterkt til karla líka. Síðan hef ég haldið námskeið fyrir unglingsstúlkur og það finnst mér afar spennandi, krefjandi en gefandi,“ útskýrir Valgerður sem segir flest námskeið fara fram norðan heiða. Auk þess hefur hún haldið nokkur námskeið erlendis og segir konur á höfuðborgarsvæðinu vera farnar að sýna þessu áhuga. „Ég var með námskeið í Mosfellsdal um Inönnu og Enhedúönnu þar sem við skoðuðum meðal annars heimsins elstu ljóð. Það var sérstaklega ánægjulegt, yndislegt umhverfi, frábærar konur og efnið ótrúlega heillandi. Síðan stefni ég á að halda námskeið um Maríurnar fljótlega á sama stað, “ segir Valgerður. Fram undan er einnig verkefni nokkurra kvenna sem kallast Mardöll og er félag um menningararf kvenna á Eyjafjarðarsvæðinu. Á þeirra vegum verður einnig haldið fljótlega námskeið sem heitir Skapanornir þar sem tekinn er fyrir íslenski sagnaarfurinn og hann nýttur til þess að skoða sjálfan sig og samfélagið og samhengið þar á milli, segir Valgerður. Allar nánari upplýsingar um starfsemi Valgerðar er að finna á: www.vanadis.is

*- rh*



Íslenski sagnaarfurinn er nýttur til sjálfskoðunar á næsta námskeiði Valgerðar sem nefnist Skapanornir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS




BEINUM ATHYGLINNI AÐ EINSTAKLINGNUM Á NÝ MEÐ DALE CARNEGIE ÞJÁLFUN – UPPRUNALEGU OG ENN BESTU LEIÐINNI TIL AÐ ÞRÓA MANNLEGU HLIÐINA Í VIÐSKIPTUM.

NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

Við hjálpum þér að:
- Efla sjálfstraustið
- Ná mjög góðum árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtogahæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST:
24. janúar
4. febrúar
12. febrúar (Leiðtoga- og samskiptaþjálfun fyrir konur)

KYNNINGARFUNDUR:
Þriðjudaginn 22. janúar kl. 20:00-21:15, Ármúla 11, 3. hæð (við hliðina á Broadway). Allir velkomnir.

NÁMSKEIÐIN FYLLAST FLJÓTT! SKRÁÐU ÞIG STRAX Á www.dalecarnegie.is EÐA Í SÍMA 555-7080

DALE CARNEGIE© ÞJÁLFUN

www.dalecarnegie.is

GUÐLAUG EDDA STEINGRÍMSDÓTTIR HÓPSTJÓRI FASTEIGNAÞJÓNUSTU GLITNIS

Þátttaka á Dale Carnegie námskeiðinu jók sjálfstraust mitt til muna. Eftir námskeiðið á ég auðveldara með að koma fram á fundum og flytja erindi á hnitmiðaðan hátt. Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því að ég væri alveg jafnhæf til þess og aðrir að vera góður leiðtogi. Ég taldi mig alltaf skipulagða manneskju en eftir námskeiðið hef ég komist að því að það má alltaf bæta sig á því sviði og það hef ég gert. Ég forgangsraða verkefnum og nýti því tímann yfir daginn mun betur. Einnig hef ég lært að það er aldrei of seint að láta drauma sína rætast, það eina sem til þarf er að setja sér markmið og stefna ótrauður að þeim.






Bumbufimi®

Bumbufimi® námskeið

Ertu ólétt?

Nýtt 6 vikna Bumbufimi® námskeið hefst 30.janúar.

HREYFI LAND®

Munið merkin og nöfnin og varist eftirlíkingar!

WWW.HREYFILAND.IS | 577 2555



# SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

| |
|---|
| Gerð: Hrafn |
| Stærðir: Herra 41-46 |
| Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn |
| Verð: 15.990 kr. |

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

# Heimur handverksfólks

**Við Bolholtið í Reykjavík er heimilisleg búð með verkfærum, efni, vélum og bókum sem viðkemur handverki enda heitir hún Handverkshúsið.**

„Það má segja að búðin hafi byggst kringum þörf viðskiptavinanna. Hún er sköpunarheimur fyrir þá sem sinna handverki hvort sem þeir vinna í bein, tré, horn, stein eða málm,“ segir Þorsteinn Eyfjörð, núverandi eigandi Handverkshússins, sem stofnað var í Hafnarfirði fyrir tíu árum en stækkað verulega í haust og fært í þetta húsnæði.

Viðskiptavinahópur Handverkshússins er traustur að sögn Þorsteins. „Það er fjöldi fólks að vinna í sínum bílskúrum, vinnustofum og hornum heima við. Eins eru útskurðarhópar, félagsmiðstöðvar og hönnunar- og smíðastofur skólanna sem þurfa á svona vörum að halda og við þjónustum allt landið,“ segir hann. Þorsteinn kveðst hafa tekið við Handverkshúsinu fyrir tveimur árum og segir námskeiðahald vera hluta af starfseminni. „Þetta byrjaði með silfurleirnámskeiðum sem hafa algerlega slegið í gegn,“ segir hann og telur líka upp námskeið í hefðbundinni silfursmíði, tréútskurði, tálgun, koparslætti og útsögun. Skyldi eitthvað vera um að fjölskyldan komi saman á námskeið? „Kannski ekki heilu fjölskyldurnar en við höfum oft fengið mæðgur, feðgin og pör.“

Meðal þess sem fólk fæst við að skapa eru skartgripir úr íslenskum steinum og Þorsteinn segir Handverkshúsið með góða þjónustu í öllu sem snúi að slípun steina, sögun og borun. „Svo er þetta held ég eini staðurinn sem selur litlar steinatromlur til að hafa heima við. Þá getur fólk slípað sína steina sjálft.“

Bókahornið er vinsælt í búðinni. „Fólk fær hugmyndir og lærir jafnvel aðferðir gegnum bækurnar enda sest það gjarnan hér niður og flettir þeim, fær sér kaffi og andar að sér stemningunni,“ segir Þorsteinn og bætir við að lokum: „Við leggjum mikið upp úr persónulegri þjónustu og notalegheitum. Viljum halda svolítið í gamla tímann.“

*- gun*




**Þorsteinn við afgreiðsluborðið sem er hjarta búðarinnar, búið til úr múrsteini og rekaviði.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON



**Það er hægt að smíða flókna hluti úr silfurleir við einfaldar aðstæður.**



**Aðstaðan fyrir námskeiðin er á hæðinni fyrir ofan búðina.**



**Skart úr silfurleir.**



**Horn, bein og tré eru efni sem vinsælt er að vinna úr alls konar hluti.**


# **Fjarnám** Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

**Tölvufræði í fjarnámi**

Netkerfi: CNA 103, 403
Netstjórnun: 103, 203, 213
Forritun: FOR 103, 203, 303
Gagnasafnsfræði: GSF 103, 203

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu:
**www.ir.is** (Námsframboð – Fjarnám)

Innritun lýkur **20. janúar**og kennsla hefst **miðvikudaginn 23. janúar.**

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

DEBENHAMS

# Bláa bomban



# 20% viðbótarafsláttur

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU. REIKNAST AF VIÐ KASSANN.

| Upprunalegt verð | 50% afsláttur af útsöluvöru | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | 396 kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | 796 kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | 1.196 kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | 1.996 kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | 2.796 kr. |

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 40576 01/2008




Prófaðu nýjung á **byr.is**:

# **Komdu þér** í fjárhagslegt form **með Byr**

**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**

Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**

Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**
Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.

**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**
Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.

Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag

BYR
SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVÍK

opinskáa umræðu því ég hugsaði með mér að það væri enginn vaknaður og því væri þetta í lagi. Svo fannst mér líka skárra að tala um alla þessa hluti því það væri enginn að horfa á mann. En svo hefur það nú breyst eftir að við komum með vefmyndavél í stúdíóið,“ segir Svali. Gassi er þó alls ekki sammála þessu því hann segir að það sé fullt af hlutum sem þeir megi alls ekki ræða. „Það má ekki ræða hvar Sigga býr, það má ekki ræða hvað Sigga er að gera með manninum sínum, það má ekki ræða líkamsræktarátökin sem hún fer í,“ segir Gassi hlæjandi. Upp spinnast fjörugar umræður um heilsuátök og hvernig á ekki að gera hlutina og það verður að viðurkennast að það hallar dálítið á kvenpeninginn í hópnum. „Sigga er alltaf með einhver plön á teikniborðinu varðandi líkamsræktina en svo frestar hún alltaf öllu eða gefst hreinlega upp,“ segir Gassi. Sigga kippir sér ekkert upp við þetta enda er hún orðin ýmsu vön.

Þegar þau eru spurð að því hvort þessi vinna hafi breytt þeim segist Svali ekki þekkja neitt annað því hann hafi verið í útvarpinu frá unglingsaldri og Gassi tekur eiginlega undir það líka. „Ég held að þessi vinna hafi breytt Siggu mest því í raun er hún bara átta ára því hún byrjaði ekki að vera til fyrr en árið 2000 þegar hún kom úr sértrúarsöfnuðinum,“ segir Svali. „Þetta er alveg rétt hjá honum, mér finnst þessi vinna hafa breytt mér. Ég kom úr svo vernduðu umhverfi og var alltaf búin að vera þessi góða stelpa sem fór aldrei út fyrir rammann. Þarna fékk ég að leika lausum hala og kynnast sjálfri mér betur og á nýjan hátt,“ segir Sigga og Gassi grípur fram í og reynir að segja einhverja brandara. Svali segir að þetta sé Gassi í hnotskurn. „Svona er Gassi, hann segir eiginlega aldrei neitt, hann skýtur bara,“ segir hann og hlær.

Gætuð þið þá ekki bara verið tvö í þættinum og sparað, eða hirt launin hans sjálf? „Nei, það gætum við ekki. Því þá myndi vanta öll skotin, öll já og nei, innskotin og svona. Það verður að vera, annars væri þetta ekkert gaman,“ segir Svali.

### Með blakandi eyru

Þau sækja innblástur fyrir þáttinn víða. Sigga viðurkennir að hún sé stundum með blakandi eyru þegar hún fer á kaffihús og pikkar þá upp einhver umræðuefni sem hún heyrir úti í bæ. Svali tekur undir þetta en Gassi segist aldrei undirbúa sig neitt. Hann mæti bara og segi já eða nei eða gerir Siggu brjálaða með leiðindakommentum. Það er kannski ekkert skrítið að þau séu stundum pirruð út í hvert annað því þau mæta í vinnuna ekki seinna en korter yfir sex á morgnana. Þegar þau eru spurð að því hvernig það gangi segja þau að það sé hægt að venjast öllu. „Fyrst þegar við byrjuðum vorum við alltaf mætt klukkan hálf sex, alla daga. Maður sér það betur og betur að ef maður er mættur í vinnuna seinna en korter yfir sex þá er maður orðinn of seinn. Við þurfum að lesa fjögur dagblöð áður en við förum í loftið og það er alveg fáránlegt að tala ekki um hluti sem eru mikið í umræðunni.“

Hvað er það rosalegasta sem þið hafið lent í útsendingu?

„Ég verð að viðurkenna það að þegar stelpan fróaði sér fyrir aftan mig í stúdíóinu varð ég mjög vandræðalegur og ég hef aldrei roðnað jafn mikið og þá,“ segir Svali og Sigga bætir því við að hún hafi aldrei upplifað neitt jafn skuggalegt og þegar þau vöxuðu pung í beinni. „Þetta með punginn var alveg rosalegt,“ segir Sigga og segir söguna af því að þau hafi í sakleysi sínu sagt frá því að snyrtistofa í bænum væri farin að sérhæfa sig í því að vaxa punga á karlmönnum. „Svo hringdi strákur inn í þáttinn og sagði að hann væri til í tuskið og þá var ekkert annað í stöðunni en að láta vaða og við boðuðum hann í stúdíóið nokkrum dögum síðar. En svo rann dagurinn upp og þá varð þetta ennþá rosalegra. Snyrtifræðingurinn notaði súkkulaðivax og þegar það var komið á punginn var eins og hann væri búinn að gera á sig,“ segir Sigga. Þessi umræddi þáttur endaði með ósköpum því í miðju kafi var slökkt á sjónvarpsútsendingunni.

„Þetta fór eitthvað fyrir brjóstið á Pálma Guðmundssyni og hann slökkti á kamerunni,“ segir Svali.

„Það er svosem ekkert skrítið því Gassi var með myndavélina alveg í klofinu á gæjanum,“ segir Sigga og dæsir. Elín Reynisdóttir sem hefur verið að sminka Gassa meðan á viðtalinu stendur segir að hún hafi einmitt verið á hlaupabrettinu í World Class þegar þessi atburður átti sér stað. „Það voru allir í sjokki þarna á hlaupabrettunum og það munaði minnstu að ég hefði dottið af brettinu,“ segir Elín og hlær.

Þegar þau eru spurð að því hvað sé mest heillandi við starfið nefnir Gassi peningana en Svali og Sigga skjóta hann í kaf og segja að svo sé nú alls ekki. „Ég hef oft hugsað um það þegar ég er að vakna svona snemma af hverju í andskotanum maður sé að þessu. En um leið og maður er mættur og búinn að opna fyrir míkrafóninn þá er ekki aftur snúið,“ segir Svali. „Öllu jafna er bara svo gaman og ég held að það sé vegna þess að það er rétt kemestrí á milli okkar. Við eigum svo vel saman,“ segir Sigga og Gassi skýtur inn í að það sé rétt ef vikan milli jóla og nýárs sé mínusuð frá. Breyttist þátturinn eitthvað þegar hann var sendur út í sjónvarpi?

„Það rak okkur öll í átak,“ segir Gassi og hlær.

„Við vorum mjög meðvituð um að láta sjónvarpið ekki breyta okkur. Ég verð þó að viðurkenna að maður passar sig að geispa minna og bora helst ekki í nefið,“ segir Svali en Sigga bætir því við að henni finnist það vera viss léttir þegar hún sé ekki í mynd. „Mér finnst það bæta rósum við þáttinn að hafa hann í sjónvarpinu,“ segir Sigga. Aðspurð hvort það sé hægt að fá fólk til að framkvæma allt segja þau að svo sé ekki. „En það er alltaf einhver til í tuskið,“ segja þau og hlæja.

Í frítímanum gera þau ekki mikið af því að hittast þótt Svali og Gassi fari einstaka sinnum út að borða saman eða í jeppaferðir. Þeir eiga það þó sameiginlegt að vera miklir græjukarlar. Þeir eiga til að mynda báðir jetski og elska allt sport. „Ég á fullt af börnum og konu og er mikill jeppakarl, elska golf og svo fékk ég laxveiðistöng í jólagjöf,“ segir Svali og Gassi segist vera með nákvæmlega sömu áhugamál mínus jeppadelluna. „Gassi er alger græjukarl, verður alltaf að eiga allt það nýjasta. Hann keypti sér til dæmis fjórhjól um daginn. Mér fannst það algert rugl og sagði við Gassa að hann ætti eflaust bara eftir að nota það þrisvar og hvað hefur komið á daginn, Gassi hvað ertu búinn nota fjórhjólið oft?“ spyr Svali og Gassi játar að hann hafi bara farið á það tvisvar og Svali hristir hausinn yfir þessu öllu saman. Líf Siggu snýst um allt annað en græjur og jeppa. Hún tekur aðallega til í frítíma sínum.

„Ég elska líka að syngja og var að byrja á námskeiði í Söngskóla Reykjavíkur,“ segir hún og bætir því við að hún hafi fengið gítar í jólagjöf. „Annars finnst mér bara gott að hvíla mig og slaka á þegar ég er í fríi, horfa á góða mynd eða hitta vinkonurnar. Þetta fer allt eftir því hvaða stuði ég er í.“ Þegar þau eru spurð út í nýja árið segjast þau ætla að halda áfram að gera góðan útvarpsþátt og hafa gaman af lífinu. „Við bindum þó vonir við að fá aukið fjármagn á þessu ári til að gera þáttinn enn betri. Samningurinn okkar rennur svo út í maí og verður spennandi að sjá hvert framhaldið verður,“ segja þau áður en þau hoppa í sparifötin svo hægt sé að smella af þeim mynd.



# Hverjir eru hvar?

Skemmtanalíf höfuðborgarinnar hefur aldrei verið blómlegra. Skemmtistaðirnir eru stútfullir helgi eftir helgi og raðir sem ná langt út á götu er eitthvað sem ekki virðist vera hægt að forðast, sama hversu snemma er lagt í hann. Skemmtistaðirnir eru þó misjafnir eins og þeir eru margir sem betur fer þar sem ólíkar týpur sækja barina heim. Sirkus fór á næturvaktina og gerði úttekt á helstu stöðum bæjarins.

## BOSTON

Stemningin á Boston er oft dálítið eins og að vera staddur í frumsýningarpartíi krúttkynslóðarinnar sem neitar að horfast í augu við það að vera að eldast. Krúttkynslóðin á það sameiginlegt að vera feimin við alla athygli en fíla hana engu að síður og líður því vel í félagskap þjáningarbræðra sinna sem glíma við sama vandamál.

**Stétt:** Yngri kynslóð leikara, leikstjóra og kvikmyndagerðarfólks. Leiklistar- og hönnunarangi listaháskólanema eins og hann leggur sig. Nemar við málvísindadeild HÍ.

**Fram fyrir röðina:** Gabríela Friðriksdóttir myndlistarmaður, Ragnar Bragason leikstjóri, Tómas Lemarquis myndlistarmaður.

**Drykkurinn á barnum:** Gin í tónik, tilgerðarlaus og ekkert uppskrúfaður,

**Áskilinn klæðnaður:** Vintage föt, fatnaður frá KronKron, eitthvað frá Trilogiu í bland við eitthvað gamalt.

**Pikköpplínan:** Krúttleg þögn, augnagotur og feimnislegt bros





## ÖLSTOFAN




Ölstofan hefur alla tíð verið staður fjölmiðlafólks, pólitíkusa og rithöfunda. Þar snobba allir fyrir öllum og njóta þess að sýna sig og sjá aðra í þeim tilgangi einum að ræða afrek sín við gesti og gangandi og sannfærast enn frekar um eigið ágæti. Hér eru þeir sem telja sig vera fræga og eru uppfullir af eigin egói.

**Stétt:** Sjónvarpsfólk, stjórnmálamenn, blaðamenn og rithöfundar.

**Fram fyrir röðina:** Hallgrímur Helgason rithöfundur, Ari Sigvaldason ljósmyndari og Árni Snævarr fyrrum fréttamaður. Stjórnmálamaðurinn Helgi Hjörvar og nafni hans Seljan Kastljósljóska með meiru. Kaupsýslumaðurinn og framkvæmdajöfurinn Jón Ásgeir Jóhannesson, stórsöngvarinn Egill Ólafsson og Andrea Gylfadóttir söngkona.

**Drykkurinn á barnum:** Fastagestir Ölstofunnar verða seint sakaðir um fágaðan áfengissmekk og lepja bjórinn stíft. Það segir sína sögu að barþjónarnir gera sér almennt ekki grein fyrir hárfínum blæbrigðamun á Gordons gini og Tanqueray gini auk þess sem Bacardi og Captain Morgan er sama rommsullið í þeirra augum á meðan munurinn á Grolsch og Tuborg er hins vegar vel þekktur bak við barborðið.

**Áskilinn klæðnaður:** Svartur leðurjakki sem virkar aðeins of stór og gallabuxur. Bindi og allur slíkur viðhafnarbúnaður þykir lýti en þó leyfist Ölstofuspjátrungunum þeim Kormáki og Skildi að klæðast slíku.

**Pikköpplínan:** „Hvað segir þú, kannastu ekki við mig“? eða „Veistu hver ég var?“.

## SIRKUS

Sirkusdýrin hafa haldið tryggð við staðinn frá því hann opnaði og eru því orðnir jafn mikil húsgögn og barborðið. Á Sirkus ríkir ávallt taumlaus gleði. Ef Boston og Sirkus eru bornir saman verður samanburðurinn eins og að bera saman útihátíð í Eyjum og bindindismótið í Galtalæk, því Sirkus er alltaf staðurinn þar sem allt nötrar af hressileika og stemningu á meðan Boston er nokkrum skrefunum dannaðri.




**Stétt:** Tónlistarmenn af Gus Gus-kynslóðinni, myndlistarmenn, myndlistanemar í Listaháskóla Íslands, ljóðskáld og rithöfundar.

**Fram fyrir röðina:** Björk Guðmundsdóttir, Stebbi Steph tónlistarmaður, Gísli Galdur tónlistarmaður, myndlistamaðurinn Curver, leikstjórinn Toggi, Jón Atli hárgreiðslumaður og plötusnúður, Hugleikur Dagsson og Nýhilhópurinn eins og hann leggur sig.

**Drykkurinn:** Bjór.

**Áskilinn klæðnaður:** Nokkurn veginn allt leyfilegt, nema 66*norður flíspeysur og flegnir bolir sem flassa brúnku og sílikonbrjóstum. Hönnun eftir Aftur-systurnar og Jón Sæmund, peysa frá Nakta apanum og skræpóttar leggings, notuð föt verða þó að teljast ákjósanlegur kostur.

**Pikköpplínan:** „Viltu sjá nakta apann minn?“



## VEGAMÓT

Brúnkusmurðir stæltir karlmenn með ljósar strípur og íðilfagrar sílikonmeyjar á flegnum bolum, toppurinn á tilveru hnakkans. Á Vegamótum keppast allir um athyglina og hér skiptir öllu máli að sýna allt sem þú hefur.




**Stétt:** Lögfræðinemar, fyrirsætur, útvarpsmenn, líkamsræktarjöfrar, afgreiðslufólk NTC verslana, nemendur í Háskólanum í Reykjavík.

**Fram fyrir röðina:** Heiðar Austmann, Auðunn Blöndal, hnakkarnir Ásgeir Kolbeinsson og Arnar Grant líkamsræktarjöfur.

**Drykkurinn á barnum:** Bacardi Breezer.

**Áskilinn klæðnaður:** Fyrir karlkyns hnakkana er hvítur þröngur bolur sem undirstrikar skorna vöðva og dregur fram brúnkuna málið og við hann ljósar Diesel gallabuxur og stakur jakki. Hnakkameyjunum leyfist þó aðeins meir á meðan það er nógu bert, djarft og áberandi.

**Pikköpplínan:** „Vá geðveik brjóst!“



## B5

Þegar B5 opnaði var hann í hlutverki kaffihúss og yfirleitt var ekki mikið af fólki þar á kvöldin. Síðasta vor snarbreyttist þetta þegar Rut Káradóttir arkítekt hressti upp á staðinn og í kjölfarið fóru þeir sem meira mega sín að sækja staðinn. Stemningin getur verið æði góð, flott tónlist og fullt af fólki við barinn.



**Stétt:** Fjárfestar, arkítektar, heilsugúru, bankamenn og lögmenn.

**Fram fyrir í röðinni:** Kári Stefánsson, Björgólfur Thor, Ingibjörg Stefánsdóttir, jógakennari og leikkona, og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður á Lex.

**Drykkurinn:** Hvítvín.

**Áskilinn klæðnaður:** Dömurnar eru elegant, vel sniðnar gallabuxur, glansskyrta, leðurjakki og merkjavörutaska og herrarnir klæðast jakkafötum eða jakkafatabuxum við peysu og skyrtu.

**Pikköpplínan:** Ég á kampavín og jarðarber heima, viltu koma og sjá vínilplötusafnið mitt?



## APÓTEKIÐ

Það er ótrúlega blandaður hópur á Apótekinu, fasteigna- og bílasalar mæta þangað í stórum stíl ásamt hárgreiðslufólki, kaupmönnum, fyrrum fyrirsætum og sjónvarpsfólki. Inni á milli leynast popparar og aðrir skemmtikraftar.





**Stétt:** Fasteignasalar, hárgreiðslufólk, poppstjörnur Einars Bárðarsonar umboðsmanns Íslands, Senugengið með Jón Gunnar Geirdal fremstan í flokki.

**Fram fyrir í röðinni:** Ragnheiður Guðfinna Concertdrottning, hárgreiðslumaðurinn Böddi, Gummi Jóns í Sálinni og Þórhallur Gunnarsson.

**Drykkurinn:** Mojito og kampavín.

**Áskilinn klæðnaður:** Gallabuxur, hvít skyrta og jakkafatajakki á karlpeninginn en leggings, stutt pils og pallíettutoppar á kvenþjóðina.

**Pikköpplínan:** Viltu koma í sleik?





EINN VINSÆLASTI SÖNGLEIKUR ALLRA TÍMA!
jesus christ superstar
Fim. 24. Jan. kl. 20 UPPSELT
Lau. 26. Jan. kl. 20 UPPSELT
Fös. 01. Feb. kl. 20 UPPSELT
Lau. 02. Feb. kl. 20 UPPSELT
Fim. 07. Feb. kl. 20 LAUS SÆTI
Fös. 08. Feb. kl. 20 UPPSELT
Fim. 15. Feb. kl. 20 UPPSELT
Sun. 17. Feb. kl. 20 LAUS SÆTI
Lau. 23. Feb. kl. 20 LAUS SÆTI
Fös. 29. Feb. kl. 20 LAUS SÆTI
Lau. 01. Mar. kl. 20
Fim. 06. Mar. kl. 20
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**sirkus STJÓRINN**

## Hverjir voru hvar?



Sirkusstjórinn stundar næturlífið af miklu kappi þessa dagana enda fátt annað að gera í kuldanum og skammdeginu en að lyfta sér upp með örlítilli brjóstbirtu og barferðum. Á föstudagskvöldið var leikkonan **Þóra Karitas Árnadóttir** með öllu genginu úr sýningunni Fool 4 love á Boston. Þar var líka Sara Dögg Ásgeirsdóttir leikkona sem fer með aðalhlutverk Pressunnar en hún getur heldur betur fagnað góðu gengi þáttarins sem virðist njóta mikilla vinsælda. Leikararnir Stefán Hallur Stefánsson og Viktor Már Bjarnason voru áberandi á Ölstofunni þetta sama kvöld og Baggalúts-bróðirinn Karl Sigurðsson lék þar við hvurn sinn fingur. Hinn eini sanni Manni, Einar Örn Einarsson, var þar líka, þó án félaga síns Garðars Thors Cortes. Á laugardagskvöldið virtist vera það sama upp á teningnum eins og föstudagskvöldið en leikarar og kvikmyndagerðarfólk virtust vera í öðru hverju horni. Ragnar Bragason leikstjóri var á Boston ásamt eiginkonu sinni, Helgu Rós Hannam búningahönnuði, og nutu þau félagsskapar leiklistarnemanna Lilju Nóttar Þorsteinsdóttur og Vigdísar Násdóttur. **Jörundur Ragnarsson**, leikarinn góðþekki úr Næturvaktinni, leit þar sömuleiðis við ásamt kærustu sinni, **Dóru Jóhannsdóttur** leikkonu. Þar var líka leikstjórinn **Baltasar Kormákur**. Ölstofan var full af fólki þetta sama kvöld þar sem listamenn og blaðamenn drukku frá sér kulda og hroll. Hallgrímur Helgason, rithöfundur og myndlistarmaður, lét sig ekki vanta og var í miklu stuði sem og sjálfur **Megas** sem stóð við barinn reffilegur og hress. Þar var einnig spjátrungurinn Skjöldur sem stóð vaktina á sinni eigin Ölstofu og ræddi málin við gesti og gangandi. Sirkusstjórinn hefði vel getað dvalið lengur við á Ölstofunni en skynsemin tók öll völd og haldið var heim á leið eftir mjög skemmtilegt og hressandi kvöld.





# Litrík afmælisgleði á Prikinu

Það var margt um manninn á Prikinu á föstudagskvöldið en þar hélt María Guðrún Rúnarsdóttir, nemi á fyrsta ári í grafískri hönnun í Listaháskólanum, upp á afmælið sitt. María ákvað að taka afmælishaldið með trompi þetta árið og bauð öllum fyrsta árs nemum í hönnunardeild listaháskólans í afmælið sitt.



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Guðmundur Vestmann og Benjamín Mark Stacey nemi í grafískri hönnun sýndi í sér tennurnar.



**BROSTU SÍNU BLÍÐASTA** Björgvin Óli Friðgeirsson og Katla Rós Völudóttir nemar í grafískri hönnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**AFMÆLISBARN KVÖLDSINS** María Guðrún Rúnarsdóttir var ævintýralega fögur með rauða spöng eftir Thelmu í hárinu.



**GLÆSILEGAR** Birta Ísólfsdóttir og Laufey Lúðvíksdóttir, nemar í fatahönnun, voru flottar.



**GLANSANDI GLAMÚR** Ýr Þrastardóttir nemi í fatahönnun og Ásgrímur Már fatahönnuður tóku sig vel út í bronslituðum buxum.



**AFMÆLISGLEÐI** Myrra Rós Þrastardóttir, Katla Maríudóttir og Anna Rakel Róbertsdóttir voru í miklu stuði.

## Brúðguminn frumsýndur Frumsýningargestir flykktust í Háskólabíó

Kvikmyndin Brúðguminn í leikstjórn Baltasars Kormáks var frumsýnd á miðvikudagskvöld í Háskólabíói við góðar undirtektir. Myndin byggir á leikverkinu Ivanov eftir Tsjekov en leikverkið var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um jólin af sama leikhópi og kemur fram í myndinni. Leikstjórinn Baltasar Kormákur og leikarinn Ólafur Egill Egilsson unnu handritið út frá leikverkinu. Það var margt um manninn á frumsýningunni og eftirvænting frumsýningargesta leyndi sér ekki en fyrir frumsýninguna var móttaka í Háskólabíói.



**Í BLÍÐU OG STRÍÐU** Batasar Kormákur og eiginkona hans, Lilja Pálmadóttir, eru samhent hjón, en Lilja er meðframleiðandi Brúðgumans,



**FLOTTIR** Ragnar Davíð Baldvinsson og Stjörnu-leikarinn Kjartan Guðjónsson voru reffilegir.



**RÁÐHERRANN OG FRÚIN** Ágústa Johnson og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.



**EFTIRVÆNTINGIN LÁ Í LOFTINU** Guðrún Sesselja Arnardóttir og Bergljót Rist brostu út að eyrum.



**BROSMILD** Bakari Íslands, Jói Fel, og eiginkona hans, Unnur Gunnarsdóttir, ljómuðu enda sólbrún og sæl.

Girnilegur,
Gómsætur,
Æðislegur,
Frábær,
Fljótlegur!

Hádegismatur á café Oliver
Fiskur dagsins 1590,-
Kjöt dagsins 1990,-
Súpa fylgir með réttum dagsins.

Minnum á Brasilíska daga í febrúar
taumlaus gleði og
skemmtun dagskrá auglýst síðar.

Fyrirtæki stór sem smá,
hvernig væri að byrja eða enda
árshátíðina á vinsælasta
veitinga og skemmtistað Íslands?

Hringið og spyrjist fyrir.

Kvöldverður á café Oliver
fimmrétta helgarseðill á aðeins 5500,-
kvöldverður sem enginn má missa af..

Notalegur,
Skemmtilegur,
Framandi,
Rómantískur!

Borðapöntun í síma 552-2300

OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

# 5 leiðir...

## til að komast í gegnum janúar



Leigðu þér allar Fóstbræðraseríurnar. Það kemst enginn í gegnum þær án þess að brosa út í eitt enda ekki annað hægt. Hvaða fýlupoki getur staðist nakinn fullvaxinn karlmann sem spókar sig á laugarbakkanum með handklæði í rassinum eða Jón Gnarr og Þorstein Guðmundsson í hlutverkum hnakkanna sem eru appelsínugulir og vel steraðir pissandi og prumpandi? Meinlaust grín sem fylgir öllum út í kaldan og dimman mánuðinn.



Breyttu stofunni í Hawaii-strönd. Skrúfaðu ofnana í botn, dreifðu hvítum sandi á stofugólfið og blástu upp plast-pálmatré, gerðu strápils á fjölskylduna og janúarmánuði er borgið.



Blástu lífi í kalda hjónasængina með heitum nýjungum. Af hverju ekki að prófa eitthvað nýtt og hressandi í þessum mikla frostmánuði og kynda svefnher-bergið um leið?

Skráðu þig í áskrift á tónlist. is og spiluðu gömlu góðu íslensku slagarana heima í stofu og dansaðu með. Fullkomin upplyfting sem kostar ekki mikið og veitir þér dágóða brennslu í leiðinni.



Fagnaðu hverri viku í janúar sem er að baki með einhverju skemmtilegu. Hvernig væri að fá sér kampavín í rúmið, panta sér dekurdag á einhverri snyrtistofunni og kaupa sér fallega skó? Leggjumst öll á eitt – gerum janúar að stórkostlegasta mánuði ársins.



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Palli fær allt sem hann óskar

Sigríður Klingenberg spáir fyrir Páli Óskari Hjálmtýssyni þessa vikuna. Hann er fæddur 16. 03. 1970. Hún segir að hann hafi mikla keppnisorku og geri mikið af öllu sem hann gerir. „Óskarinn er mikill fíkill að eðlisfari og hans fíkn er tónlist og að rækta sjálfan sig og láta sér líða vel. Ef eitthvert orðatiltæki á við Óskarinn þá er það að ef maður ætlar að ná langt þá verður maður að vera með sjálfur. Það er ekkert feik í honum," segir Sigríður. Fyrir nokkrum árum þegar Sigríður var í hlutverki Völvu Vikunnar spáði hún fyrir Páli Óskar. Í þeirri spá kom fram að frami hans myndi byrja fyrir alvöru 2007. „Hann er að fara inn á 18 ára tímabil þar sem hann mun skrá nafn sitt á spjöld sögunnar víðar en fólk hefur búist við. Hann á eftir að skemmta úti um allan heim og verða vinsæll plötusnúður og söngvari í Þýskalandi og fleiri löndum. Það er dálítill piparsveinabragur yfir Óskarnum þó hann hleypi kannski einhverjum inn að gafli hjá sér. Ég sé ekki neina hringa í nánni framtíð. Óskarinn er samt á góðu ástar-tímabili og verður sægur af sætum mönnum sem myndu vilja sigra hjarta hans. Palli er talan 9 sem táknar manneskju sem gott er að vinna með og gott er að semja við. Gamlar sálir eru oft í níunni og níurnar eru oft mjög samúðarfullar ef mikið gengur á hjá öðrum. Palli fær allt sem hann óskar."



**SIGRÍÐUR KLINGEN-BERG SPÁÐI ÞVÍ** Fyrir mörgum árum að 2007 yrði árið hans Palla.

**NÍNUKOT BÝÐUR ÍSLENSKUM UNGMENNUM UPP Á VINNU UM VÍÐA VERÖLD**

# Viltu vera þjónn á Ítalíu eða kúreki í Ástralíu?

Fyrirtækið Nínukot var stofnað árið 1996 og hefur allar götur síðan greitt götu fyrir unga Evrópubúa sem hafa kosið að koma til Íslands að vinna. Störfin hafa verið af margvíslegum toga, allt frá au pair-störfum upp í ferðaþjónustu og landbúnaðar-störf. Störfin hafa ekki verið einskorðuð við Reykjavík heldur landið allt. „Algengast er að þátttakendur í verkefnum okkar séu starfandi sem au pair hjá fjölskyldum, í ferðaþjónustu og landbúnaði, en við höfum einnig aðstoðað fyrirtæki í fjölda annarra atvinnugreina. Jafnframt höfum við tekið þátt í Leonardo da Vinci-verkefnum þar sem nemar (m.a. í matreiðslu, ferðamála- og uppeldis-fræðum) hafa komið í starfsþjálfun hérlendis," segir Eygló Harðardóttir hjá Nínukoti. Í vikunni byrjaði Nínukot að bjóða upp á nýja þjónustu sem felst í því að flytja Íslendinga út. „Við bjóðum Íslendingum upp á vinnu um víða veröld," segir Eygló og nefnir Afríku, Ameríku, Asíu, Evrópu og Eyjaálfu. Þar getur fólk látið drauma sína rætast, unnið sem au-pair, í „Work & Travel" eða farið í sjálfboðavinnu. Þegar Eygló er spurð út í störfin segir hún marga möguleika vera í boði. „Það er allt mögulegt en einna helst í ferðaþjónustu, landbúnaði og ýmsum þjónustustörfum. Það er til dæmis hægt að starfa sem þjónn á Ítalíu, í verslun á Írlandi eða vinna sem kúreki í Ástralíu svo eitthvað sé nefnt." Nínukot er starfrækt á vefnum www.ninukot.is fyrir þá sem þyrstir í spennandi ævintýri á erlendri grundu.






**TIL Í TUSKIÐ** Eygló Harðardóttir greiðir götu þeirra sem þyrstir í ævintýri á erlendri grundu.



# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

JÓEL PÁLSSON, SAXÓFÓNLEIKARINN GÓÐKUNNI, OG TORFI FRANS ÓLAFSSON, FRAMLEIÐSLU-STJÓRI Á TÆKNISVIÐI CCP HF., KEPPTU Í SÍÐUSTU VIKU. ÞEIR HLUTU JAFN MÖRG STIG OG MÆTAST ÞVÍ HÉR AFTUR.

**1. Hver er forstjóri íslensku Kauphallarinnar?**

**2. Um síðustu helgi var kvikmynd sem byggð er á sögu Stephens King frumsýnd hér á Íslandi, hvað heitir myndin?**

**3. Hvaða fegurðardís verður næsta Bondstúlkan?**

**4. Hvaða leikstjóri leikstýrir kvikmyndinni Brúðgumanum sem frumsýnd er í vikunni?**

**5. Hljómsveitin Hjaltalín sendi nýverið frá sér plötu, hvað heitir platan?**

**6. Hver var útnefndur bæjarlistarmaður Seltjarnarness fyrir árið 2008?**

**7, Hver er landsliðsþjálfari íslenska landsliðsins í handbolta?**

**8. Hver er formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar?**

**9. Hver hlaut Rósina, hvatningarverðlaun sem veitt eru í minningu Ástu B. Þorsteinsdóttur í samvinnu við Þroskahjálp?**

**10. Hrafn Jökulsson sendi frá sér bók fyrir jólin sem byggð er á æviminningum hans, hvað heitir hún?**

Rétt svör. 1. Þórður Friðjónsson. 2. Hrollvekjan The Mist. 3. Hin úkraínska Olga Kurylenko. 4. Baltasar Kormákur. 5. Sleepdrunk Seasons. 6. Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarmaður. 7. Alfreð Gíslason. 8. Sóley Tómasdóttir. 9. Freyja Haraldsdóttir. 10. Þar sem vegurinn endar.





### Torfi F. Ólafsson 7 RÉTT SVÖR.

1. Þórður Friðjónsson.
2. Þokan eða The Mist.
3. Frá Úkraínu.
4. Baltasar Kormákur.
5. Sleepdrunk Seasons.
6. Steingrímur Eyfjörð.
7. Alfreð Gíslason.
8. Sóley Tómasdóttir.
9. Freyja Haraldsdóttir.
10. Man það ekki.

### Jóel Pálsson 4 RÉTT SVÖR.

1. Man það ekki.
2. Hef ekki grænan grun.
3. Bergþóra Guðnadóttir.
4. Baltasar Kormákur.
5. Pass.
6. Kristín Gunnlaugsdóttir.
7. Alfreð Gíslason.
8. Veit ekki.
9. Freyja Haraldsóttir.
10. Rekaviður á ströndum.

Torfi Frans sigraði Jóel örugglega. Torfi hlaut sjö stig af tíu mögulegum á móti fjórum stigum Jóels. Jóel sigraði alls fimm mótherja og gerði eitt jafntefli. Jóel skorar á félaga sinn, Sigtrygg Baldursson tónlistar-mann, til að mæta Torfa í næstu viku.


STÓR
ÚTSALA
REKKJUNNAR
10-50% AFSLÁTTUR!
COMFORT solutions®
By King Koil®
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# BIG papas pizza

## Tilboð 3

**16" pizza með 3 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum, sósa og 2l pepsi**

**Aðeins 1.890 kr. sótt**

**Heimsent 2.390 kr.**

í Kópavog og Breiðolt

**Opið frá 11.30 til 22.00**

Engihjalli 8 – Kópavogur

**Fleiri tilboð inni á bigpapas.is**

☎ **578-1717** ☎

friendtex

**Verðhrun!**
Allir jakkar á 1.900.- kr!! Opið 10-18 og laugardag 11-16. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is




## Ýmislegt

Til sölu rúm 90x2, tungustóll, skemill, skrifborðsstóll, rafmagnsgítar og magnari, vasi og silkiblóm, tvenn unglingajakkaföt, grár kvenjakki. Uppl. í s. 699 8621.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LR-Henningskúrinn, fljótvirkur og átakalaus. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.




5-7 kíló á 9 dögum, 9 daga hreinsikúr frá Aloe Vera. 14.690kr. S. 6978928 Sigga

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu nýlegur Lazyboy stóll frá Kósý. 4 nýlegir eldhússtólar, glerborð, skenkur og hjónarúm. Uppl. í s. 895 2813 / 587 7618 e. kl. 16.

## Gefins

Nýleg þvottavél og þurkari fæst gefins gegn því að vera sótt. Uppl. í s. 848 1214.

## Barnagæsla

Kona óskast til að taka á móti 2 börnum úr skóla 3-4 tíma á dag e. hádegi. Þarf að geta byrjað fljótlega. Uppl. í s. 845 1075.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Til sölu fjörugir og fallegir Chihuahua hvolpar með ættbók. Uppl. í s. 897 8848.

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Æfintýraferð til Tælands, nánar á boomiee.is eða í S. 869 3297.

## Ferðaþjónusta



Til leigu sumarhús af ýmsum gerðum og stærðum í lengri og skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Veitingasala. Gerum hópum föst tilboð. Sjá nánar á www.uthlid.is eða í s. 699-5500

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
Leiga.is
Löggilt leigumiðlun

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu 3 herb. 90fm+ útsýnisíbúð í Hólunum. V.130 þ. S. 695 1828 e.kl. 14:00

3ja herbergja íbúð í Bökkunum til leigu frá og með 1. febrúar. Reykleysi og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 8621340.

2 herb. íbúð til leigu á svæði 105. Fullbúin húsgögnum og húsmunum. Þráðlaust internet. V. 140þús á mán., allt fylgir. Uppl. í s. 856 6736.

3ja herb. íbúð til leigu á svæði 101, nýtekin í gegn. Leiga 110 þús. á mán. Allt innifalið. Uppl. í s. 866 4759.

5 herb 118fm íbúð á 2 hæðum í 105 Stangarholti til leigu. 3svherb, 2stofur, 2 baðh, Séringang á jarðh. Allt nýtt. Leiga 180þ. Auðvelt að deila með fleirum, laus strax langtímaleiga. S. 861 5701

Rúmgóð og falleg 3herb íbúð í 201 Kóp.Laus strax.Verð 130+trygging.Uppl í s: 8483424

Szukam wspollokatora. Oddzielna sypialnia w wyposazonym mieszkaniu w Gardabær. Od zaraz. 45000isk/miesiac. 825 4727

Til leigu 2hæða einbýli á Bræðraborgarstíg 101 Rvk. 130-140 fm, 2 sérinngangar, 6 herbergi. íbúðin er laus strax. Upp. í s. 897 3327 & 897 5484

**30fm. húsnæði**
30fm. herb. til leigu. Gæti verið fyrir léttan iðnað eða sem geymsla. Uppl. í s. 892 7664.

2 manna herbergi í álftamýri, með aðgang að baði eldh. og öllu. Svæði 108 S. 698 8037.

Eigum laus 5 skrifstofuherbergi til leigu að Völuteig 8 Mosfellsbæ 20 fermetra skrifstofuherbergi m/ sameiginlegum aðgang að eldhúsi og snyrtingu Aðstaða í eldhúsi til fundarhalda Verð á per herb. 22.000 Uppl. Í síma 821-3767

Einstakl. herb í 101R. V.ca.40þ+trygg. Leigut. min. 4 mán. S.551 6527/867 4280.

## Húsnæði óskast

2 strákar utan af landi eru að leita sér að 3 herb. íbúð. Íbúðin þarf að vera laus frá 1. jan eða 1. feb. Geta borgað 6 mánuði fram í tímann. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 770 5214.

Par á miðjum aldri óskar eftir lítilli 2 herb. íbúð eða stúdíóíb. Reglusemi og góð meðmæli. S. 821 0656.

Erum 4 manna fjölsky sem erum að leita að húsnæði til leigu í Hveragerði. frá aprí mai..í langtímaleigu. Uppl. í s. 862 3875.

Óska eftir herbergi í Rvk. Uppl. í síma 692 0855.

## Húsnæði til sölu



3 herb íbúð. Laus strax. Lækkað verð í 21,9 mkr. Opið hús lau kl 16-16,30. Uppl í 8963867

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Neglur og list**
**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing og nuddara til starfa. Einnig vantar manneskju í þrif. Upplýsingar í síma 553 4420 eða á www.negluroglist.is**

**Vantar þig vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Kvöldvinna - fullt starf.**
**Subway Hringbraut/N1 óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf og er unnið virka daga frá 18-02. Íslenskukunnátta er kostur en ekki skilyrði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 18 ár.**

# SKEMMTANIR




**Fasteignablaðið**

**512 5469**

**694 4103**




**Ruth Bergs**
**ruth@365.is**

## Söluturninn Jolli Hafnarfirði

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

RED CHILI

**Helgar og kvöldvinna.**
**Starfsfólk óskast í sal. Hentar vel fyrir skólafólk. Uppl. í síma 842 2800 og á redchili@redchili.is og á www.redchili.is**

## Aktu Taktu

Aktu Taktu Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

Granítsmiðjan

Granítsmiðjan óskar eftir röskum mönnum í uppsetningar og í vinnusal. Fjölbreytilegt starf í með mikla framtíðarmöguleika. vinsamlegast sendið fyrirspurn/umsókn á netfang: starf@granit.is eða hringja í Pétur s: 822-4777

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Starfið felur í sér m.a. þjónustu og gæslu.Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.**
**Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Krókhálsi 5a Reykjavík. Opið er frá k.10-16 virka daga.**

belladonna

Verslunin Belladonna leitar að starfskrafti í fullt starf við afgreiðslu og fleira. Uppl. gefur Stella í s: 517-6460.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

### Rafvirkjar

Óska eftir rafvirkja til starfa. Rafloft s. 896 2660.

RIZZO PIZZERIA í Kópavogi óskar eftir Vönum Pizzabökurum, Bílstjórum og í afgreiðslu. Nánari upplýs á staðnum eða Helgi í s. 8484613

### Litalínan ehf

Óskar eftir lærðum málurum eða mjög vönum mönnum í málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445.

### Vélstjórar.

Yfir-vélstjóra og 1.vélstjóra sem leysir af sem yfirvélstjóri, vantar á stórt og öflugt línuskip, lámarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. upplýsingar á skiifstofu í síma 4204400 og hjá útgerðarstjóra í síma 8986825.

### Spjalldömur.

Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Veitingahús. Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagar frá kl. 12-19, 7 daga frá 7-14. þarf að hafa bíl til umráða. Uppl. í s. 843 9950.

Bifvélavirkja eða bílamálara vantar til vinnu á verkstæði og málningarverkstæði. Uppl. í s. 698 2212.

Vörubílsstjóra vantar á fjögurra öxla vörubíl. Upplýsingar í síma 696-4643

Starfskraft vantar í kvöldvinnu í afgreiðslu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Ökumaður óskast til aksturs leigubifreiðar á Bsr. Þarf að hafa meiripróf og að hafa lokið námskeiði til akstur leigubifreiða. Umsoknir sendist á gbt@bsr.is

## Atvinna óskast

27ára karlmanni vantar vinnu á trailer, gröfu eða verkstæði s:6926322 Róbert

KK frá Ungverjal, talar þýsku, leitar að vinnu strax, allt kemur til greina 6967027

Ábyrg og heiðarleg 45 ára kona óskar eftir starfi. Uppl. í s. 698 1305.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Ropeyoga í Hreyfilandi

90 mín tímar á þriðjudögum og fimmtudögum frá 18.30-20.00. Kennari með mikla reynslu, Sigurjóna, 899 4329. Hreyfiland, Stangarhyl 7.

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

## TIL LEIGU

Viðskiptahúsið
MIÐLUN • RÁÐGJÖF • FJÁRMÖGNUN

**Fiskislóð 75 - 101 Reykjavík**

**Til leigu er 300 fm skrifstofuhúsnæði.**

Um er að ræða gott skrifstofuhúsnæði á annari hæð með góðum síma- og tölvulögnum. Stækkunarmöguleikar fyrir hendi. Næg bílastæði.

**Verð 1.400 kr. per fm á mánuði.**

***Upplýsingar veitir Jón Svan sölufulltrúi í síma 891 8803***

Frum

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.vidskiptahusid.is
Jón Sigfús Sigurjónsson hdl & lögg. fasteignasali

## NÁMSKEIÐ

## Verkstjórnarnámskeið

**Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Áætlanagerð
- Hvatning og starfsánægja
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals ***100 stundir*** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast ***11. febrúar*** og ***10. mars***.

Nánari upplýsingar og skráning hjá ***Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** í síma ***522 9000*** og á vefsíðu okkar ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Tjáðu þig!

Stæsta bloggsamfélagið!
Yfir 150.000 notendur!




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

## ATVINNA

# PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf. S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## SKRIFSTOFUSTARF - Almenn afgreiðsla

Danco Heildverslun leitar að sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf.

**Hæfniskröfur og starfssvið:**

- Almenn skrifstofustörf / Símsvörun
- Tollskýrslugerð
- Framsetning vörulista og umsjón vefsíðu.
- Þekking á DK hugbúnaði kostur.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára.
Fullt starf - Ráðning 1.mars

Umsóknir sendist til: maria@danco.is

DANCO www.danco.is

SÓLBORG

## Laust starf í leikskólanum

Leikskólinn Sólborg í Sandgerði óskar eftir þroskaþjálfa eða leikskólasérkennara í 50 % stöðu fyrir hádegi frá og með 1.febrúar. Ef ekki fæst fagaðili í þetta starf verður ráðin leiðbeinandi.

**Umsóknarfrestur er til 23.janúar 2008**

Upplýsingar veita Jórunn Alda leikskólastjóri eða Hanna Gerður aðstoðarleikskólastjóri í síma 423-7620 einnig á netfangi solborg@sandgerdi.is

**Vefsíða leikskólans: www.leikskolinn.is/solborg**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Íbúðir á Spáni - Til leigu og sölu



**Aqua Marina** *er fallegt hverfi sem jafnan er talið eitt best staðsetta hverfi* **Costa Blanca** *strandarinnar. Í hverfinu er stutt í alla þjónustu, svo sem fjölda veitingastaða, vínveitingahúsa, bankastofnana, matvörumarkaða sem eru opnir allan sólarhringinn, heilsugæslu, apótek og margt fleira. Tilvalið fyrir stærri fyrirtæki og félagasamtök.*

Tvær 3ja herbergja íbúðir í nýju íbúðarhóteli við fjölbreyttan verslunarkjarna, örstutt á ströndina. 10-20 mín akstur á 10-15 golfvelli. **La Rotonda** íbúðarhótelið er staðsett í hverfi sem heitir **Aqua Marina** sem er rétt fyrir utan borgina **Torrevieja**. Íbúðirnar er með tveimur svefnherbergjum og svefnsófa í stofu, gistiaðstaða fyrir allt að 6 manns. Einkasvalir fylgja hvorri íbúð. Íbúðirnar eru vel búnar í alla staði. Loftkælingar í öllum rýmum sem bæði hita og kæla, þvottavél, handklæðum, sjónvarp og margt fleira. Móttaka er á inngangshæð sem opin er allan sólarhringinn. Eins er veitingastaður og bar við sundlaugina. Bílastæði í kjallar fylgir. Lyfta er í húsinu.

**Verð 229,000 € með kostnaði kaupanda**
Áhvílandi 145,000€ Möguleg skipti á bíl.

**Allar nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson í síma: 699 3444**

## FASTEIGNIR

## Heilsustúdío/ snyrtistofa

112 Reykjavík
Frábært tækifæri !

**Stærð: 0 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**



**Verð: 6.900.000**

Frábært tækifæri hvort sem fólk er sérmenntað eða ekki !!! Glæsilegt Heilsustúdíó og snyrtistofa í flottu 128 fm leiguhúsnæði í hverfi 112 Rvk. Þekkt stofa með góðum tækjum. Sem dæmi er boðið upp á alla almenna snyrtingu (2 stólar) auk þess Eurowave, Hljóðbylgjur, Cello-nudd, Húðburstun, Fótanudd, Leirvafninga, Jurtavafninga, Ultradermi, Aqua detox, Förðun og FakeBake airbrush. Húsnæðið hentar rekstrinum mjög vel. 6 herb fyrir þjónustu og 2 sturtuherb. Rúmgóð móttaka. Góður tækjakostur.

RE/MAX Senter



Sigríður
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is



Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
thorunn@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**


512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
MasterCard
ORMSSON
DISKÓ OG PÖNK,
PABBAGRÍN OG SLÚÐUR
HALLGRÍMUR HELGASON SPJALLAR UM DISKÓ OG PÖNK,
BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON SEGIR FRÁ PABBAGRÍNI OG
ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA TALAR UM SLÚÐUR.
LOGI Í BEINNI Í KVÖLD KL. 20:00
skemmtilegri
SIMPSONS - kl. 19:35
STELPURNAR - kl. 20:45
D.E.B.S. - kl. 21:10

# Heilbrigt upphaf á nýju ári

**UMRÆÐAN**
Heilbrigði


ÁGÚSTA JOHNSON

Nú þegar jólahátíðin er að baki eru margir fullir fyrirheita um að bæta heilsuna, setja hreyfingu í forgang og ná af sér jólakílóunum – og jafnvel fleirum sem hægt og hljótt hafa sest á líkamann upp á síðkastið.
Hins vegar er enginn skortur á góðum afsökunum fyrir því að drífa ekki í því. Hver kannast ekki við afsakanir á borð við tímaskort, slæmsku í baki eða blankheit eftir jólin?

Staðreyndin er þó sú að það þarf hvorki að vera flókið, dýrt né tímafrekt að stunda heilbrigða hreyfingu og tileinka sér hollt mataræði. Lykilatriðið er að setja sér markmið og fylgja þeim fast eftir. Ekki ætla sér allt of mikið í einu – og ekki gera kröfu um undraskjótan árangur. Kemst þótt hægt fari – og skyndilausnir eru ekki þær vænlegustu. Lífsstílsbreyting til framtíðar skilar mun betri og varanlegri árangri en snarpt átak.

Hér eru nokkur góð ráð í upphafi nýs árs:

**Gerðu skriflega æfingaáætlun**
Gerðu þína persónulegu æfingaáætlun: Skrifaðu niður hvers konar þjálfun þú ætlar að stunda hvern dag vikunnar og á hvaða tíma. Á mánudögum gætir þú t.d. farið í leikfimitíma, á þriðjudögum út að ganga, á miðvikudögum gætir þú farið í tækjasal og lyft lóðum, á fimmtudögum út að hjóla, á föstudögum í sund o.s.frv. Athugaðu líka að ýmsa aðra líkamlega áreynslu í daglega lífinu má taka með í reikninginn sem þjálfun, t.d. að moka snjó, skúra gólf eða hlaupa upp stiga.

**Hafðu gaman af**
Veldu þér þjálfun sem þér þykir skemmtileg og finndu þér æfingafélaga. Það er margsannað að þeir sem æfa með félaga stunda æfingarnar betur og hafa meira gaman af en þeir sem æfa einir. Auk þess er hægt að eiga góðar stundir með vinum og fjölskyldu meðan æft er, t.d. með því að fá vin eða vinkonu með í gönguferð og spjalla saman um leið eða drífa fjölskylduna með í sund.

**30 mínútur á dag duga**
Miðaðu við að hreyfa þig helst sex daga vikunnar og ekki sjaldnar en fjórum sinnum. Ef þú æfir sex daga vikunnar eru 30 mínútur á dag feikinóg!

**Fylgdu áætluninni fast eftir**
Þú ákveður hvenær þú ætlar að byrja að fylgja áætluninni þinni eftir og stendur við hana!

**Hreinsaðu burt sætindin**
Taktu til í eldhússkápunum og ísskápnum eftir hátíðarnar. Oft vill ýmislegt verða afgangs eftir jólin, eins og konfekt, smákökur, ís og fleira fitandi góðgæti. Best er að grípa góðan plastpoka og láta allt fjúka í hann sem ekki er æskilegt að lendi á maga þínum og mjöðmum. Farðu svo með pokann beint út í ruslatunnu!

**Skipuleggðu mataræðið**
Gerðu áætlun yfir létt og hollt mataræði, og gerðu innkaupalista samkvæmt því. Gerðu mataráætlun fyrir vikuna til að koma í veg fyrir skyndiinnkaup sem gjarnan vilja verða miður heilsusamleg.

**Þitt er valið!**
Þú átt einn líkama og heilsan er dýrmæt. Gerðu þér grein fyrir að það er skynsamlegt að hugsa vel um líkamann, hreyfa hann reglulega og vanda valið á því sem þú lætur ofan í þig. Þitt er valið – veldu skynsamlega!

*Höfundur er framkvæmdastjóri Hreyfingar.*

# *Sjálfstæðisflokkurinn hinn nýi*

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


HELGI HELGASON

Grein Sigurðar Líndal í Fréttablaðinu 15. jan. er umhugsunarverð. Í greininni kemur fram álit hans á því í hvaða átt Sjálfstæðisflokkurinn sé að þróast. Tilefnið er enn eitt dæmið um þá valdníðslu sem fyrirmenn í Sjálfstæðisflokknum skirrast ekki við að nota þegar þeim hentar. Sigurður talar um að hann hafi talið að Sjálfstæðisflokkurinn hafi alltaf viljað standa vörð um réttarríkið. Hann talar um ofsatrúarhóp og ofstækisöfl innan flokksins.

Það er rétt hjá Sigurði að Sjálfstæðisflokkurinn, hinn gamli, stóð með réttarríkinu. Hann hafði oft og iðulega dómsmálaráðuneytið á sinni könnu og studdi dyggilega við lögregluna og málefni hennar í þágu borgaranna. Flokkurinn hafði mjög trygga ímynd í þessum málum. Fólk treysti honum eins og það gerði í málefnum dómstólanna.

Nú er kominn til sögunnar Sjálfstæðisflokkurinn hinn nýi. Sá flokkur hefur allt aðrar áherslur en sá gamli. Breytingin hófst í formannstíð Þorsteins Pálssonar. Það var þegar hann gerði dómsmálaráðuneytið að skúffuráðuneyti í sjávarútvegsráðuneytinu. Þá hófst hnignun lögreglu og dómsmála í landinu almennt. Þá hófst fjársvelti í þessum málaflokki. Það fólst í sósíalískum fimm ára áætlunum. Málaflokknum er skammtaður peningur án tillits til raunverulegrar þarfar. Stofnanir eiga að halda sig innan ramma fjárlaga.

Á tímabili voru fyrirmæli sjávarútvegsráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins að lögregluembættum bæri að meta í nýlega síma hvort atvik væri það alvarlegt að lögregla ætti að mæta á staðinn! Ástæðan var sparnaður í yfirvinnu. Á þessu tímabili byrjaði ofbeldið í miðbænum. Og ráðuneyti dómsmála fyrirskipaði undanhald lögreglu úr miðbænum í nafni sparnaðar. Eftir að Björn Bjarnason tekur við ráðuneytinu hafa margir hlutir breyst til batnaðar. Sem betur fer. En Björn stendur höllum fæti innan Sjálfstæðisflokksins, hinum nýja.

Og hugsaðu þér, ágæti Sigurður, hvað verður um réttarríkið þegar ofsatrúarhópurinn og ofstækisöflin innan Sjálfstæðisflokksins, hins nýja, sömu öfl og mótmæltu því að lögreglan efldi nýlega eftirlit sitt í miðborginni, öflin sem vilja leyfa sölu á eiturlyfjum, öflin sem skirrast ekki við að beita valdníðslu, gleypa flokkinn að fullu.

*Formaður Frjálslynda flokks Kópavogs.*






†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrid Østerby**

listmeðferðarfræðingur og kennari,
Dunhaga 15, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 12. janúar. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju laugardaginn 19. janúar kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Vin, athvarf Rauða kross Íslands, www.raudikrossinn.is, sími 570 4000.

**Atli Konráðsson** — **Anne Berit Valnes**
**Sif Konráðsdóttir** — **Ólafur Valsson**
**Huld Konráðsdóttir** — **Sigurður Tómas Magnússon**
**Ari Konráðsson** — **Þóra Guðmundsdóttir**
**Andri Konráðsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær sonur okkar, faðir og bróðir,*

**Hilmar Ragnarsson**

lést af slysförum 7. janúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Hildur Hilmarsdóttir**
**Ragnar Björnsson**
**Runólfur**
**Úlfur Kári**
**Hekla Huld (Hilmars börn)**
**og systur hins látna.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma okkar og langamma,*

**Elín Oddný Halldórsdóttir**

Einilundi 10a, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 15. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 21. janúar kl. 13.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarkort Öldrunarheimila Akureyrar eða önnur líknarfélög.

**Svanhvít Jónsdóttir** — **Herbert Herbertsson**
**Elín Anna Guðmundsdóttir** — **Sigurður Gunnarsson**
**Brynja Guðmundsdóttir**
**Jóhann Pétur Herbertsson**
**Guðrún Elín Herbertsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Jóhannsdóttir**

Árskógum 6, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Seljakirkju 21. janúar kl. 13.00.

**Jóhann Sævar Erlendsson** — **Þuríður E. Baldursdóttir**
**Anna Rósa Erlendsdóttir** — **Guðni Ágústsson**
**Kristín Erla Guðnadóttir** — **Brynjar Víðisson**
**Arnar Páll Jóhannsson**
**Jóhann Baldur Jóhannsson**
**Magnea Mjöll Ingimarsdóttir**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sveinn Kristjánsson**

fyrrum bóndi, Drumboddsstöðum,
Biskupstungum,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, 13. janúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 19. janúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Bræðratungukirkjugarði.

**Svavar Ásmundur Sveinsson** — **Laufey Eiríksdóttir**
**Ragnheiður Sveinsdóttir**
**Guðríður Sveinsdóttir**
**Gísli Rúnar Sveinsson** — **Sigurveig Helgadóttir**
**Baldur Indriði Sveinsson** — **Betzý Marie Davíðson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**BANDARÍSKI KVIKMYNDALEIKARINN KEVIN COSTNER ER 53 ÁRA Í DAG**



*„Að vera frægur er líklega það næsta sem maður kemst því að vera falleg kona.“*

***Costner hefur meðal annars leikið í myndinni Dances with Wolves en hún hlaut á sínum tíma sjö Óskarsverðlaun.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JANÚAR 1998

## *Fyrstu fréttir af hneyksli*

Þennan dag árið 1998 birti Matt Drudge fyrstu fréttir af ástarsambandi Bills Clinton, þáverandi forseta Bandaríkjanna, og Monicu Lewinsky á heimasíðu sinni The Drudge Report. Í frétt Drudge kom fram að ritstjórar Newsweek sætu á frétt, sem rannsóknarblaðamaðurinn Michael Isikoff hafði unnið, um ástarsamband Clintons og Lewinsky.



**FORSETINN OG NEMINN** Málið vakti feiknaathygli.

Fréttin um framhjáhaldið var hins vegar birt í Washington Post, fyrst dagblaða, 21. janúar sama ár. Clinton neitaði að tjá sig um málið en gagnrýnisraddir urðu háværari með hverjum deginum sem leið. Hinn 26. janúar hélt Clinton svo blaðamannafund þar sem hann neitaði öllum ásökunum með setningunni: „I did not have sexual relations with that woman.“
Eftir miklar og heitar vangaveltur um hvort Clinton hefði logið að þjóðinni fór málið fyrir dómstóla. Að lokum viðurkenndi Clinton, hinn 17. ágúst árið 1998, að hann hefði átt samneyti við Lewinsky. Seinna um kvöldið flutti Clinton sjónvarpsræðu þar sem hann viðurkenndi að samband þeirra Lewinsky hefði ekki „verið við hæfi“.

ANNA GUÐRÚN STEINSEN: DALE CARNEGIE-ÞJÁLFARI ÁRSINS Í EVRÓPU

# Virk þátttaka lykilatriði




**ANNA GUÐRÚN STEINSEN** Val á þjálfara ársins byggist á niðurstöðum ánægjukannana þátttakenda á Dale Carnegie-námskeiðum en þrír aðrir þjálfarar hlutu sams konar viðurkenningu í sínum heimshlutum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Anna Guðrún Steinsen var valin þjálfari ársins í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum á árlegri heimsráðstefnu Dale Carnegie sérleyfa sem haldin var í Acapulco í Mexíkó í byrjun desember. Valið byggist á niðurstöðum ánægjukannana þátttakenda á námskeiðum en Anna Guðrún þjálfar bæði fullorðna og unglinga. Hún og eiginmaður hennar, Jón Halldórsson, reka jafnframt unglingasvið Dale Carnegie á Íslandi.

Anna Guðrún er að vonum ánægð með árangurinn og segist helst þakka metnaðargirni sinni árangurinn. „Ég er líka alltaf að leita leiða til að gera betur.“ Hún segir ráðstefnuna ytra hafa verið meiri háttar skemmtilega. „Þarna kemur mikill fjöldi fólks saman sem á það sameiginlegt að vera þrautþjálfað í því að koma fram svo þetta getur eiginlega ekki klikkað.“

Anna Guðrún fór sjálf á Dale Carnegie-námskeið árið 1997 og byrjaði að þjálfa árið 2004. En hvers konar námskeið eru þetta?

„Við vinnum aðallega út frá sex þáttum en þeir eru að efla sjálfstraustið, hvort sem það er gott eða slæmt, bæta hæfni í mannlegum samskiptum, bæta tjáningu, bæta lífsviðhorf, efla leiðtogahæfileika og þjálfa markmiðssetningu. Við leggjum mikið upp úr virkri þátttöku og látum fólk gera æfingar í hverjum tíma til að víkka þægindahringinn og æfa þá hegðun sem ætlunin er að breyta, bæta eða þjálfa upp,“ útskýrir Anna Guðrún.

Hún segir almennu námskeiðin svipuð fyrir unglinga og fullorðna en að þau séu eðlilega sniðin að aldri þátttakenda. „Svo er líka boðið upp á sérhæfð námskeið fyrir fullorðna og má nefna sölunámskeið og leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur,“ segir Anna Guðrún.

Hún segir boðið upp á átta unglinganámskeið á þessari önn og að þátttakan sé mjög góð. „Við erum að fara langt fram úr væntingum þátttakenda. Krakkarnir hafa meiri trú á sér og eru að bæta einkunnir sínar og frammistöðu í leik og starfi. Þetta skilar sér því fljótt inn í skólakerfið og samfélagið.“

Anna Guðrún segir markmiðið að halda áfram að stækka unglingasviðið og bjóða námskeiðin út til bæjarfélaganna. „Við erum þegar komin í samstarf við Garðabæ en þar er unglingum sem eru fæddir 1992 og 1993 boðið upp á niðurgreidd námskeið og lítur bærinn á það sem lið í því að efla bæjarfélagið.“

Auk viðurkenningarinnar sem Anna Guðrún hlaut á ráðstefnunni fékk Leiðtogaþjálfun ehf., rekstraraðili Dale Carnegie-námskeiðanna á Íslandi, viðurkenningu fyrir að vera í hópi sérleyfa með mestu veltuaukningu á milli áranna 2006 og 2007 og jafnframt mestu aukninguna síðustu sex mánuði ársins. Þessi aukning færir Leiðtogaþjálfun ehf. í hóp tuttugu stærstu Dale Carnegie sérleyfa í heiminum en þau eru rekin í yfir sjötíu löndum. **vera@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Erlendur Guðmundsson**

Gullsmára 8, Kópavogi,

er lést á Landspítalanum þann 12. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn mánudaginn 21. janúar kl. 15.00 frá Digraneskirkju.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Heimahlynningu hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

**Inga H. Jónsdóttir**
**Gréta Erlendsdóttir** — **Hrafn Heiðar Oddsson**
**Jón Tómas Erlendsson** — **Guðrún Yrsa Sigurðardóttir**
**Guðmundur Rúnar Erlendsson** — **Margrét H. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Else A. V. Andreasen Proppé**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 14. janúar síðastliðinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Björn Halldórsson**
**Anna Dagný Halldórsdóttir**
**Eva Þórunn Halldórsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigmundur Sigurgeirsson**

húsasmíðameistari, Þorragötu 9,

lést þriðjudaginn 15. janúar.

**Ásdís Sigurðardóttir**
**Sigurgeir Ó. Sigmundsson** — **Ingunn Mai Friðleifsdóttir**
**Margrét Sigmundsdóttir** — **Bjarni Ólafur Ólafsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir mín, systir okkar og mágkona,*

**Guðríður Bjarney Ágústsdóttir**

frá Stíghúsi, Stokkseyri,

verður jarðsungin frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 19. janúar kl. 14.00.

**Valborg Sonya Guðríðard. Hassan**
**Guðbrandur Stígur Ágústsson** — **Brynhildur Arthúrsdóttir**
**Sigríður Inga Ágústsdóttir**
**Dagrún Mjöll Ágústsdóttir** — **Aron Hauksson**
**Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir** — **Einar Páll Bjarnason**
**Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir** — **Logi Hjartarson**
**Kristín Steinþórsdóttir**
**Jason Steinþórsson** — **Hrönn Sturlaugsdóttir**




**938** kr/kg. áður 1.564 kr/kg.
Goða grísaofnsteik




**1.959** kr/kg. áður 2.799 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**197** kr/kg. áður 403 kr/kg.
Ísfugl hvítlauksvængir




**1.989** kr/pk. áður 2.725 kr/pk.
BK grísk lambalærissteik




**299** kr/pk.
Chicago Town -23 cm þunnbotna




**249** kr/kg. áður 498 kr/kg.
Kjörís Carte Dor Toblerone 1 ltr.




**95** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Egils kristall 2 ltr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 17. janúar til 20. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Afgreiðslutími í dag föstudag:

## Kjúklingatilboð:
## Ferskur forkryddaður eða frosinn




**Ferskur kjúklingur heill forkryddaður 498 kr/kg**
TILBÚINN Í ÁLBAKKA
BEINT Í OFNINN

**Frosinn kjúklingur 1. fl heill 398 kr/kg**




## GRÍSALUNDIR GRÍSAKÓTILETTUR VÍNARSNITSEL




**Ferskar íslenskar grísalundir 1198 kr/kg. 1000 lundir í boði.**

**Grísakótilettur í raspi 1019 kr/kg. Merkt verð 1698 kr.**

**Vínarsnitsel ósvikinn í raspi 1019 kr/kg. Merkt verð 1698 kr/kg.**

## Ferskur Holta kjúklingur 40% afsláttur




**Kjúklingaleggir 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr.**

**Kjúklingalæri 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr.**

**Kjúklingavængir 239 kr/kg. Merkt verð 399 kr.**




**Kristjánsbakarí: Djöflaterta 784g 598 kr.**




**Bónus brauð 1 kg 98 kr. 26 sneiðar, Tæpar 3,7 kr. sneiðin.**




**Pampers Jumbo bleiur. Áfram gámatilboð á 1498 kr. pakkinn.**

# BÓNUS

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR

# Opið frá 10.00 - 19.30

## Villikryddað lambalæri 40% afsláttur

Vinsælasta kryddaða lambalærið í Bónus
1199 kr/kg
***Merkt verð 1999 kr/kg***




KJARNAFÆÐI

**1199**



**559**

## Lambabógur frosinn 20% afsláttur

559 kr/ kg. *Merkt verð 699 kr/kg.*




**98**

Egils kristall 2 ltr. 98 kr.
Pepsi Max 2 litar 98 kr.



**498**

**798**

Ferskt íslenskt nautahakk 798 kr/kg.
Ferskt blandað hakk 498 kr/kg.



**998**

Danskar kjúklingalundir 700g 998 kr.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS




Gagnrýnendur eru á einu máli:

★★★★

"sýning sem gleður, hræðir, skelfir og hrífur... heilsteypt flott listaverk."
E.B. Fréttablaðið

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"
M.R. Morgunblaðið

"verkið er unnið af heiðarleika, alúð og auðmýkt... Til hamingju!"
Þ.E.S. Víðsjá. RÚV

"unnendur góðrar leiklistar láti þessa sýningu ekki fram hjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

Tryggðu þér miða núna!
Miðasala á midi.is
og í síma 551 4700

Sýnt í Silfurtunglinu, Austurbæ.
Næstu sýningar:
lau 19/1 kl. 20, uppselt.
lau 19/1 kl. 22,
fös 25/1 kl. 20, uppselt.
fös 25/1 kl. 22, aukasýning.
lau 26/1 kl. 20

Höfundur: Sam Shepard
Leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson
Tónlistarstjóri: KK
Ljósahönnuður: Jón Þorgeir Kristjánsson
Búningahönnuður: Rannveig Eva Karlsdóttir
Hljóðhönnuður: Sindri Þórarinsson
Leikmyndahönnun: Mekkín Ragnarsdóttir
Leikarar: Sveinn Ólafur Gunnarsson,
Þóra Karítas, KK og Magnús Guðmundsson.



AUSTURBÆR
PEPSI MAX




## STUÐ MILLI STRÍÐA Það er síminn

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** SLEKKUR Á SÍMANUM SÍNUM Í EINN DAG



Það er mér enn í fersku minni þótt vel sé liðið á annan áratug síðan, þegar faðir minn kom heim úr ferðalagi til Reykjavíkur með bílasíma í farteskinu. Þrátt fyrir að vera ekki hár í loftinu, þá áttaði ég mig vel á því hvers lags tækniundur þessi sími var. Hann var síðan festur í fjölskyldubílinn og kom oft að góðum notum á ferðalögum fjölskyldunnar. Þó að ég væri oftast prúður piltur gat ég illa stillt mig um að fara stöku sinnum út í bíl og gera símaat í heimilisfólkinu.

Mörgum árum síðar hafði þróun í færanlegum símtækjum orðið það mikil að enginn var maður með mönnum nema vera með farsíma. Ég fékk minn eigin þegar ég var 15 ára en þar sem ég bjó í sveit og símasambandið var ekki upp á marga fiska mátti ég eyða miklum tíma í sms-sendingar við æskuástirnar af þakinu heima, en þar náðist smá símasamband. Eflaust skildu foreldrar mínir ekkert af hverju ég var alltaf að brölta upp á þak en þeir vita það þá núna.

Nú er símasamband orðið vel útbreitt og fáir staðir í almannaleið þar sem þess nýtur ekki við. Þeir staðir eru þó til og á ferðalögum mínu um Ísland í sumar dvaldi ég á einum þeirra um tíma. Það var þá sem ég uppgötvaði hvílík blessun það er að fá smá frí frá símanum og eilífum símhringingum.

Það er nefnilega þannig að í dag þarf að vera hægt að ná í alla og það öllum stundum. Síminn er slíkt ráðandi afl að oftast ganga þeir fyrir sem hringja á meðan þeir sem standa manni næst í bókstaflegri merkingu mega bíða.

Fólk talar í símana hvar sem er og áreitið er því stöðugt til staðar.

Þó farsímar hafi aukið öryggi til muna þá eru þeir líka gríðarlegir streituvaldar í daglegu lífi fólks. Þess vegna held ég að það sé ágætt að taka einn og einn dag þar sem maður hefur bara slökkt á símanum. Ef ekki geðheilsu sinnar vegna, þá bara til þess eins að átta sig á hversu mikið samfélag getur breyst á stuttum tíma.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



YACOUBIAN BYGGINGIN EFTIR ALAA AL-ASWANY

# INNILEG, GRÍPANDI OG SKEMMTILEG

## Blanda af brjálaðri skemmtun og fúlustu alvöru.

ÞÝÐANDI: KARL EMIL GUNNARSSON.

BJARTUR




★★★★

„Yacoubian byggingin er bók sem allir ættu að lesa. Hún breytir sýn manns á heim sem maður hvorki þekkir né skilur.“

– Runólfur Ágústsson

★★★★★

„Heillandi og sláandi.“

– Jyllands-Posten

„BESTA BÓK ÁRSINS“ – THE GUARDIAN

1. SÆTI Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON

KOMIN Í KILJU!

TILBOÐSVERÐ

kr. 1.580

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 31. JANÚAR 2008.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR

DYNAMO REYKJAVÍK






**DAÐI GUÐBJÖRNSSON** Sýnir í Listasafni Reykjanesbæjar.

# Jákvæðni frumefnanna

**Ný sýning á olíumálverkum eftir Daða Guðbjörnsson verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar á morgun. Sýningin ber heitið Dans elementanna.**

Daði er óumdeilanlega einn af þekktustu listamönnum landsins og hefur haldið fjölda sýninga hér heima jafnt og erlendis. Á sýningunni Dans elementanna sýnir Daði stór olíuverk sem hann hefur unnið síðastliðin sjö ár. „Það má því segja að þetta sé nokkurs konar yfirlitssýning yfir verk mín á þessari öld,“ segir Daði. „Ég hef reyndar ekki sýnt svona mörg stór verk saman á einni sýningu síðan á síðustu öld þannig að það er löngu orðið tímabært.“

Daði segir að verkin á sýningunni einkennist af jákvæðni og birtu. „Myndirnar á sýningunni eiga sér ótvíræðar rætur í eldri verkum mínum, en ég er þó farinn að sækja meira inn á andlega sviðið. Þessi verk eru jákvæðari en oft áður; í þeim er meiri birta og mýkri línur. Annað sem er til marks um þetta er að broskallinn, sem áður hefur birst í myndum mínum, er afar áberandi í þessum málverkum. Viðfangsefni myndanna er meðal annars sakleysið sem birtist til að mynda í frumefnunum fjórum og þaðan hefur sýningin titil sinn.“

Daði segir að ástæðuna fyrir þessari jákvæðni í verkum sínum megi rekja til þess að hann hefur tekið upp nýjan lífsstíl. „Ég er byrjaður að stunda Sahaja-jóga sem er eins konar hugleiðsla. Þessi iðkun mín hefur haft góð áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu mína og gert mig virkari í starfi. Því má með sanni segja að áhrif þessarar lífsstílsbreytingar sjáist greinilega á sýningunni. Það er nefnilega mikill misskilningur að maður hverfi inn í skel af því að stunda jóga og hugleiðslu; í mínu tilfelli hef ég í það minnsta fyllst nýrri lífsorku,“ segir Daði.

Sýningarsalur Listasafns Reykjanesbæjar er í Duushúsum. Þar er opið alla daga frá kl. 11.00-17.00 og aðgangur er ókeypis. Sýningin Dans elementanna stendur til 9. mars næstkomandi. **- vþ**









# Persónuleg teppi

Þórunn Elísabet Sveinsdóttir opnar sýninguna Blíðlyndi í Galleríi Boxi, Kaupvangsstræti 10 á Akureyri, á morgun kl. 16. Á sýningunni má sjá teppi sem Þórunn hefur saumað nýlega.

Þórunn hefur unnið við leikhús í um tvo áratugi en einnig gert búninga fyrir sjónvarp, tónlistarmyndbönd, auglýsingar og kvikmyndir. Að auki hefur hún komið að ýmissi annarri listsköpun; hún var til að mynda einn höfunda leiksýningarinnar Gyðjan í vélinni sem sýnd var á Listahátíð 2007 og fékk þar mikla athygli og lofsamlega umfjöllun.

Frá unglingsárum hefur Þórunn fengið útrás listsköpunar í teppasaumi og er óhætt að segja að hún hafi þróað persónulegan stíl á því sviði. Eftir hana liggja mörg hundruð teppi hérlendis og erlendis, en á sýningunni í Galleríi Boxi eru til sýnis nokkur af nýjustu teppunum hennar.

Sýningin stendur til 3. febrúar. - vþ



**SÉRSTAKT HANDBRAGÐ** Eitt af teppum Þórunnar í nærmynd.

# Hjálmar snýr aftur

Myndlistarmaðurinn Hjálmar Þorsteinsson opnar sýningu á verkum sínum í Galleríi List, Skipholti 50A, á morgun kl. 14. Sýningin stendur yfir til 29. janúar.

Hjálmar starfaði lengst af sem kennari á Akranesi, meðal annars við tilraunakennslu í skapandi listum og hlutu nemendur hans mörg verðlaun og viðurkenningar. Hjálmar er að mestu sjálfmenntaður í myndlist, en hefur þó unnið jafnt og þétt að listsköpun sinni í nær hálfa öld. Hann tileinkaði sér stíl expressjónistanna snemma á ferlinum, og er frumkvöðull þeirra, Vincent van Gogh, óumdeilanlega mesti áhrifavaldurinn á myndhugsun Hjálmars. Íslensk náttúra og nánasta umhverfi voru helsta yrkisefni Hjálmars framan af.

Snemma á níunda áratug síðustu aldar ákvað Hjálmar að snúa sér alfarið að myndlistinni og fluttist því búferlum til Danmerkur. Með breyttu umhverfi varð veruleg breyting á myndefni listamannsins og fór hann að notast meira við þá sterku liti sem finna má í danskri náttúru. Jafnframt urðu landslagsmyndir hans sífellt meira abstrakt.

Íslensku myndlistaráhugafólki gefst nú tækifæri til þess að skoða afrakstur Danmerkurára Hjálmars og kynnast af eigin raun þeirri þróun sem orðið hefur í myndlist hans frá því að hann sýndi síðast hér á landi. - vþ



**LITAGLEÐI** Hjálmar Þorsteinsson við eitt verka sinna.



**SÝNINGARRÝMI** Veggur DaLí Gallerý á Akureyri.

# Lífið er saltfiskur

Dagrún Matthíasdóttir opnar sýningu sína „Lífið er saltfiskur“ á Veggverk og í DaLí Gallerý á Akureyri á morgun kl. 17. Dagrún vinnur út frá fagurfræði og formi sólþurrkaða saltfisksins. Saltfiskurinn vekur upp ljúfar minningar, tælir bragðlaukana og gleður augað og er þannig tilvalinn efniviður til myndsköpunar rétt eftir neyslubrjálæði jólahátíðarinnar.

Hugmyndin af verkunum sem sjá má á sýningunni mótast í raun af huglægu bragði og vinnu. Til að framkalla saltbragð þeirra sem á horfa tekur formið á sig mynd á Veggverk og endurvarpast með nýjum hætti í DaLí Gallery, af einum vegg yfir á annan.

Formleg opnun fer fram á morgun kl. 17 í DaLí Gallerý í Brekkugötu 9 á Akureyri. - vþ



**EFNIVIÐUR** Úr verki eftir Júlíu Emblu Katrínardóttur.

# Klukkutímar og hjólabretti

**Tvær sýningar verða opnaðar í Listasal Mosfellsbæjar á morgun kl. 14. Fyrsta ber að nefna sýningu Júlíu Emblu Katrínardóttur, en sýningin sú nefnist Af líkama og sál. Á henni sýnir Júlía skúlptúr og vídeóverk. Inntak skúlptúrsins er hjólabrettamenning; hún veltir fyrir sér uppbyggingu hjólabrettarampa og hjólabrettagarða og nýtir sér efnivið og hönnun þeirra. Í vídeóverkinu má sjá efni sem Júlía hefur safnað síðan árið 1996 á 8 mm filmu. Myndirnar gefa tilefni til hugarflugs og gefa til kynna að allt sé mögulegt.**

**Hin sýningin nefnist Klukkutímar. Á henni sýnir Þórunn Björnsdóttir verk sem birta áhorfendum klukkutíma sem hafa verið fengnir að láni úr lífi ólíkra einstaklinga. Upptökum af þessum klukkutímum er komið fyrir í kössum sem eru á víð og dreif um sýningarrýmið og býðst sýningargestum að stinga höfðinu í kassana og verða um leið hluti af öðrum tíma.** - vþ





JACK JOHNSON


HOT CHIP

## > Í SPILARANUM

**Jack Johnson** - Sleep Through the Static
**Mountain Goats** - Heretic Pride
**Cat Power** - Covers II
**MGMT** - Oracular Spectacular
**Hot Chip** - Made in the Dark

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Óútgefin Bítlalög í dagsljósið

Lítið bandarískt plötufyrirtæki segist hafa í fórum sínum tónleikaupptökur með Bítlunum sem aldrei áður hafa verið gefnar út. Breski tónleikahaldarinn Jeffrey Collins keypti upptökurnar fyrir rúmum 40 árum af plötusnúði sem var að þeyta skífum sama kvöld og Bítlarnir tróðu upp í Star Club í Hamborg árið 1962. Um er að ræða fimmtán lög, þar á meðal áður óútgefnar útgáfur Bítlanna af Lovesick Blues eftir Hank Williams og Do You Believe eftir Maurice Williams. Á meðal annarra laga eru I Saw Her Standing There, Money, Twist and Shout og Hippy Hippy Shake. Þegar Collins fékk upptökurnar í hendurnar voru þær í lélegum gæðum en hann hefur nú endurunnið þær á stafrænan hátt.

Samkvæmt plötufyrirtækinu Fuego Entertainment, sem ætlar að gefa lögin út með hjálp Collins, spilaði Ringo Starr í fyrsta sinn með Bítlunum á þessum tónleikum, sem gerir upptökurnar ennþá merkilegri.


**BÍTLARNIR** Áður óútgefnar upptökur með Bítlunum eru komnar fram á sjónarsviðið.

## > GEFUR ÚT TÓNLEIKAPLÖTU

Söngvarinn Colin Meloy úr hljómsveitinni The Decemberists ætlar að gefa út tónleikaplötu með vorinu. Meloy hefur gert fjórar stúdíóplötur með sveitinni en vill nú breyta til. Á plötu hans, Colin Meloy Sings Live, syngur hann nokkur lög með Decemberists, einhver ný og nokkur tökulög með. Platan kemur út 8. apríl á vegum plötufyrirtækisins Kill Rock Stars.


COLIN MELOY



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# *Gjörbreytt landslag*

Útgáfurisarnir halda áfram að berjast í bökkum. EMI hefur átt við mestan vanda að stríða undanfarið, en fyrirtækið var nýlega selt verðbréfasjóðnum Terra Firma sem er rekinn af hinum 48 ára gamla Guy Hands sem hefur fram að þessu ekki verið þekktur fyrir áhuga eða vit á tónlist.

Talið er að Terra Firma ætli sér að segja upp 1.500 til 2.000 af 6.000 starfsmönnum EMI og nokkrar helstu stjörnur fyrirtækisins hafa hótað að fara í verkfall til að mótmæla þeim fyrirætlunum þar sem þær muni koma niður á markaðssetningu á plötum þeirra. Þeirra á meðal eru Coldplay, The Verve og Robbie Williams.

Hrakfarir EMI koma á óvart þar sem fyrirtækið hafði á sínum snærum stjörnur eins og Coldplay, Robbie Williams, Kylie Minogue og Radiohead og átti útgáfuréttinn á helstu plötum Bítlanna, Pink Floyd, Sex Pistols, David Bowie og Rolling Stones svo nokkur dæmi séu tekin. EMI var líka einna framsæknast af stóru plötufyrirtækjunum, gerði til dæmis samninga við Daft Punk, Air, Gorillaz og LCD Soundsystem og keypti eðalfyrirtækið Mute.

En EMI virðist ekki hafa áttað sig nógu snemma á breyttu landslagi í plötuútgáfu og hélt áfram að ausa fjármunum í allar áttir eins og það væri hægt að reikna með stöðugri söluaukningu um ókomna tíð.


**CHRIS MARTIN** EMI bindur vonir við nýja Coldplay-plötu sem er væntanleg með vorinu.

Samkvæmt frásögn í Economist nýlega áttaði EMI sig ekki á stöðunni fyrr en árið 2006 þegar hópi af sextán ára unglingum var boðið á skrifstofur fyrirtækisins til að kanna hlustunarvenjur þeirra. Eftir fínt spjall var unglingunum boðið að velja sér diska úr stafla á einu borðinu. Þegar enginn þeirra tók með sér einn einasta ókeypis disk rann upp fyrir stjórnendum fyrirtækisins að staðan væri breytt og róðurinn gæti orðið ansi erfiður…




# Brenglaður Merritt

**Hin áhrifamikla hljómsveit The Magnetic Fields sendi frá sér nýja breiðskífu í vikunni. Steinþór Helgi Arnsteinsson tók þess vegna púlsinn á Stephin Merritt og félögum.**


**THE MAGNETIC FIELDS** Stephin Merritt, annar frá vinstri, fer fyrir The Magnetic Fields sem voru að senda frá sér nýja plötu.

The Magnetic Fields hefur verið við lýði frá árdögum síðasta áratugar og á þeim tíma sent frá sér um tug platna. Fyrstu tvær, Distant Plastic Trees og The Wayward Bus, þóttu stórgóðar og komu hljómsveitinni á kortið. Sveitin hverfist um einn mann, Stephin Merritt að nafni, mikinn poppsnilling með ógnargott nef fyrir hnausþykkum laglínum. Í fyrstu gerði Merritt reyndar allt sjálfur í hljóðverinu (fyrir utan að syngja stundum) og setti síðan saman sveit í kringum sig fyrir tónleikahald. Þessi vinnuaðferð minnir þannig óneitanlega á sjálfan Brian Wilson.

Margir telja að Merritt hafa náð hápunktinum í sínum lagasmíðum með útgáfu plötunnar 69 Love Songs árið 1999. Platan var þreföld og eins og flestir gætu getið sér til um innihélt hún 69 lög um ástina. Næsta plata þar á eftir var einnig þemaplata. Platan hét i og hófust öll lagaheiti plötunnar á stafnum i.

**Upptekinn maður**

Merritt hefur langt í frá einskorðað sig við The Magnetic Fields. Hann hefur átt sinn þátt í alls kyns hliðarverkefnum, gefið meðal annars út plötur með sveitunum The 6ths og Future Bible Heroes auk þess að hafa unnið að leikhústónlistargerð og fleiru.

Áhrif Merritts ná til hinna klassísku poppkónga og drottninga, „the usual suspects". Abba, Roxy Music, The Kinks og David Bowie hafa öll verið nefnd sem áhrifavaldar enda einkennast flestar plöturnar af poppuðum en djörfum hljóðgervlahljómi. Undantekningin var hins vegar i sem innihélt ekki einn einasta hljóðgervlahljóm.

**Hávaða 60's popp**

Nú, um fjórum árum eftir útgáfu i, er komið að Distortion, einni fyrstu „stóru" plötu ársins 2008. Á Distortion heldur Merritt sig áfram við þema-þemað og bjagar hljóm plötunnar hægri vinstri líkt og enginn væri morgundagurinn. Nema þá kannski helst sérstakur The Jesus and Mary Chain morgundagur. Nær öll hljóðfæri sem nöfnum tjáir að nefna fá bjögunarmeðferð og hávaðaskruðningar njóta sín.

Þegar lögin sjálf eru hins vegar skoðuð betur er platan greinlega undir áhrifum frá poppperlum sjöunda áratugarins, þrátt fyrir alla bjögunina. Sýnir kannski best og sannar hversu mikill snillingur Merritt í raun og veru er að geta blandað þessu tvennu saman.

**Leiðindagaur eða snillingur?**

Þrátt fyrir oft gráglettnilega og kímna texta sína (til dæmis má nefna af Distortion lögin California Girls og ekki síst The Nun's Litany) þykir Merritt persónulega nokkur ógleðigjafi. Margir myndu til dæmis þykja þáttaröðin Maður er nefndur hið mesta skemmtiefni við hlið sviðsframkomu Merritt.

Til varnar Merritt verður reyndar að segja frá athugasemd Bob Mould, aðalmanni Hüsker Dü, sem birtist í gömlu viðtali við Union AV Club. Þar barst talið að blaðamanni sem nefnt hafði Merritt „þunglyndasta mann rokksins". Svar Mould var þá eitthvað á þessa leið: „Hann hefur augljóslega aldrei kynnst Stephin Merritt."

# Máttlítið höggspjót

The End skipa fimm manneskjur en Atingere er fyrsta breiðskífa sveitarinnar. Umslag skífunnar er vitaskuld það fyrsta sem maður rekur augun í þegar Atingere er skoðuð. Forvitnileg mynd prýðir framhliðina en annars er umslagið sem slíkt óttalega aumingjalegt og telst ekki til gagns fyrir metnaðarfullt verk.

Atingere er nefnilega að mörgu leyti metnaðarfull smíð. Ekki þarf annað en skoða listann yfir það fólk sem hjálpað hefur til við vinnslu plötunnar. Þorvaldur Bjarni hljóðblandar nokkur lög og það gerir Valgeir Sigurðsson úr Gróðurhúsinu einnig. Fátt má heldur setja út á hljóðeftirvinnsluna sem slíka sem er nokkurn veginn slétt og felld frá upphafi til enda.

Hins vegar er hljómurinn á Atingere frekar litlaus. Dökkur er hann vissulega en hann þreytist fljótt og fölnar. Líkt og blekpollur sem dreift hefur verið úr í beina línu og er án allra tilbrigða.

Ræturnar liggja greinilega í rokkinu líkt og Howling Trout og Give Yourself to Me sýna vel en reynt er að rafræna helstu eiginleika tónlistarinnar. Nokkur laganna eru samt hreinræktuð raftónlistarlög og er Deliverance dæmi um frambærilega útsett lag. Söngurinn eyðileggur hins vegar margt í laginu sem og í fleirum. Það verður að segjast alveg eins og er að þessi grunge-stíll a la Alice in Chains, Pearl Jam og félaga er orðinn frekar þreytandi. Ég tala nú ekki um hjá íslenskum sveitum.

Lagið Drive Me Home ásamt fyrrnefndu Deliverance eru bestu sprettir Atingere. Platan skortir hins vegar nauðsynlega hugmyndaauðgi og ég vona að höggspjót The End muni fljúga betur næst þegar þau hefja það á loft.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



**TÓNLIST**
Atingere
The End
★★

Þrátt fyrir að í grunninn sé Atingere fjölbreytt hvað varðar músíkina þá hljómar skífan oft einhæf og nær sér aldrei á flug í daufkenndu andrúmslofti.

Burberry I Filippa K I Patrizia Pepe I Sport Max I Calvin Klein I Annhagen I Rutzou
Stella Nova I Lee I Wrangler I Rosanna Julie I a pair I GK Reykjavík

# 50% afsláttur af öllum vörum



**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

## > HUDSON Í HÁRVÖRUR

Kate Hudson og hárgreiðslumaðurinn David Babaii hafa leitt saman hesta sína og sent frá sér hárvörulínu undir nafninu Wildaid. Hún hentar lituðu hári og mun þar að auki safna fé til styrktar náttúruverndarsamtökunum WildAid. Vörurnar verða ekki prófaðar á dýrum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hætt saman eftir tvær vikur

Eddie Murphy og eiginkona hans til rétt rúmra tveggja vikna, Tracey Edmonds, hafa slitið samvistir. Þau giftu sig á einkaeyju nálægt Bora Bora á nýársdag, en hjónabandið var þó ekki lagalega bindandi. Parið hafði áður sagst ætla að halda aðra athöfn í Bandaríkjunum, til að gera hjónabandið löglegt, en af henni varð aldrei. Talsmaður Murphy sendi frá sér tilkynningu á miðvikudag, þar sem segir að að parið hafi komist að þeirri niðurstöðu að sleppa athöfninni þar sem hún sé ekki nauðsynleg til að „skilgreina sambandið frekar“. „Þó að nýafstaðið táknrænt brúðkaup okkar á Bora Bora sé dæmi um þá miklu ást, vináttu og virðingu sem við berum hvort fyrir öðru, höfum við ákveðið að vera bara vinir,“ segir í tilkynningunni.

Samkvæmt tímaritinu People kom þó annað og meira til, en einn brúðkaupsgestanna segir að Murphy hafi öskrað á nýbakaða eiginkonu sína fyrir framan gestina. „Hann gerði það nokkrum sinnum og það var ótrúlega óþægilegt,“ segir heimildarmaðurinn. Annar vinur parsins segir við Life&Style að parið hafi rifist hatrammlega fyrr í vikunni. Hann segir einnig að Eddie hafi verið afar stjórnsamur og meðal annars krafist þess að Tracey tæki sér eftirnafn hans. Hún neitaði, þar sem hún vildi halda því nafni sem synir hennar bera.



**STJÓRNSAMUR** Heimildarmaður Life&Style segir stjórnsemi Eddie Murphy hafa átt sinn þátt í því að hann og eiginkona hans til tveggja vikna séu skilin að skiptum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðrómur er uppi um að leikkonan **Gwyneth Paltrow** hafi verið lögð inn á sjúkrahús á dögunum vegna þess að hún eigi von á sínu þriðja barni. Talsmaður Paltrow segir að um tómar getgátur sé að ræða og vill ekki tjá sig um ástæðuna fyrir dvöl hennar á sjúkrahúsinu. Paltrow og eiginmaður hennar, Chris Martin, eiga tvö börn, þau Apple og Moses.



Hljómsveitin **Radiohead** þurfti að hætta við óvænta tónleika sína í plötubúð í London og flytja sig yfir í klúbb skammt frá eftir að næstum 1.500 aðdáendur reyndu að fá miða. Af öryggisástæðum var ákveðið að flytja tónleikana á annan stað en Radiohead hafði tilkynnt um tónleikana fyrr um morguninn. Auk laga af nýju plötunni, In Rainbows, spilaði Radiohead eldri slagara á borð við My Iron Lung og The Bends.



Rokkararnir í **The Rolling Stones** hafa skrifað undir einnar plötu samning við plötufyrirtækið Universal. Mun það gefa út tónleikaplötu sveitarinnar sem var tekin upp í New York árið 2006. Platan er væntanleg í búðir um svipað leyti og Stones-heimildarmynd Martins Scorsese, Shine A Light, kemur út í mars.



# Íslenskt stuð í Þrándheimi

**Áhangendur íslenska landsliðsins í handknattleik hituðu vel upp fyrir leik liðsins gegn hinum alræmdu Svíum á Evrópumótinu í Noregi.**

Talið er að allt að fimm hundruð Íslendingar séu samankomnir í Þrándheimi til að fylgjast með leikjum liðsins en töluverður fjöldi kom frá nágrannalöndunum Svíþjóð og Danmörku. Hátt á þriðja hundruð Íslendinga komu hins vegar beint frá Keflavík með leiguflugi Icelandair og ætluðu að láta ljós sitt skína á Evrópumótinu með tilheyrandi hvatningarorðum í hæsta styrk. Stuðningsmennirnir vildu hins vegar stilla saman strengi sína fyrir leikinn gegn Svíunum og tók ljósmyndari Fréttablaðsins púlsinn á blóðheitum aðdáendunum þar sem þeir hituðu upp raddböndin á skemmtistaðnum Monte Cristo í miðborg Þrándheims.

freyrgigja@frettabladid.is



**TROMMAÐ** Þessir ungu menn ætluðu að sjá til þess að íslensku stuðningsmennirnir væru í takt og börðu stríðsbumburnar af miklum móð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GÓÐ STEMNING** Íslensku áhangendurnir ætluðu augljóslega að láta vel í sér heyra og sveifluðu íslenska fánanum í gríð og erg.



**LÉTT Í LUNDU** Þau Stefán, Kjartan, Hreinn, Ríkharður og Telma ætluðu að láta leikgleðina ráða för á Evrópumótinu.



**BLÓÐHEITIR** Þeir Arnar, Fannar Helgi, Bjarki, Örn Ingi, Arnar Freyr og Aron Gylfi ætluðu ekki að gefa neitt eftir í stuðningi sínum við íslenska landsliðið.



**LANDSLIÐSMAÐUR Í GÓÐUM HÓPI** Bjarki Sigurðsson, fyrrum landsliðshetja, var í góðum hópi og í réttum búningi með þeim Theódóri og Jóni Frey.

# Kiddi fer á Whitesnake

Þungarokkshetjurnar í Whitesnake spila í Laugardalshöll 10. júní og hefst almenn miðasala í dag. Í sérstakri forsölu sem boðið var upp á tryggðu margir sér miða, þeirra á meðal Kiddi rokk. Kiddi er einn ötulasti þungarokkari landsins og starfar hjá Smekkleysu.



**KIDDI ROKK** Whitesnake gerði hann að sjúklingi.

„Mig minnir að ég hafi séð þá sex sinnum til þessa,“ segir Kiddi. „Whitesnake er einmitt fyrsta erlenda stórbandið sem ég sá. Ég sigldi með Eddunni til Englands 1983 og Whitesnake var aðalbandið á Donnington-hátíðinni. Þeir tónleikar gerðu mig að algjörum sjúklingi.“

Síðast var Whitesnake á Íslandi árið 1990 og spilaði tvenna tónleika í Reiðhöllinni. Seinna giggið er eftirminnilegt fyrir þá sök að David Coverdale söngvari var veikur og þurfti að ræsa út Pétur heitinn Kristjánsson til að bjarga málunum. Hann stóð sig að sjálfsögðu eins og hetja.

„Ég sá fyrra giggið, það er að segja giggið með Coverdale, og það var frábært,“ segir Kiddi. „Það er allt annað band sem kemur hingað núna, bara Coverdale sem er eftir af upprunalega bandinu. Þetta hefur náttúrlega alltaf verið bandið hans hvort sem er. Hann er með unga og ferska stráka með sér. Mér finnst þetta frískasta útgáfan af Whitesnake í allavega tíu ár.“

- glh


## Notaðir bílar hjá Porsche Ísland




**Porsche Cayenne Turbo**

Nýskráður: 04/2005 - Ekinn: 63 þús. km - Slagrými: 4500 cc
Hestöfl: 450 - Sjálfskiptur - Rafmagns beisli - Lyklalaust aðgengi
Soft look leður í sætum - Fjarðlægðarskynjarar - Tvöfalt gler, ofl.
Gott eintak - Verksmiðjuábyrgð...

Til sýnis að Vagnhöfða 23

**Verð 9.890.000,-**




**LAND ROVER DISCOVERY**

Nýskráður: 04/2007 - Ekinn: 9 þús. km - Slagrými: 2700 cc
Sjálfskiptur - Sjónvarp - Innbyggður sími - Þrjár topplúgur
HARMAN/KARDON Hljóðkerfi - DVD Spilari - Leðuráklæði
Dráttarkúla - XENON Aðalljós - EINN MEÐ ÖLLU...

Til sýnis að Vagnhöfða 23

**Verð 7.990.000,-**




**M.BENZ GL 450 4MATIC**

Nýskráður: 10/2006 - Ekinn: 16 þús. km - Aksturstölva - Álfelgur
Fjarstýrðar samlæsingar - Glertopplúga - Handfrjáls búnaður
Hraðastillir - Innspýting - Xenon aðalljós - Leðuráklæði - Þakbogar
Leiðsögukerfi - Topplúga - Stöðugleikakerfi, ofl. - Glæsilegur bíll..

Til sýnis að Vagnhöfða 23

**Verð 7.990.000,-**

**Porsche Ísland**
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
590 2000
www.porsche.is

Bílabúð Benna
www.benni.is

# Ríkulega myndskreytt, fróðleg og vel skrifuð bók um einn af okkar þekktustu og virtustu listamönnum




Erró og Danielle Kvaran árita bókina
ERRÓ Í TÍMARÖÐ – líf hans og list
**laugardaginn 19. janúar kl. 11:00**
í Bókabúð Máls og menningar Laugavegi 18.

**Hverri bók fylgir árituð og tölusett grafíkmynd. Um tvenns konar verk er að ræða en einungis 100 eintök eru til af hvorri mynd.**

**„Glæsilegt verk.“**
*Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV*

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
2007

**Gefin út í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur.**
**Fáanleg á íslensku, ensku og frönsku.**

**– opið til kl. 22.00 öll kvöld**

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| THE MIST | kl. 8 - 10.40 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 5.30 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10* | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 6 | 10 |

*kraftsýning — AUKAKRÓNUR 5%

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| LÖGMAÐUR HRYÐJUVERKANNA kl. 5.30 | SÍÐASTI GEÐSJÚKLINGURINN kl. 8 | MOLIERE kl. 10 |
| LOFAÐU MÉR kl. 6 | TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 8 | VONBRIGÐI kl. 10 |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:20 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER Síð. sýn | kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 3:40 - 6 - 8 - 10:20 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8:20 - 10:20 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 | 14 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 3:40 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4D DIGITAL | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl.5:45-8-10:20 | L |
| ALVIN OG ÍKOR... ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NATIONAL TREASURE | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:10 | 12 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5, 8 og 10.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 4 og 6 | L |


# Atli kemur Erpi til bjargar

Þeir Atli Rúnar Hermannsson, oftar en ekki kallaður skemmtanalögga, og Erpur Eyvindarson, rappari með meiru, skemmta gestum á Hverfisbarnum í kvöld. Þessi ólíklegi dúett hefur spilað saman í þrjú ár, en þetta verður í fyrsta sinn sem þeir koma opinberlega fram saman í höfuðborginni.

„Við erum vinir, eins ótrúlega og það hljómar," segir Atli og hlær. Þeir aðhyllast ansi ólíkar tónlistarstefnur, enda er Atli ekki þekktur fyrir að vera harður hipphoppari. „Við tókum eitt flippkvöld fyrir slysni fyrir þremur árum og það heppnaðist svo vel að við höfum haldið þessu áfram," segir hann.

Atli og Erpur munu þeyta saman skífum í kvöld en auk þess mun Erpur stökkva inn og rappa í nokkur skipti yfir kvöldið. „Ég er bókstaflega að bjarga mannorðinu hjá þessum annars ágæta dreng. Hann hefur í allan vetur gert lítið annað en að kommenta í söngvakeppni samkynhneigðra í þætti sem kallast laugardagslágkúran, eða eitthvað álíka. Nú fær hann tækifæri til að sýna hinn rétta Erp og garga í mæk," segir Atli ábúðarfullur.



**ÓLÍKLEGUR DÚETT** Atli skemmtanalögga og Erpur Eyvindarson koma hvor úr sinni áttinni. Þeir skemmta gestum Hverfisbarsins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Uppistandarar í uppnámi

**Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson hefur tekið við stjórn síðunnar Uppistand.is og rekur hana nú í góðgerðaskyni. Hann telur að forsvarsmenn keppninnar Fyndnasti maður Íslands hafi skaðað uppistandsferil sinn. Einn þeirra, Oddur Eysteinn Friðriksson, vísar gagnrýninni á bug.**

Rökkvi, sem á lénið Uppistand.is, segist hafa tekið við stjórn síðunnar vegna þess hversu illa hún var rekin. Auk þess telur hann að forsvarsmenn Fyndnasta manns Íslands hafi skaðað uppistandsferil sinn. „Ég er mjög óánægður með hvernig þeir stóðu sig sem umboðsmenn fyrir mig," segir Rökkvi, sem var lítið sem ekkert bókaður eftir keppnina í fyrra. Fékk hann þær skýringar að hann ætti sjálfur að sjá um sinn uppistandsferil en ekki þeir.

### Leit út eins og asni

Rökkvi er einnig ósáttur við sýningu Fyndnasta manns Íslands á Skjá einum. „Fyrsti þátturinn sem ég var í var mjög illa framleiddur. Það heyrðist ekki hlátur í áhorfendunum og ég leit út eins og asni uppi á sviði," segir hann. „Auk þess voru undanúrslitin þannig að sigurvegararnir voru mældir með desibil-mæli eftir keppni," útskýrir Rökkvi og telur að það hafi gefið mjög villandi niðurstöðu. Lenti hann í síðasta sæti í sínum riðli á eftir óreyndum andstæðingum en sjálfur vann hann uppistandskeppni í Kanada árið 2006.

### Milljón til góðgerðamála

Rökkvi, sem starfar sem forritari, ætlar að safna einni milljón til ýmissa góðgerðamála með uppistandi sínu á næstunni. Segist hann ekki þurfa á peningunum að halda enda sé uppistand eingöngu áhugamál hjá sér. „Ég er í raun bara mjög heppinn að vera ekki fatlaður að neinu leyti eða með sjúkdóm og ég þakka fyrir að hafa ekki lent í neinni meiri háttar ógæfu í lífinu. Það þarf að borga peninga til að ráða mig og þetta er bara umsemjanlegur taxti sem rennur allur til góðgerðamála." Einnig stefnir Rökkvi að því að halda eitt stórt góðgerðauppistand þar sem allur aðgangseyrir rennur til ákveðinna góðgerðasamtaka.

### Sár að komast ekki áfram

Uppistandarinn Oddur Eysteinn Friðriksson, einn af forsvarsmönnum Fyndnasta manns Íslands, vísar gagnrýni Rökkva til föðurhúsanna. „Hann er bara sár að komast ekki áfram fram yfir einhverja sem höfðu enga reynslu. Það vissu allir hvernig yrði ráðið í sætin áður en keppnin fór fram," segir Oddur Eysteinn og bætir því að Rökkvi hafi lent í útistöðum við marga grínista, þar á meðal Þórhall Þórhallsson, fyndnasta mann Íslands. „Þekktir grínistar neituðu að vinna með okkur af þeirri ástæðu að Rökkvi væri með okkur, þannig að þetta er eiginlega bara ágætt fyrir okkur að hann er hættur hjá okkur," segir Oddur.

### Kvartað yfir Rökkva

Hvað varðar lélega umboðsmennsku fyrir Rökkva hefur Oddur þetta að segja: „Það er erfitt að selja skemmda vöru. Það kom fyrir að það var kvartað undan honum og það var engin eftirspurn eftir honum hjá okkur."

Oddur segir það gott hjá Rökkva að gefa ágóða sinn til góðgerðamála, enda var það sama gert á uppistandskvöldunum í fyrra. „Mér finnst þetta samt komið út í svolitlar öfgar hjá honum því hann er að selja sig ódýrt. Hann er bara að gera þetta til að koma sjálfum sér á framfæri og reyna að fá einhverja vinnu."

Að sögn Odds stendur undirbúningur yfir vegna Fyndnasta manns Íslands 2008 og leitar fyrirtækið sem sér um keppnina, Netmiðlar hf., að nýrri heimasíðu til að kynna hana.

freyr@frettabladid.is



**RÖKKVI VÉSTEINSSON** Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson hefur tekið við stjórnartaumunum á síðunni Uppistand.is.



**ODDUR EYSTEINN FRIÐRIKSSON** Oddur vísar gagnrýni Rökkva til föðurhúsanna.

# Hin hliðin á Frakklandi

**KVIKMYNDIR**

**Í köðlunum (Dans les Cordes)**

Leikstjóri: Magaly Richard-Serrano

Sýnd á Franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

★★★

Í köðlunum er kærkomin tilbreyting frá bandarískum íþróttamyndum jafnt sem kvikmyndum sem sýna aðeins fegurri hluta Frakklands. Hún forðast flestar klisjur, en markar sér ekki alveg nógu skýra braut sjálf til að geta talist fyrsta flokks.

Sá veruleiki sem birtist okkur hér er víðs fjarri krúttunum í Amélie eða Parísarpóstkortum með myndum af Eiffelturni og alpahúfum. Joseph rekur kickboxing-klúbb þar sem dóttir hans og stjúpdóttir berja aðrar unglingsstúlkur til óbóta eða eru sjálfar barðar sundur og saman. Þess á milli heldur hann framhjá, eins og venja er í frönskum kvikmyndum, og á í mestu erfiðleikum með að borga rafmagnsreikninginn. Keppni er að lokum haldin þar sem bardagi við höfuðandstæðinginn er endurtekinn og örlög klúbbsins eru í húfi. Ættu nú leikslok að vera ljós, þar sem önnur hvor stúlkan mun sigrast á ofureflinu eins og kvenkyns Rocky og bjarga málunum. En svo er þó ekki. Aðalatriðið hér er ekki að sigra eða tapa, heldur er því velt fyrir sér hvers virði íþróttin er. Hefur Joseph kannski sóað lífi sínu, orðinn of gamall til að keppa sjálfur, á lítið annað eftir en minningarnar og veltir draumunum yfir á börnin?

Þrátt fyrir að stúlkur séu hér að berja hvor aðra til blóðs er myndin hvorki sérstaklega feminísk (stelpur geta lamið hvor aðra alveg eins og strákar) né klámfengin (leðjuglíma án leðjunnar). Samband stúlknanna er hér í forgrunni, og eitt og annað sem gerðist í fortíð foreldranna sem kemur upp á yfirborðið. En því miður er ekki kafað nógu djúpt ofan í neina af hinum þremur aðalpersónum. Og líklega er það rétt að það að sigra í hnefaleikakeppni er ekki það mikilvægasta í lífinu. En það er heldur ekki gefið í skyn hvað það er sem skiptir meira máli.



**Valur Gunnarsson**



HILMIR SNÆR GUÐNASON
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
LAUFEY ELÍASDÓTTIR
JÓHANN SIGURÐARSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON
ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON
ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR
FRUMSÝND UM LAND ALLT Í DAG!
TAXI
GSM
GUIDED TOURS OF FLATEY only 800 kr 1200 kr
“Hreint út sagt frábær mynd í alla staði, leikararnir skila stórkostlegum frammistöðum, fyndið og dramatískt í senn.
Besta íslenska fíl-gúdd myndin fyrr og síðar“
- Stefán Sigurjónsson, X-ið FM 9.77
SÖGN EHF KYNNIR KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BRÚÐGUMINN
SÖGN EHF / BLUEEYES PRODUCTIONS NORDISK FILM HILMIR SNÆR GUÐNASON, MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR, LAUFEY ELÍASDÓTTIR, JÓHANN SIGURÐARSON, ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR,
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, ÓLAFUR EGILL EGILSSON, ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR RAGNA FOSSBERG HELGA STEFÁNSDÓTTIR ATLI GEIR GRÉTARSSON, GRETAR REYNISSON
KJARTAN KJARTANSSON BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON ELÍSABET RONALDSDÓTTIR SIGURÐUR BJÓLA GARÐARSSON ÁSAMT JÓNI ÓLAFSSYNI AGNES JOHANSEN, BALTASAR KORMÁKUR
LILJA PÁLMADÓTTIR, KIM MAGNUSSON HERA ÓLAFSDÓTTIR LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR BALTASAR KORMÁKUR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON BALTASAR KORMÁKUR
Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af miðaverði á kvikmyndina BRÚÐGUMINN þegar þeir greiða með greiðslukorti frá Glitni.
GLITNIR

## > Bræður mættust í landsleik

Bræðurnir Andrej og Uladzimir Klimovets frá Hvíta-Rússlandi voru í sérstakri aðstöðu í gær því þá mættust þeir í landsleik EM í handbolta í Noregi. Andrej var í þýska landsliðinu sem vann 34-26 sigur á Uladzimir og félögum í Hvíta-Rússlandi. Andrej er 33 ára og hefur verið með þýskt ríkisfang síðan 2005 eftir að hafa verið búsettur þar frá 1996. Hann á að baki 112 landsleiki með Hvít-Rússum og 50 leiki með Þjóðverjum. Uladzimir er aðeins tveimur árum yngri en hefur leikið alla sína 60 landsleiki með Hvíta-Rússlandi. Andrej hafði ekki bara betur í leiknum því hann skoraði 4 mörk í leiknum á móti tveimur frá Uladzimir.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HALLDÓR „HENSON“ EINARSSON:** HITTIR EFTIRLIFANDA FLUGSLYSSINS Í MUNCHEN 1958 OG VEITIR HONUN GJÖF

# *Vildi gera eitthvað fallegt og láta gott af mér leiða*

Halldór Einarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri íþróttavörufyrirtækisins HENSON, ákvað nýverið að hefja framleiðslu á sérstakri keppnistreyju Manchester United til minningar um flugslysið hræðilega í Munchen 6. febrúar árið 1958 þegar átta leikmenn félagsins voru á meðal þeirra tuttugu og þriggja sem létust.

„Ég vildi vitanlega kanna málið fyrst til þess að tryggja það að ég væri ekki að stíga á neinar tær eða gera þetta í ónáð einhvers,“ sagði Halldór sem setti sig í samband við ýmsa aðila.

„Ég byrjaði á því að kanna lagalegu hliðina með hjálp lögfræðings og kom mér í samband við ritara Manchester United sem tjáði mér að félagið væri alls ekki mótfallið því að ég framleiddi keppnistreyju af þessu tagi. Þá kom að mórölsku hlið málsins, sem var vitanlega mikilvægari. Ég vildi auðvitað fyrst og fremst láta gott af mér leiða og gera eitthvað fallegt fyrir fjölskyldur þeirra sem létust og ekki síður fyrir eftirlifendur slyssins sem, ólíkt knattspyrnumönnum nú til dags, lifðu í sumum tilfellum við bág kjör að knattspyrnuferlinum loknum,“ sagði Halldór sem hélt áfram að rannsaka málið og fann út að einn einstaklingur sem lenti í slysinu væri öðrum fremur tilvalinn til þess njóta góðs af sölu treyjunnar.



„Maður að nafni Albert Scanlon var á meðal þeirra leikmanna United sem lifðu flugslysið af en hann höfuðkúpubrotnaði, fótbrotnaði og handleggsbrotnaði. Scanlon þykir almennt sá maður sem lifir við hvað skertust kjör af þeim leikmönnum sem lifðu slysið af en hann vann sem hafnarverkamaður að knattspyrnuferlinum loknum og svo síðar sem dyravörður. Ég heyrði því í honum hljóðið og sagði honum frá fyrirætlunum mínum og hann gladdist mjög og ég stefni á að veita honum peningagjöfina í lok janúar,“ sagði Halldór ánægður.

N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 18. janúar
Kaplakriki kl. 18:30
FH - Valur
Mýrin kl. 20:00
Stjarnan - HK
Framhús kl. 20:00
Fram - Grótta
Ásvellir kl 20:30
Haukar - Fylkir

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Leigubílstjórar og ruslakarlar

**Liðsmenn Havant & Waterlooville eru í skýjunum með að mæta Liverpool á Anfield í fjórðu umferð FA bikarsins. Leikmenn liðsins eru flestir í dagvinnu með fótboltanum.**

**FÓTBOLTI** Utandeildarliðið Havant & Waterlooville stal senunni í þriðju umferð FA-bikarsins á Englandi í fyrrakvöld þegar liðið vann Swansea 4-2 fyrir framan 4.400 áhorfendur á heimavelli sínum Westleigh Park og mætir stórliði Liverpool á Anfield í fjórðu umferð.

Havant & Waterlooville eða Haukarnir eins og liðið er kallað byrjaði leikinn gegn Swansea af þvílíkum krafti og tók forystu strax á fjórðu mínútu þegar Brett Poates, sem vinnur sem múrari, átti sendingu fyrir markið og varnarmaðurinn Garry Monk varð fyrir því óláni að skalla boltann í eigið mark. Múrarinn Poates var aftur á ferðinni á 25. mínútu þegar hann tók hornspyrnu og fyrirliðinn Jamie Collins skallaði boltann í netið og kom heimamönnum í 2-0. Það ætlaði svo allt um koll að keyra á Westleigh Park á 37. mínútu þegar leigubílstjórinn Rocky Baptiste skoraði þriðja mark Haukanna og áhangendur liðsins voru skyndilega farnir að hugsa lengra en Anfield og kölluðu ákaft „við erum á leiðinni á Wembley, við erum á leiðinni á Wembley.“

Swansea var hins vegar ekki af baki dottið og skoraði tvö mörk og þau hefðu getað orðið þrjú en markvörðurinn Kevin Scriven, sem vinnur á lyftara á byggingarverksvæði föður síns, varði vítaspyrnu. Varamaðurinn Tom Jordan gerði svo út um leikinn fyrir heimamenn með fjórða marki leiksins og utandeildarliðið mætir Liverpool á Anfield í fjórðu umferð keppninnar.



**LEIGUBÍLSTJÓRI** Framherjinn Rocky Baptiste er eitt skæðasta vopn Havant & Waterlooville en hann starfar einnig sem leigubílstjóri. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Ævintýri líkast

Shaun Gale, stjóri Havant & Waterlooville, réði sér ekki yfir kæti í leikslok.

„Þetta er búið að vera ævintýri og strákarnir táruðust úr gleði í búningsklefanum eftir leik. Rómantíkin í FA bikarnum er á lífi, svo mikið er víst,“ sagði Gale stoltur og markaskorarinn og fyrirliðinn Collins bætti við: „Þetta verður ótrúleg reynsla að fara á Anfield og mæta Steven Gerrard. Ef einhver byði mér milljón pund í skiptum fyrir reynsluna að leiða lið sitt út á Anfield fyrir framan Kop stúkuna þá myndi ég afþakka það boð. Þetta snýst ekki um peninga heldur að koma Havant & Waterlooville á kortið og okkur hefur tekist það,“ sagði Collins en leikmenn liðsins sinna flest allir dagvinnu fyrir utan fótboltann. Leigubílstjórinn Baptiste, sem lét nýlega af starfi sínu sem sölumaður notaðra bíla, reyndist Haukunum betri en enginn og skoraði í báðum leikjum liðsins gegn Swansea og sló á létta strengi í viðtölum eftir leik.

„Ég rata í það minnsta á Anfield. Þú ferð beint upp M1, svo kemurðu á M6 og beygir þá til vinstri,“ sagði Baptiste í léttum dúr. - óþ



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Havant & Waterlooville léku á als oddi eftir frækinn 4-2 sigur gegn Swansea á Westleigh Park í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY




Reykjavík International

18.-20. janúar 2008 - Alþjóðlegt íþróttamót

| Viðburður | Staðsetning | 18.janúar | 19.janúar | 20.janúar |
|---|---|---|---|---|
| Opnunarhátíð | Laugardalslaug | 20:30-22:30 | | |
| Sund | Laugardalslaug | 16:30-19:00 | 9:00-12:00<br>17:00-19:00 | 9:00-12:00<br>16:00-18:00 |
| Frjálsar | Laugardalshöll | | 9:00-16:00 | 9:00-13:00<br>14:30-16:30 |
| Badminton | TBR við Glæsibæ | | 10:00-17:00 | 10:00-15:00 |
| Dans | Laugardalshöll | | | 15:00-17:30 |
| Hópfimleikar | Laugardalshöll | | 9:00-17:00 | |
| Skylmingar | Baldurshagi á Laugardalsvelli | | | 9:00-17:00 |
| Listhlaup | Skautahöll | | 11:55 og 19:30 | |
| Íshokkí | Skautahöll | 19:15-22:30 | 8:00-12:40<br>16:15-20:15 | 8:00-14:00 |
| Júdó | Laugaból við gervigrasvöll | | 11:00-17:00 | |
| Lokahátíð | Laugardalshöll | | | 20:00-23:30 |


Man. Utd. fær efnilega Brasilíumenn frá Fluminese:

# Tvíburar á Trafford

**FÓTBOLTI** Brasilísku tvíburarnir Fabio og Rafael Silva munu hefja æfingar hjá Manchester Untied á mánudag eftir að hafa gengið frá félagsskiptum sínum frá Fluminese. Hinir 17 ára tvíburar spila í hvor í sinni bakvarðastöðunni, Fabio vinstra megin og Rafael hægra megin, en verða ekki löglegir með Englandsmeisturunum fyrr en næsta sumar og geta ekki beðið eftir því að láta til sín taka.

„Við vitum af því að ungir Brasilíumenn eru búnir að vera að gera góða hluti í Evrópu og við þekkjum Anderson hjá United og Lucas hjá Liverpool. Alexandre Pato hjá AC Milan er til skýrasta dæmið og hann skoraði í sínum fyrsta leik með liðinu um síðustu helgi og við náum vonandi að feta í fótspor hans,“ sagði Fabio. - óþ



**EFNILEGIR** Fabio og Rafael Silva vonast til að fylgja í fótspor Anderson, Lucas og Alexandre Pato. NORDIC PHOTOS/AFP

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *EM í handbolta*

**A-riðill**

| | |
|---|---|
| Slóvenía-Tékkland | 34-32 |
| Króatía-Pólland | 32-27 |

Ivano Balic skoraði 7 mörk úr 9 skotum og átti að auki 7 stoðsendingar.

**B-riðill**

| | |
|---|---|
| Rússland-Svartfjallaland | 25-25 |
| Danmörk-Noregur | 26-27 |

Lasse Boesen 9, Michael Knudsen 5 - Havard Tvedten 8/6, Frode Hagen 6, Frank Loke 4.

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| Þýskaland-Hvíta Rússland | 34-26 |

Markus Baur 7/5, Holger Glandorf 5 - Barys Pukhouski 10, Ivan Brouka 4, Siarheir Harbok 4, Aliaksei Usik 4.

| | |
|---|---|
| Spánn-Ungverjaland | 28-35 |

Ruben Garabaya 8, Iker Romero 7 - Ferenc Ilyes 7, Laszló Nagy 7, Tamas Ivansik 5.

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| Ísland-Svíþjóð | 19-24 |

**Mörk Íslands (skot):** Ólafur Stefánsson 4/1 (7/2), Guðjón Valur Sigurðsson 4/2 (7/2), Logi Geirsson 3 (10), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (4), Róbert Gunnarsson 2 (4), Snorri Steinn Guð jónsson 2 (7/1), Alexander Petersson 1 (1), Einar Hólmgeirsson 1 (7), Jaliesky Garcia Padron (2), Vignir Svavarsson (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 10 (31/2, 32%), Hreiðar Guðmundsson 6 (9, 67%).
**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðjón 2, Róbert, Ásgeir, Logi, Alexander).
**Fiskuð víti:** 6 (Róbert 2, Ólafur, Logi, Einar, Ásgeir).
**Utan vallar:** 4 mínútur
**Mörk Svíþjóðar (skot):** Kim Andersson 7/2 (12/3), Dalibor Doder 4 (10), Jonas Larsholm 3 (4), Martin Boquist 3 (5), Jonas Kallman 3 (7), Marcu Ahlm 2 (5), Jan Lennartsson 1 82), Jonas Petersson 1 (3).
**Varin skot:** Tomas Svensson 22 (39/3, 56%), Dan Beutler 1/1 (3/3, 33%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Doder 2, Lennartsson, Kjallmann).
**Fiskuð víti:** 5 (Ahlm, 3, Doder 2).
**Utan vallar:** 14 mínútur.

| | |
|---|---|
| Frakkland-Slóvakía | 32-31 |

Olivier Girault 6/1, Jerome Fernandez 5, Bertrand Gille 5, Daniel Narcisse 5 - Frantisek Sulc 10, Radovan Pekar 7, Radoslav Antl 5.

### *Iceland Express karla*

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Keflavík | 93-102 |

### *Iceland Express kvenna*

| | |
|---|---|
| KR-Hamar | 74-68 |

Stigahæstar: Monique Martin 32 (21 í seinni), Sigrún Ámundadóttir 12, Hildur Sigurðardóttir 8 - Lakiste Barkus 23, Hafrún Hálfdánardóttir 13, Fanney Lind Guðmundsdóttir 12.



**HVÍLDUR** Sverre Jakobsson var ekki með gegn Svíum í gær, en er búinn að ná sér af veikindum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska landsliðið:

## Sverre og Bjarni hvíldu

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason hvíldi þá Bjarna Fritzson og Sverre Jakobsson í leiknum gegn Svíum í gær.

Sverre veiktist illa í síðustu viku og hefur verið að koma til en Alfreð vill greinilega að hann hvílist betur fyrir helgina. Bjarni hefur einnig verið að glíma við meiðsli, bæði í maga sem og í læri. - hbg

Frakkland-Slóvakía í gær:

## Frakkar sluppu fyrir horn

**HANDBOLTI Margir bjuggust við að leikur Frakka og Slóvaka yrði óspennandi en svo var alls ekki. Kærulausir Frakkar sluppu með eins marks sigur, 32-31, í leik þar sem Slóvakar hefðu vel getað náð stigi.**

**Slóvakar áttu síðustu sókn leiksins en þeirra besti maður, Frantisek Sulc, sem hafði farið á kostum í leiknum, skaut framhjá.**

**Þó svo Frakkar hafi verið áhugalausir og kærulausir er samt ljóst að Slóvakar verða ekki auðsigraðir en þeir gáfust aldrei upp í gær. - hbg**

Alfreð Gíslason var þungur á brún eftir tapið gegn Svíum í fyrsta leiknum á EM í Noregi í gær:

# Sóknarleikurinn var alveg hræðilegur

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari átti erfitt með að leyna vonbrigðum sínum eftir leikinn í gær en bar sig þó þokkalega.

„Sóknarleikurinn var alveg hræðilegur í þessum leik. Varnarleikurinn var góður í fyrri hálfleik og Birkir varði vel en við spilum svo hægan bolta. Höngum á boltanum endalaust og erum meira að segja skelfilegir manni fleiri. Með eðlilegum sóknarleik hefðum við átt að vera 5-6 mörkum yfir í hálfleik. Svíar voru mjög taugastrekktir og vörnin okkar kom þeim á óvart. Síðari hálfleikur var síðan skelfilegur þar sem hver hvert klúðrið fylgdi á eftir öðru," sagði Alfreð hundsvekktur en hann stillti leiknum upp sem úrslitaleik.

„Þetta eru skelfileg vonbrigði. Nú verðum við að vinna Slóvaka og takist það þá er fram undan algjör úrslitaleikur gegn Frökkum rétt eins og í fyrra. Nú verður farið vel yfir þennan leik og svo sjáum við til hvernig staðan er á mannskapnum en Óli var þjáður og Garcia virðist bara ekki passa inn í það sem við erum að gera meðal annars," sagði Alfreð. - hbg

**EKKERT GEKK** Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson tjáir sig við landsliðsþjálfarann Alfreð Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Hörmuleg frammistaða gegn Svíum

**Íslenska landsliðið olli gríðarlegum vonbrigðum í fyrsta leik sínum á EM. Sóknarleikurinn öflugi brást algjörlega og Svíar náðu fram sætri hefnd með fimm marka sigri, 19-24, en sigurinn hefði getað orðið stærri.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið er komið með bakið upp við vegg eftir ömurlegan frumsýningarleik gegn Svíum á EM í Noregi. Leikmenn virtust hreinlega ekki þola pressuna og væntingarnar fyrir leikinn og Svíar, sem sýndu alls engan glansleik, gengu á lagið og hreinlega niðurlægðu íslenska liðið í síðari hálfleik sem er líklega einn versti hálfleikur sem landsliðið hefur spilað.

Alfreð byrjaði með Birki Ívar í markinu og þeir Sigfús og Ásgeir Örn voru í vörninni en athygli vakti að Ásgeir spilaði líka sóknina. Íslenska liðið mætti nokkuð sterkt til leiks. Varnarleikurinn var með miklum ágætum og Birkir Ívar byrjaði vel en sóknarleikurinn, sem hingað til hefur nánast verið sjálfspilandi, var í molum allan hálfleikinn. Logi og Garcia voru mjög slakir á vinstri vængnum og lítil ógnun var af Ólafi hinum megin sem skaut ekki nema einu sinni í hálfleiknum og það undir lok hálfleiksins.

Sem fyrr gekk íslenska liðinu ákaflega illa manni fleiri og liðið klúðraði meira að segja sókn tveimur fleiri. Svíarnir spiluðu ekki sérstaklega vel. Spiluðu langar sóknir þar sem dönsku dómararnir leyfðu þeim að hnoðast nánast endalaust. Tomas Svensson var okkur erfiður ljár í þúfu eins og oft áður í sænska markinu. Íslensku strákarnir voru þess utan að skjóta mjög illa og klúðruðu mörgum úrvalsfærum. Margir hverjir virtust hreinlega vera yfirspenntir.

Svíarnir voru einu til tveim mörkum yfir lungann úr hálfleiknum og íslensku strákarnir klúðruðu nánast undantekningalaust þegar þeir fengu færi á að jafna leikinn. Tveggja marka munur í leikhléi, 9-11. Það voru nákvæmlega engin batamerki á leik íslenska liðsins í síðari hálfleik og síðari hálfleikurinn var talsvert verri en sá fyrri. Sannast sagna var hann hrein hörmung og einn sá allra lélegasti sem undirritaður hefur séð íslenskt landslið spila.

Sóknarleikurinn sem maður hélt að gæti ekki versnað varð enn verri. Menn stanslaust að hnoðast í gegnum miðjuna og taka hrikalega vond og illa tímasett skot. Í raun var algjört örvæntingarleysi í gangi. Sem fyrr breytti engu þótt íslensku strákarnir væru fleiri á vellinum.

Liðið skoraði ekki einu sinni mark á tíu mínútna kafla og þegar tíu mínútur lifðu leiks var munurinn orðinn tíu mörk, 13-23. Það var kvalafullt að fylgjast með þessari slátrun og óhætt að segja að Svíar hafi náð fram mjög svo sætri hefnd.

Þetta tap skrifast ekki á einhverja einstaklinga heldur allt liðið í heild sinni. Tapið er líka einstaklega sárt þar sem vörn og markvarsla var aldrei þessu vant fín lengstum. Sóknarleikurinn brást aftur á móti illilega og það eru mikil vonbrigði.

Liðið er komið með bakið upp við vegg og leikmenn þurfa heldur betur að rífa sig upp ætli þeir ekki að fara heim með öngulinn í rassinum.

Slóvakar bíða handan við hornið og þeir sýndu í gær að þeir eru sýnd veiði en ekki gefin. Leiki íslenska liðið eins illa gegn Slóvökum og í gær gæti farið mjög illa.



**MIKIL VONBRIGÐI** Sigfús Sigurðsson faðmar föður sinn í leikslok. Úrslitin voru gríðarleg vonbrigði fyrir íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EKKERT FLÆÐI** Svíar áttu ekki í miklum vandræðum með hægan og hugmyndasnauðan sóknarleik íslenska liðsins. Hér stoppa þeir Ólaf Stefánsson einu sinni sem oftar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EM Í NOREGI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði eftir fyrsta leik Íslands á EM í gær:

# Tapið er öllum að kenna

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson var ekki ánægður í leikslok. „Í fyrri hálfleik var vörn og markvarsla fín en sóknin klikkaði aldrei þessu vant. Menn voru að taka skot af fljótt í stað þess að vera þolinmóðir. Svo eru menn heldur ekki að nýta færin. Í síðari hálfleik hrynur þetta svo endanlega. Ég man ekki eftir svona lélegum leik lengi," sagði fyrirliðinn Ólafur Stefánsson.

„Þetta tap er öllum að kenna. Sálarástandið var ekki í lagi og kannski voru menn yfirspenntir. Við eigum að geta lagt hvaða lið sem er að velli og þess vegna er þetta sárara en ella. Það verður hver og einn að líta í eigin barm eftir þetta," sagði Ólafur sem sagðist hafa meiðst aftan í lærinu strax í upphafi leiks og af þeim sökum gat hann ekki beitt sér eins og hann vildi.



**HVAÐ ER Í GANGI?** Ólafur Stefánsson, fyrirliði landsliðsins, skildi hvorki eitt né neitt í sóknarleiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Sóknin of hæg

„Þetta var einfaldlega arfaslök frammistaða í sókninni og það er ljótt að segja það en svo virtist vera sem menn væru ekki tilbúnir og búnir að átta sig á hvað þeir voru komnir út í," sagði Snorri Steinn Guðjónsson.

„Sóknarleikurinn er allt of hægur og þess vegna gengur hann illa. Ég held að menn hafi ekki verið yfirspenntir þó svo eðlilega sé stress í fyrsta leik. Ég hélt við hefðum lært af reynslunni gegn Úkraínu en þetta er líklega svipað slakur leikur, sagði Snorri." – hbg

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Eins og hræddir skólastrákar

**HANDBOLTI** Keppnismaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson var eðlilega mjög óhress eftir tapið gegn Svíum.

„Þetta var skandall og ekkert annað. Það var allt til alls í undirbúningnum, hugarfarið gott og svo stöndum við hver í sínu horni á vellinum eins og hræddir skólastrákar. Vörnin og markvarslan var fín en þegar við komumst yfir miðju fraus allt. Hver og einn þarf að krukka í hausnum á sér eftir þennan leik enda engan veginn ásættanlegt," sagði Guðjón Valur en hann skoraði 4 mörk í leiknum í gær, tvö úr vítaköstum og svo tvö góð hraðaupphlaupsmörk í fyrri hálfleik. Hann skoraði ekki mark utan af velli í seinni hálfleik. - hbg

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL QUAD CORE TURN 4

- Intel Quad Core Q6600 - 8MB
- 2GB XMS 800MHz Dual DDR2
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

99.950

## WD 160GB PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar.

12.950

## WD 500GB MYBOOK 2

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

14.750

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

1.950

## MARGMIÐLUNARSPILARI

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist

21.950

## LX710 LYKLABORÐ

Logitech LX710 þráðlaust lyklaborð með multimedia flýtihnöppum, ísl. stöfum. Þráðlaus geislamús fylgir

6.950

## X-240 HÁTALARAR

Logitech X-240 Svart 2.1 hátalarakerfi. 25W RMS 2 nettir hátalarar og stórt bassabox á ótrúlegu verði

6.450

## ACER ASPIRE 5315

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.73GHz Intel CEL. M 530
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100 PCI Ex
- 15.4" CrystalBrite skjár

67.950

## SANDISK MP3 SPILARI

Flottur MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

8.450

## 22" ACER SKJÁR

Acer 22" P222WD TFT LCD, CrystalBrite, WideScreen, 1680x1050, 2500:1 ACM, 5ms, DVI tengi, svartur

34.750

## ACER ASPIRE 5920G-30

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 250GB, SATA 5400rpm
- Geforce 8600 GS allt að 1024MB
- 15.4" CrystalBrite skjár

114.950

## 15" HLIÐARTASKA

Rúmgóð hliðartaska með axlaról frá Dicota. Mini geisla mús með skrunhjóli fylgir

4.950

## 15" FARTÖLVUBAKPOKI

15" Manhattan City Bag flottur svartur og rauður fartölvubakpoki

3.950

## VÍRUSVÖRN

BitDefender Internet security inniheldur m.a. veiruvörn, eldvegg og ruslpóstsíu

2.950

## OFFICE PAKKI

Office Home and Student 2007. Word, Exel, PowerPoint og OneNote leifi fyrir 3 tölvur

14.750

## NX60 FARTÖLVUMÚS

Logitech NX60 Notebook Optical mús Plus, frábær þráðlaus fartölvumús, svört, taska fylgir, USB

2.950

## SENNHEISER HD202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> Rob Lowe

Rob Lowe kom til greina í hlutverk Dr. Derek Shepard í Grey's Anatomy. En eins og flestir vita er Dr. Derek Shepard, hinn svokallaði McDreamy, leikinn af Patrick Dempsey. Rob Lowe fékk þó eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Perfect Strangers sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON HEFUR ÁHYGGJUR AF BARNAEFNINU

# *Þetta er hálfétinn kall, Kristín mín*

„Hvað er að manninum?" spurði Kristín Birta sem er fimm ára frænka mín meðan við horfðum á Simpson-þátt. Það var kannski ekki nema von að hún spyrði því það var gat á manninum þar sem hann hafði lent í hárkarli sem glefsaði hann hálfan. „Hákarl beit hann í sundur," svaraði ég og hélt að nú væri ég aldeilis búinn að kalla yfir mig spurningaflóð. En svo var ekki, hún sýndi þessu mikinn skilning.

Mikið agalega hafa þessar teiknimyndir breyst frá því ég var ungur, hugsaði ég með mér. Ég hefði heldur betur þurft útskýringa við ef hálfétinn maður hefði birst í Jóga birni eða Prúðuleikurunum. Reyndar voru þeir Tommi og Jenni nokkuð hraustir og hristu af sér hin verstu mein. Gátu jafnvel skrúfað á sig hausinn ef hann datt af í átökum þeirra óvina. Þegar ég var á aldur við Kristínu Birtu hafði ég þó orð á því að svona lagað gæti ekki gerst í alvörunni en í teiknimyndaheimi þeirrar litlu er svo margt búið að gerast að hún hefur ekki einu sinni frekari orð á því þótt hún sjái limlestar fígúrur.




Þegar betur er að gáð skyldi engan undra að yngsta kynslóðin láti sér fátt fyrir brjósti brenna enda endalaust framboð af teiknimyndum sem jafnvel skáka ímyndunarafli mestu sveimhuga. Það væri kannski ekki úr vegi hjá mér að kynna hana fyrir Prúðuleikurunum sem í versta falli misstu auga þegar saumurinn gaf sig.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.10** D.E.B.S. STÖÐ 2



▶ **21.00** Bachelor SKJÁREINN



▶ **21.10** Big Buisness SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** XxX The Next Level STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00** Hollyoaks SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**15.10 EM í handbolta** Endursýndur leikur Íslendinga og Svía sem fram fór í gær.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Nú standa yfir 16 liða úrslit og í kvöld keppa lið Fjallabyggðar og Árborgar.
▶**21.10 Tvennir tvíburar** (Big Buisness) Bandarísk bíómynd frá 1988. Tvennir eineggja tvíburar fæðast í smábæ sömu nóttina á fimmta áratug síðustu aldar. Fyrir misgáning lenda þeir hjá röngum foreldrum en svo liggja leiðir þeirra saman nokkrum áratugum síðar.
**22.50 Wallander - Myrkrið** (Wallander: Mörkret) Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Stephan Apelgren og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.20 Arfurinn** (Arven) Dönsk verðlaunamynd frá 2003 e.
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Perfect Strangers**
**08.00 Seven Years in Tibet**
**10.15 Fever Pitch**
**12.00 Cloak and Dagger**
**14.00 Seven Years in Tibet**
**16.15 Fever Pitch**
**18.00 Cloak and Dagger** Ævintýramynd.
**20.00 Perfect Strangers** Rómantísk gamanmynd.
▶**22.00 xXx The Next Level** Hörkuspennandi mynd með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.
**00.00 The 40 Year Old Virgin**
**02.00 I'll Sleep When I'm Dead**
**04.00 xXx The Next Level**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**07.55 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (105:120)
**10.15 Homefront** (14:18) (e)
**11.00 Freddie** (7:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (4:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (27:120)
**13.55 Wings of Love** (28:120)
**14.45 Man's Work** (3:15)
**15.25 Bestu Strákarnir** (11:50) (e)
**15.55 W.I.T.C.H.**
**16.18 Batman**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Sylvester og Tweety**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (3:22)
**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóða upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint, með áhorfendum í sal. 2007.
**20.45 Stelpurnar**
▶**21.10 D.E.B.S.** Skemmtileg grínspennumynd um fjórar skólastelpur sem eru í sérstaklega leynilegum njósnaskóla.
**22.40 TimeCode** (Tímavíxl) Sérstaklega athyglisverð mynd með Sölmu Hayek og Saffron Burrows
**00.15 Ripley's Game**
**02.05 Dahmer**
**03.45 Freddie** (7:22)
**04.05 Stelpurnar**
**04.30 The Simpsons** (3:22)
**04.55 Fréttir og Ísland í dag**
**06.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SÝN besta sætið

**18.00 World's Strongest Man 2007**
**18.30 Inside the PGA**
**19.00 Gillette World Sport**
**19.30 NFL - Upphitun** (NFL Gameday) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**20.00 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.40 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.10 World Supercross GP** Útsending frá World Supercross GP sem haldið var á Chase Field í Phoenix.
**22.00 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.55 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23.45 NBA körfuboltinn** (Denver - Utah) Bein útsending frá leik Denver Nuggets og Utah Jazz í NBA körfuboltanum.

## SÝN2

**17.30 Middlesbrough - Liverpool** Útsending frá leik Arsenal og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 12. janúar.
**19.10 Chelsea - Tottenham** Útsending frá leik Middlesbrough og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 12. janúar.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights**
**23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar)

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 Friday Night Lights** (e)
**20.00 Bullrun -** NÝTT Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri.
▶**21.00 The Bachelor** (3:9) Þetta er tíunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er bandarískur hermaður. Hann heitir Andy Baldwin og er mikill sjarmör. Þær 12 stúlkur sem eftir eru eru sendar í æfingabúðir og sú sem stendur sig best fær rós. Andy fer síðan með fimm stúlkur í leðjubað þar sem ein heppin stúlka fær nudd en hinar fjórar fá að fara með honum á kappakstur. Piparsveinninn fer einnig með tvær stúlkur á stefnumót um borð í flugmóðurskipi en er aðeins með eina rós meðferðis. Eftir rósaafhendinguna eru standa níu stúlkur eftir.
**22.15 Law & Order** (11:24) Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Heimilislaus maður er keyrður niður og Briscoe og Green leita að bílstjóranum. Þeir komast fljótt að því að þetta var ekkert eðlilegt bílslys.
**23.05 The Boondocks** (3:15)
**23.35 Professional Poker Tour** (3:24)
**01.05 C.S.I. Miami** (e)
**01.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**02.35 The Dead Zone** (e)
**03.25 C.S.I. Miami** (e)
**04.10 C.S.I. Miami** (e)
**05.05 Vörutorg**
**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTSALA
ÚTSALA
bianca
Nýbýlavegi 12. Kópavogi • s. 554 3533 • Opið virka daga frá 10-18 - laugardaga kl. 11-16

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20

Logi í beinni

Logi Bergmanns verður á sínum stað á Stöð 2 í kvöld, að sjálfsögðu í beinni útsendingu. Aðalgestur hans að þessu sinni verður Hallgrímur Helgason fjöllistamaður. Þá kemur Bjarni Haukur Þórsson við en hann er þekktastur fyrir hlutverk sitt í einleiknum Hellisbúanum. Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona verður svo þriðji gestur þáttarins.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Bullrun - NÝTT**

**SkjárEinn kl. 20.00**

Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Það eru 12 lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Í húsinu heima
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.18** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (104:260)
**16.30 Hollyoaks** (105:260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 Hollywood Uncensored**
▶ **19.00 Hollyoaks** (104:260)
**19.30 Hollyoaks** (105:260)
**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank**
**21.15 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað. 2007.
**22.00 Numbers** (14:24) (Tölur) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.
**22.45 All About George** (1:6) (Allt um George) Vandað og skemmtilegt fjölskyldudrama eftir höfund Cold Feet og Life Begins. Þættirnir segir sögu fimm ættliða sömu fjölskyldunnar. Miðpunktur sögunnar er George, eiginmaður á fimmtugsaldri sem á í mesta basli með að undirbúa óvænta afmælisveislu fyrir eiginkonu sína, vegna allra hinna kostulegu vandamála sem börn hans og aðrir í fjölskyldunni eiga við að etja. Aðalhlutverk: Rik Mayall, Gemma Jones, Jack Shepherd, Julia Ford. 2006.
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen, Elly Ármanns, Kolfinna Baldvinsdóttir og Elísabet Jökulsdóttir taka púlsinn á því heitasta í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Randver**
**21.30 Hvað á að gera?** Sígild spurning á föstudagskvöldi, við leitum svara.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Rabatten **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Paycheck **22.25** Født den 4. Juli

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Urter **12.00** Snøbrett **13.10** V-cup skiskyting **14.30** Dinosapiens **15.00** Hannah Montana **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ida fra Kongleby **17.05** Charlie og Lola **17.15** Vennene på Solflekken **17.30** Store maskiner **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Melodi Grand Prix 2008: Folkefest i Kongsvinger **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen: Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Detektimen forts. **23.10** Sju historier om rock **0.00 30** Rock **0.20** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **12.25** David Blaine under vatten **13.10** Skidskytte **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Falkenbergsrevyn Uppkorkat **16.30** Plus **17.00** BoliBompa **17.10** Stora maskiner **17.15** Riddaren från Pelargonien **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.45** Meka med Knäck **17.55** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** P3 Guldgalan 2008 **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Inför Guldbaggegalan 2008 **22.30** Dubbat **23.00** Sliding Doors **00.35** Sändningar från SVT24




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Það er miklu erfiðara að leika góðu mennina. Það er svo auðvelt að rækta kvikindisskapinn í sér.“*

Leikarinn Steinn Ármann Magnússon í viðtali við Pressuna 1992.

„Þetta er bara alveg rétt, ég er enn á sama máli. Það er erfitt að vera góður, en auðvelt að vera vondur,“ segir Steinn nú.

# Kvennafans í nýjum sjónvarpsþætti

Þær Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen ýta nýjum sjónvarpsþætti úr vör í dag. Þátturinn ber nafnið Mér finnst, og verður sýndur á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Hann má teljast njóta sérstöðu í íslensku sjónvarpi, þar sem einungis konur munu koma fram í þáttunum. „Ég og Ásdís verðum akkerin í þessum þáttum, og svo verða alltaf tvær konur með okkur líka,“ útskýrir Kolfinna. „Þær koma úr hópi tíu, tólf flottustu kvenna landsins, og svo verðum við líka með einn gest í hverjum þætti,“ segir hún. Á meðal kvennanna sem viðra munu skoðanir sínar í þáttunum eru Björk Jakobsdóttir, Guðfríður Lilja, Ellý Ármanns, Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir, svo nokkrar séu nefndar.

Kolfinna segir þáttinn ekki heldur verða hefðbundinn viðtalsþátt. „Við höfum til dæmis heilan klukkutíma í höndunum, svo tíminn mun ekki renna frá okkur,“ segir hún. „Það verður heldur ekki staðnað viðtalsform á þessu. Þetta verða bara konur sem hafa skoðanir og þora að segja þær upphátt. Við ætlum að vera mjög opinskáar og hispurslausar í öllu sem við fjöllum um, og þetta verður vonandi líkara rifrildi en samræðum,“ segir Kolfinna og hlær við. Slíkir þættir hafa átt nokkrum vinsældum að fagna erlendis, og nefnir Kolfinna þáttinn The View sem dæmi, en þar fjalla til að mynda Whoopi Goldberg og Barbara Walters um ýmis málefni.

Hvað umfjöllunarefnin varðar segir Kolfinna þau ekki vera fyrirfram ákveðin. „Við getum talað um fjármálageirann eða hvað sem er. Þetta á að vera eins og við séum inni í eldhúsi eða í saumaklúbbi að hlæja saman og hafa gaman. Þá fara umræðurnar af stað og maður veit aldrei hvar þær enda,“ segir hún. **- sun**



**RIFRILDI Í SJÓNVARPI** Kolfinna Baldvinsdóttir segist vona að þátturinn Mér finnst verði líkari rifrildi en samræðum.

**KONUR Í ÖLLUM SÆTUM** Ásdís Olsen stýrir þættinum ásamt Kolfinnu, en viðmælendur þeirra og gestir verða allir konur.



**LÁRÉTT**
**2.** unaður **6.** hæð **8.** of lítið **9.** rúm ábreiða **11.** ónefndur **12.** raup **14.** nirfill **16.** sjó **17.** struns **18.** tunna **20.** bókstafur **21.** vera til.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds **3.** átt **4.** land í Evrópu **5.** utan **7.** sök **10.** knæpa **13.** dvelja **15.** skakki **16.** andi **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** yndi, **6.** ás, **8.** van, **9.** lak, **11.** nn, **12.** skrum, **14.** nánös, **16.** sæ, **17.** ark, **18.** áma, **20.** ká, **21.** lífa.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** nv, **4.** danmörk, **5.** inn, **7.** saknæmi, **10.** krá, **13.** una, **15.** skái, **16.** sál, **19.** af.



**HRÓSAÐ** Börkur Jónsson fær lofsamleg ummæli frá enskum gagnrýnendum fyrir sviðsmynd sína í Hamskiptunum.

## Hamskiptin lofuð í Guardian

Uppfærsla Vesturports á Hamskiptunum eftir Franz Kafka fær afbragðsgóða dóma í Guardian. Og segir leikhúsgagnrýnandinn Lyn Gardner að leikgerð þeirra Gísla Arnar og David Farr sé líkleg til að eiga eftir að hafa jafn mikil áhrif á komandi kynslóðir leikhúsfólks og leikgerð David Berkoff á sama verki hafði fyrir tæpum þrjátíu árum.

Gardner gefur sýningunni fjórar stjörnur af fimm og segir að stjarna sýningarinnar sé fyrst og fremst sviðsmynd Barkar Jónssonar. „Og þegar við hana bætist tónlist Warren Ellis og Nick Cave og góður leikhópur þá er sýningin vel þess virði að fara á.“

Fiona Mountford, gagnrýnandi Evening Standard, gefur sýningunni einnig fjórar stjörnur og tekur undir með starfssystur sinni á Guardian að sviðsmynd Barkar steli senunni. Mountford hrósar þó einnig hjónakornunum Birni Thors og Unni Ösp Stefánsdóttur fyrir frammistöðu sína. **- fgg**

DAVÍÐ ODDSSON: FÉKK ÓVÆNTA OG MAGNAÐA AFMÆLISGJÖF

# Sirrý gaf Davíð kristalskúlu

„Já, þessi kristalskúla er merkileg. Og hefur reynst mér vel síðastliðin 15 ár eða svo síðan Davíð var forsætisráðherra,“ segir Sirrý Sigfús spákona.

Sirrý hefur aldrei farið leynt með einlæga aðdáun sína á Davíð Oddssyni seðlabankastjóra. Hún hefur þó aldrei hitt Davíð í eigin persónu fyrr en í gær að hún gekk á hans fund þegar Davíð hélt upp á sextugsafmæli sitt með pompi og prakt í Ráðhúsi Reykjavíkur. Og færði honum einstaka spákristalskúlu að gjöf.

„Það var yndislegt. Alveg yndislegt að hitta hann loksins augliti til auglitis. Ég rétti honum kristalskúluna en kom því miður engum orðum að nema að óska honum til hamingju,“ segir Sirrí sem hafði handritað mikið bréf sem fylgdi hinni góðu gjöf. Hún hafði bundið við það vonir að það yrði lesið upp við þetta tækifæri en ekki reyndist unnt að koma því við. En mikill troðningur var í ráðhúsinu þegar stóra stundin rann upp. Sirrí gaf sér þó góðan tíma til að virða Davíð fyrir sér. Hún segir Davíð á góðum batavegi eftir veikindi en verði að láta fylgjast með sér.

„Hann hefur mjög fallega áru. Mikil birta og mikil orka. Áran var gul. Það er greinilega mikið að gera hjá honum. En hann bjargar því. Davíð var hugsi. Hann hugsar mikið. Að hann sé að stjórna bak við tjöldin? Nei. Alls ekki. Ef hann væri með puttana í því væri þjóðarskútan ekki eins og hún er. Hún er að sökkva og Davíð líklega eini maðurinn sem gæti bjargað því,“ segir Sirrí í stuttri skýrslu um afmælisbarnið.

Sirrý gaf kristalskúlunni nafnið Davíð Oddson á sínum tíma og ávarpar hana sem slíka þegar hún rýnir í kúluna og sér fyrir óorðna atburði. Spákristalskúlur eiga helst uppruna sinn í Kína að sögn Sirrýjar en sínar kristalskúlur hefur hún eignast á ferðum sínum um Tæland þangað sem hún sérpantar kúlurnar frá Kína. Erfitt er að komast yfir alvöru kristalskúlur. „Davíð Oddson“ eignaðist Sirrý um 1995 en þá kom til hennar kona og færði henni kúluna að gjöf. Þá hafði Sirrý leitað lengi að réttu kúlunni og fann hana í „Davíð“. Spákonan mikla ákvað að hvíla kúluna þegar Davíð hætti sem forsætisráðherra. „Ég veit ekki hvar ég á að byrja,“ segir Sirrý aðspurð hvort hún hafi séð einhverja merka atburði í „Davíð“. En af hverju þessi aðdáun á Davíð Oddssyni? Sirrý þykir þetta sérkennileg spurning. Og þó.

„Hann er kóngurinn. Allir þekkja mitt álit á honum. Hann er frábær. En það er með þetta blessaða fólk, almúgann, það er bert af hræðilegu vanþakklæti í garð Davíðs. En það er allt að fara til andskotans. Vantar kónginn til að grípa í taumana,“ segir Sirrý fullviss um að ástandið væri miklum mun betra ef Davíð kóngur ríkti hér enn. **jakob@frettabladid.is**



**RÝNT Í DAVÍÐ** Sirrý með kristalkúluna Davíð sem reynst hefur vel við að sjá fyrir óorðna atburði.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**DAVÍÐ FÆR DAVÍÐ** Mikil þröng var á þingi þegar stóra stundin rann upp, Sirrý hitti Davíð fyrsta sinni og afhenti honum kúluna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fundur þeirra **Garðars Thors Cortes** og **Einars Bárðarsonar** með fulltrúum Universal í Nashville í vikunni gekk að óskum þó ekki væru samningar undirritaðir. Enda verið að skoða fleiri möguleika því í gær flugu þeir félagar til New York þar sem fundað var með Sony BMG sem hefur óskað eftir samstarfi. Flest bendir því til þess að innan tíðar muni Garðar skrifa undir samning við útgáfurisa í Ameríku.



**Gísli Ásgeirsson** þýðandi lenti í undarlegu atviki á dögunum en hann hringdi í fyrirtæki ónefnt vegna erindis sem hann var að reka. Kynnti sig við símadömu og nefndi þann sem hann vildi tala við. Lét fylgja að erindið væri vegna þýðingar. Þá kom stutt þögn og svo hváði konan. Gísli endurtók og konan svaraði: „Meinarðu svona transleisjon?“ Þá þagnaði þýðandinn sjálfur skamma stund og svaraði svo: „Já.“



Hver silkihúfan upp af annarri var mætt í Háskólabíó á miðvikudagskvöldið þegar Brúðgumi **Baltasars Kormáks** var frumsýndur. Þarna mátti sjá fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu, fólk úr pólitíkinni, listamenn úr öllum geirum og einhver nóboddí í bland. Gríðargóður rómur var gerður að myndinni og sjálfur Balti var með stjörnur í augunum. Heyrðist hann muldra með sjálfum sér að þessi frumsýningarlífsreynsla jafnaðist fyllilega á við Mýrina og væri jafnvel betri. **- jbg/glh**



# Ósátt við verðandi tengdason sinn

Ólafía Hrönn Jónsdóttir fer á kostum í Brúðguma Baltasars Kormáks sem frumsýnd var á miðvikudaginn og fer í almenna sýningu í dag. Hún leikur kostulega móður brúðarinnar, hóteleigandann og frekjuskassið Sísí. Hún hefur ljúfmennið Lárus í vasanum, snilldarlega leikið af Jóhanni Sigurðarsyni. Lárus hefur sætt sig við hlutskipti sitt og er löngu hættur að dreyma um að verða óperusöngvari.

„Mér finnst Sísí alls ekkert skass,“ mótmælir Ólafía Hrönn. „Í myndinni hittum við bara á hana á erfiðum tíma og hún bregst svona við. Hún er ósátt við verðandi tengdasoninn, eins og gefur að skilja. Sjálf væri ég ekki ánægð með að dóttir mín giftist svona manni eins og Jóni. Hann er voða mikið bara til fyrir sjálfan sig. Varðandi samband hennar og Lárusar þá held ég nú að margar konur kannist við svona pirring út í karlinn sinn. Sísí þarf að bera alla ábyrgð á rekstri hótelsins svo áhyggjurnar hvíla á henni. Það er voða auðvelt að vera í gúddí fíling eins og Lárus ef maður ber enga ábyrgð.“

Ólafía segist ekki hafa notað ákveðnar fyrirmyndir í persónusköpun Sísíar. „Maður er bara vel undirbúinn, vaknar snemma og kemur sér í gírinn á meðan verið er að sminka mann. Svo er ekkert erfitt að slökkva á sér eftir daginn.“ Hún lætur vel af samstarfinu við Jóhann. „Það var mjög gaman og notalegt að vinna með Jóa. Við erum svolítið hjónaleg í myndinni.“

Ólafía sá Brúðgumann í fyrsta skipti á miðvikudaginn. „Mér finnst þetta satt að segja alveg ferlega fín mynd. Það kom svo sem ekkert á óvart því handritið er svo gott. Kannski er asnalegt að segja þetta verandi hluti af hópnum, en mér finnst allir leikararnir alveg rosalega góðir. Það er enginn sem maður hugsar um, æi, þessi hefði nú getað verið betri.“

Ólafía leikur þessa dagana í Ívanov og Skilaboðaskjóðunni og framundan er hlutverk í Sólarferð Guðmundar Steinssonar, sem Þjóðleikhúsið frumsýnir 15. febrúar. Fyrir framan tökuvélarnar verður hún svo næst í apríl þegar tökur á Dagvaktinni hefjast. Þar mun Ólafía leika frekar stórt hlutverk í þessu framhaldi Næturvaktarinnar, sem margir bíða með óþreyju. **- glh**



**FER Á KOSTUM Í BRÚÐGUMANUM** Ólafía Hrönn verður næst í Dagvaktinni.



**KEMUR EINHVER INN KIRKJUGÓLFIÐ?** Ólafía Hrönn og Herdís Þorvaldsdóttir, sem leikur móður brúðgumans, bíða spenntar.


WHITESNAKE
Í LAUGARDALSHÖLL 10. JÚNÍ
MIÐASALA HAFIN Á MIDI.IS & Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR & BT ÚTI Á LANDI!
TUBORG
midi.is
ÞAÐ ER 2BC SEM FÆRIR ÞÉR ROKKSUMARIÐ 2008!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**STJÖRNUBÓN**
Lyngási 12 Garðabæ S:5667722 WWW.ATbilar.is
Allt sem viðkemur þrifum á farartækjum og vögnum
Opnunartíminn er 7:30-19:00 mán-föst og 10-16 á laugardögum




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## Tölvan segir nei

Tækni sem fer úr böndunum er meginþema margra vísindaskáldsagna. Oft er boðskapurinn eingöngu áminning um að það séum við sem eigum að stjórna tækninni en ekki hún okkur. Ég hef aldrei nennt að lesa svona sögur og hundleiðast flestar kvikmyndir sem byggjast á þeim. Svo hef ég líka komist að þeirri ónotalegu staðreynd að raunveruleikinn getur verið mun svæsnari en nokkur vísindaskáldskapur.

**VINKONA** mín og sambýlismaður hennar eiga til dæmis í stríði við tölvu. Þá er ég ekki að tala um þetta venjulega tölvustríð sem við heyjum öll annað slagið, heldur alvöru stríð við óknyttna tölvu sem ætlar að taka af þeim þann sjálfsagða rétt allra foreldra að fá að ráða því hvað barnið þeirra heitir. Tölvan illræmda, sem er í eigu Hagstofu Íslands, bannar þeim að gefa barni sínu nafn sem er lengra en 32 stafabil.

**MISRÉTTI** tölvunnar er algjört því sá sem er Jónsson má heita miklu lengra nafni en stúlka sem er svo óheppin að vera Ingimundardóttir. Heiti hún tveimur nöfnum er líklegt að tölvan narti svolítið aftan af því síðara. Tölvubyltingin étur börnin sín. Fyrir vikið er nú fjöldi fólks í þjóðskrá sem hefur látið í minni pokann fyrir tækninni og heitir seinni nöfnum á borð við K og B.

**ÉG** hef fulla ástæðu til að vera dauðhrædd við þessa tölvu enda hefur hún ýmislegt fleira á samviskunni. Einu sinni gekk hún svo langt að taka fyrrverandi nágranna minn af lífi. Maðurinn skildi ekkert í því þegar honum hættu að berast ýmis opinber gögn svo hann heimsótti skrifstofu Hagstofunnar í leit að svörum. Þegar starfsstúlkan hafði slegið inn kennitölu nágrannans leit hún á hann án þess að blikna og sagði: „Tölvan segir mér að þú sért látinn."

**SÍÐAR** kom á daginn að röngum manni hafði verið eytt úr tölvukerfinu þegar alnafni hans lést. Til allrar hamingju var þetta leiðrétt. Vegir tölvunnar eru órannsakanlegir. Hún er fær um að drepa menn og vekja þá svo upp frá dauðum en samt virðist ómögulegt að kenna henni að skrá nöfn sem eru lengri en 32 stafabil.

**EFLAUST** er það bara tímaspursmál hvenær frægustu leikstjórarnir í Hollywood heyra af þessari kvikindislegu tölvu sem enginn virðist stjórna og búa til um hana stórmynd í anda The Matrix. Titill myndarinnar mætti sækja í frasann úr þáttaröðinni Little Britain: Computer says no! Meira að segja ég myndi mæta í bíó.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 18. janúar, 18. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.49 | 13.38 | 16.28 |
| Akureyri | 10.53 | 13.23 | 15.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Forum Residence - Marmaris**



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **65.972,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **78.275**

**Grand Azur - Marmaris**



Klassískt, virðulegt og vandað hótel í Marmaris. Stendur alveg við ströndina, í glæsilegum garði. Heilsulind er á hótelinu og tveir glæsilegir veitingastaðir. Falleg herbergi með loftkælingu.

Verðdæmi: **92.205,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna, 25. ágúst.

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast glæsilegri menningarsögu landsins. Marmaris er einn líflegasti strandbær Miðjarðarhafsins og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og jákvæðu viðmóti við gesti. Komdu til Tyrklands og sjáðu sumar og sól í nýju ljósi.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS